
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Menningarlegur rasismi á Íslandi

Misserisverkefni

Sumarönn 2015

Misserishópur U

Gauti Skúlason

Hallur Guðmundsson

Sigurður Kaiser

Tjörvi Schiöth



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

Staðfesting skólans

Nemendur Háskólans á Bifröst vinna umfangsmikið verkefni, misserisverkefni, oft í tengslum við aðila í atvinnulífinu, til að hagnýta þá þekkingu og þjálfun sem þeir hafa öðlast í námi sínu. Misserisverkefni er sjálfstætt hópverkefni og ákveður hver nemendahópur viðfangsefni sitt. Misserisverkefni er unnið samkvæmt ákveðnum leiðbeiningum og reglum og því er ætlað að standast kröfur skólans. Háskólinn á Bifröst þakkar öllum þeim sem greiða götu nemenda við undirbúning og vinnslu verkefna og vonar að hvert verkefni sé skerfur til úrbóta og framþróunar fyrir alla þá sem málið varðar hverju sinni. Kennarar Háskólans á Bifröst hafa fjallað um lokaverkefnið og metið það samkvæmt reglum hans.

Misserishópur U

Sumarönn 2015

Menningarlegur rasismi á Íslandi

Verkefninu var skilað 25. júní 2015



Einkunn

Stimpill skólans

Menningarlegur rasismi á Íslandi

Misserishópur U

Gauti Skúlason

Hallur Guðmundsson

Sigurður Kaiser

Tjörvi Schiöth

Misserisverkefni

Sumarönn 2015

ÁGRIP

Í þessari greinargerð er fjallað um menningarlegan rasisma á sviði stjórnmalanna á Íslandi. Hugtakið *menningarlegur rasismi* er tekið sérstaklega fyrir og skilgreint í samhengi við önnur hugtök stjórnmálafræðinnar, en þau eru t.d. útlendingahræðsla, íslamófóbía, þjóðernishyggja, útilokandi þjóðernishyggja, popúlismi og þjóðernispopúlismi. Menningarlegur rasismi er tiltölulega nýtt hugtak sem er yfirfært á íslenskan veruleika og skilgreint í fyrsta skipti með heilsteypum hætti á íslensku. Með orðræðugreiningu er tímabilið 1. janúar 2013 til 1. júní 2015 tekið til skoðunar og leitast við að meta hvort greina megi menningarlegan rasisma í stjórnmálum. Tímabilið var valið til þess að fanga stjórnmál líðandi stundar, sem og orðræðu í tengslum við tvennar almennar kosningar. Jafnframt er fjallað um stöðu og þróun íslenskrar þjóðernishyggju í sögulegu ljósi, sem og uppgang og birtingarmyndir þjóðernispopúlisma hérlandis. Rannsóknarviðmið eru sett fram til þess að greina menningarlegan rasisma með skipulögðum og fræðilegum hætti í orðræðunni. Af þeim dæmum sem skoðuð eru, er moskumálið svokallaða fyrirferðarmest. Fjallað er allitarlega um moskumálið auk annarra mála sem upp komu í samfélaginu á viðmiðunartímabilinu. Niðurstöður eru að menningarlegur rasismi sé ný tegund af rasisma, þar sem kynþáttum er einfaldlega skipt út fyrir menningu. Mismunur á sér stað m.a. á grundvelli trúarbragða og menningarlegs bakgrunns. Með breyttri heimsmynd á síðustu árum hefur menningarlegur rasismi hlotið brautargengi á Vesturlöndum. Beiting rannsóknarviðmiða á orðræðu stjórnmálamanna skilaði nokkrum dæmum um ummæli og tilvik, sem sýna fram á að menningarlegur rasismi hefur tekið sér bólfestu í stjórnmálum á Íslandi.

ABSTRACT

The topic of this research paper is *cultural racism* within the context of politics in Iceland. The concept is analyzed thoroughly and defined in perspective of other important concepts within political science, such as xenophobia, Islamophobia, nationalism, exclusionary nationalism, populism and “national populism” (*þjóðernispopúlismi*). Cultural racism is relatively new as a concept that has barely been defined in the Icelandic language. It has not, as of yet, been placed within the Icelandic context in the literature by respected scholars and political scientists.

One of the analytical tools used is discourse analysis; where the timeframe January 1st 2013 to June 1st 2015 is investigated especially to ascertain whether and how cultural racism is prevalent within Icelandic politics. The timeframe was chosen to capture the essence of current political discourse, as well as two of the most recent parliamentary (2013) and municipal (2014) elections. Nationalism is put within a historical perspective and connected to the supposed rise of national populism and cultural racism in Icelandic politics, as of late.

Utilizing the theoretical background of political-scientific theories, a set of criteria is formulated for the discourse analysis to confirm if the particular cases of inquiry can be definitely characterized as cultural racism. Of the recent cases subject to inquiry, the case associated with the building of a mosque in Reykjavik is the most prevalent, and is expounded in detail.


The main conclusion of this research is, firstly; cultural racism is a new form of racism that simply exchanges culture for race. Racial discrimination is based on different cultures and religion rather than race. Racism has adapted to different times, especially since biological racism has become an archaic notion, and thus cultural racism has taken its place and become quite widely accepted in developed Western countries.

Secondly; the results of the discourse analysis, where the formulated criteria was used as the basis for affirmation, show that cultural racism is real in Iceland and has been relatively prominent in political discourse recently. Quite a few examples are explicated and researched in detail in this paper.

YFIRLÝSING HÖFUNDA


Við undirritaðir höfum unnið þetta misserisverkefni saman og er framlag okkar jafnt. Verkefnið er að öllu leyti okkar eigið verk og skilmerkilega er vísað til heimilda þar sem vitnað er til verka annarra. Í því efni höfum við fylgt reglum skólans eftir bestu getu.

Bifröst, 25. júní 2015


Gauti Skúlason


Hallur Guðmundsson


Sigurður Kaiser


Tjörvi Schiöth

ÞAKKIR

Höfundar vilja koma á framfæri þökkum til þeirra sem aðstoðuðu við gerð verkefnisins. Fyrst og fremst viljum við þakka Dr. Magnúsi Árna Skjöld Magnússyni, leiðbeinanda okkar í þessu verkefni, fyrir góðar ráðleggingar og aðstoð við val og afmörkun á viðfangsefni. Við viljum einnig þakka Auði H. Ingólfssdóttur, Gunnari Sigvaldasyni, Jóni Frey Jóhannssyni og Dr. Sigrúnu Lilju Einarsdóttur sem og öðrum kennurum í HHS-náminu við Háskólann Bifröst, fyrir góð ráð við vinnslu verkefnisins og hvatningu í náminu almennt. Hannes Rúnar Hannesson hjá Fjölmíðlavaktinni fær þakkir fyrir veitta aðstoð. Jafnframt viljum við þakka starfsfólkinu á bókasafni Háskólans á Bifröst, sem og öðru starfsfólki við Háskólann á Bifröst. Fjölskyldur og vinir fá bestu þakkir.

EFNISYFIRLIT

ÁGRIP	iii
ABSTRACT	iv
YFIRLÝSING HÖFUNDA	v
ÞAKKIR	vi
1. INNGANGUR OG RANNSÓKNARSPURNING	1
2. AÐFERÐAÐFRÆÐI	3
2.1 Heimildavinna	3
2.2 Orðræðugreining	3
2.3 Öflun rannsóknargagna	4
2.4 Um rannsóknarviðmið	5
2.5 Helstu annmarkar verkefnisins	6
3. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR	7
3.1 Útlendingahræðsla	7
3.2 Íslamófóbía	7
3.3 Þjóðernishyggja	8
3.4 Popúlismi	9
3.5 Þjóðernispopúlismi	10
4. MENNINGARLEGUR RASISMI	12
4.1 Almennar skilgreiningar á rasisma	12
4.2 Hefðbundinn „líffræðilegur“ rasismi	13
4.3 Ný-rasismi: menning í stað kynþáttar	15
4.4 „Við“ og „hinir“	17
5. ÞRÓUN ÞJÓÐERNISHYGGJU Á ÍSLANDI	19
5.1 Sögulegur bakgrunnur	19
5.2 Goðsagnir um yfirburðaðþjóðfélag	21
6. RANNSÓKNARVIÐMIÐ FYRIR ORÐRÆÐUGREININGU	25
6.1 Skilyrðin fimm	26
6.2 <i>Mildur</i> og <i>sterkur</i> menningarlegur rasismi	27
7. ORÐRÆÐUGREINING – MENNINGARLEGUR RASISMI Á ÍSLANDI	28
7.1 Mossumálið	29
7.1.1 Aðdragandinn	29
7.1.2 Yfirlýsingar í aðdraganda moskumálsins	30
7.1.3 Stjórn málaástandið í aðdraganda moskumálsins	31
7.1.4 Vildi afturkalla lóð undir byggingu mosku	32
7.1.5 Takmörkuð viðbrögð forystufólks	35
7.1.6 Úthugsað útspil eða kunnáttuleysi?	37
7.2 Önnur mál	40
7.2.1 Byssumálið	40
7.2.2 Bakgrunnsskoðun á múslimum	42
7.2.3 Skipun í mannréttindaráð Reykjavíkur	46

7.3	Niðurstöður orðræðugreiningar	48
7.3.1	Dæmi I – Kristni og íslam	48
7.3.2	Dæmi II – Mossumálið	49
7.3.3	Dæmi III – Byssumálið	51
7.3.4	Dæmi IV – Bakgrunnskoðun á múslimum	52
7.3.5	Dæmi V – Skipun í mannréttindaráð Reykjavíkur	53
8.	ÞJÓÐERNISPOPÚLISMI Á ÍSLANDI	54
8.1.1	Þjóðernishreyfing Íslands	54
8.1.2	Þróun þjóðernispopúlisma á Íslandi	55
8.1.3	Jarðvegur fyrir popúlistahreyfingu?	56
8.1.4	Frá jaðrinum inn í meginstraum	59
8.1.5	Miðjupólítík eða nýr lágpunktur?	62
9.	NIÐURSTÖÐUR	64
10.	LOKAORÐ	68
11.	HEIMILDASKRÁ	69
12.	LISTI YFIR HELSTU HUGTÖK	81
13.	VIÐAUKAR	82
13.1	Öflun rannsóknargagna	82
13.2	Lagarammi og alþjóðasamningar	84
13.2.1	Hatursorðræða	84
13.2.2	Bann við hatursorðræðu og kynþáttamisrétti	85
13.3	Rannsóknir og viðhorfskannanir	86
13.3.1	Viðhorf til innflytjenda	86
13.3.2	Afstaða til trúarbygginga	88
13.3.3	Jarðvegur fyrir popúlískt framboð	89
13.3.4	Greining á hatursorðræðu	90
13.4	Átök menningarheima	92
13.4.1	Manngerðir menningarheimar	93
13.5	Söguskoðun, valdhafar og fræðasamfélag	96
13.6	Yfirlýsing frá þingflokki Framsóknarflokksins (2011)	98

1. INNGANGUR OG RANNSÓKNARSPURNING

Tilgangur og markmið þessarar greinargerðar er að skilgreina hvað *menningarlegur rasismi* (e. *cultural racism*) er og hvernig megi greina hann í orðræðu á sviði stjórn mála á Íslandi. Menningarlegur rasismi er hugtak sem hefur, eftir því sem næst verður komist, ekki áður verið skilgreint á íslenskri tungu. Rannsóknin er því frumrannsókn á þessu sviði. Viðfangsefnið er áhugavert fyrir margar sakir, en ekki síst í ljósi þess að það fangar atburði líðandi stundar og að lítið hefur verið skrifað hérlandis um helsta hugtak verkefnisins. Því má segja að rannsóknin sé ákveðin frumraun innan íslenska fræðasamfélagsins, geti jafnvel varpað nýju ljósi á viðfangsefnið og verið mikilvægt framlag til umræðunnar um stöðu stjórn mála á Íslandi. Leitast er við að ramma viðfangsefni rannsóknarinnar inn og byggja undir hana fræðigrunn með því að styðjast við viðurkennd hugtök og kenningar innan stjórnmálafræðinnar. Notast verður við orðræðugreiningu og sérstök rannsóknarviðmið sem sett eru saman úr fræðilegum bakgrunni greinargerðarinnar. Þannig verður leitast við að svara spurningunni um hvort greina megi menningarlegan rasisma og hverjar birtingarmyndir hans eru á sviði stjórn mála á Íslandi, innan þess viðmiðunartímabils sem skoðað er.

Rannsóknarspurningin sem liggur til grundvallar í verkefninu, og sem hér verður leitast við að svara, er svohljóðandi:

Hvað er menningarlegur rasismi og hvernig má greina hann í orðræðu á sviði íslenskra stjórnmála, í tengslum við múslima og íslam?

Rannsóknartímabilið sem miðast er við er 1. janúar 2013 til 1. júní 2015, en það er valið til þess að greina sem best stjórnmálaumræðu líðandi stundar og fanga orðræðuna í tengslum við tvennar almennar kosningar. Rannsóknarspurningin er í tveimur hlutum; Hvað er menningarlegur rasismi annars vegar, og hinsvegar, hvernig má greina menningarlegan rasisma í íslenskum stjórnmálum, einkum með tilliti til orðræðu um múslima og íslam á því tímabili sem til skoðunar er. Með tilliti til þeirra heimilda sem aflað hefur verið, og annarra rannsóknargagna, er tekist á við rannsóknarspurningu verkefnisins í greinargerðinni og henni svarað með skýrum hætti.

Greinargerð þessi er uppbyggð í samræmi við þau vinnubrögð sem tíðkast í misserisverkefnum við Háskólann á Bifröst og er verkefnið unnið að mestu leyti í samræmi við rannsóknaráætlun höfunda. Í 2. kafla greinargerðarinnar er farið yfir þá aðferðafræði sem stuðst er við í verkefninu. Í 3. kafla er fræðileg umgjörð verkefnisins sett fram, þar sem helstu

hugtök verkefnisins eru útskýrð og skilgreind, en þau leggja þekkingarfræðilegan grunn að meginhugtakinu *menningarlegur rasismi*. Í 4. kafla er fyrri hluta rannsóknarspurningarinnar svarað með því að skilgreina lykilhugtakið, sem jafnframt er rauður þráður í gegnum verkefnið allt og umfjöllun í öðrum köflum. Í 5. kafla er lagður grunnur að því að skilja sögulegan grundvöll fyrir menningarlegum rasisma í séríslensku samhengi, en þar er fjallað um þjóðernishyggju í sögulegu ljósi og mikilvægi hennar í stjórnámálum á Íslandi. Í 6. kafla eru rannsóknarviðmið, sem notuð eru við orðræðugreininguna, útskýrð með ítarlegum hætti. Í 7. kafla er orðræðugreiningin lögð fram. Kannað er hvort birtingarmyndir menningarlegs rasisma fyrirfinnist innan stjórnamála á Íslandi á viðmiðunartímabilinu, dæmi eru tekin um nokkur afgerandi mál sem upp komu og um þau fjallað sérstaklega. Í 8. kafla er samantekt á umræðu um stöðu og þróun þjóðernispopúlisma á Íslandi og birtingarmynda hans. Einkum er fjallað um hvernig notkun hugtaksins í fjölmiðlum hefur breyst á liðnum árum og innan rannsóknartímabilsins. Að lokum er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar í 9. kafla.

Í viðauka er birt ítarefni til fróðleiks, þar sem kafað er dýpra í rannsóknarefnið. Þar er m.a. fjallað um lagaramma og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og varða m.a. hatursorðæðu og kynþáttamisrétti. Jafnframt er birt samantekt á öðrum rannsóknum og viðhorfskönnunum um tengd málefni. Ennfremur er þar fjallað um greiningu á hatursorðræðu sem unnin var fyrir mannréttindaráð Reykjavíkurborgar sumarið 2014. Fjallað er um kenningu Samuel P. Huntington um átök menningarheima, en hún er áberandi í umræðunni í tengslum við menningarlegan rasisma og íslamófóbíu.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Í þessu rannsóknarverkefni er bæði stuðst við blandaðar rannsóknaraðferðir, heimildavinnu og eigindlega rannsóknaraðferð í formi orðræðugreiningar. Í kafla 2.2 er fjallað sérstaklega um orðræðugreiningu sem rannsóknaraðferð. Öflun eigindlegu gagnanna, einkum greinum og viðtölum sem birst hafa í fjölmiðlum á rannsóknartímabilinu, er lýst í kafla 2.3, en þar er einnig valið á tímabilinu, sem rannsóknin nær yfir, útskýrt og rökstutt. Í kafla 2.4 er fjallað um helstu annmarka verkefnisins.

2.1 Heimildavinna

Heimildavinna í greinargerðinni byggist á því að afla upplýsinga úr fræðibókum, ritrýndum greinum, ræðum alþingismanna, rannsóknum fræðimanna og fjölmiðlamanna, sem og úr öðrum rannsóknar- og upplýsingagögnum sem birst hafa á internetinu og í fjölmiðlum. Einnig er heimilda aflað úr viðhorfskönnunum, lögum og alþjóðlegum samningum. Rýnt er sérstaklega í erlend fræðirit (ritrýndar fræðigreinar og bækur) til þess að skilgreina mikilvæg hugtök rannsóknarinnar. Leitast er við að skoða heimildir ávallt með gagnrýnu hugarfari og meta gæði þeirra samkvæmt viðurkenndum aðferðum hins alþjóðlega háskólasamfélags.

2.2 Orðræðugreining

Þegar póststrúktúralískri orðræðugreiningu er beitt af félagsvísindamönnum beinist athyglin að heildrænni greiningu á orðræðu, þ.e. hvernig orðræða spilar saman við þær aðstæður og umhverfi sem hún kemur fram í (Kristín Björnsdóttir, 2013, bls. 270 og 272). Þetta gerir það að verkum að þekkingarfræðilegur grundvöllur í kringum orðræðugreiningu er frábrugðinn öðrum aðferðafræðum. Félagsmótun (e. *social constructivism*)¹ og afstæðishyggja gegna jafnan stóru hlutverki í orðræðugreiningu (Gill, 2000, bls. 173). Samkvæmt Schifffrin, Tannen & Hamilton (2001, bls. 372) er rasismi sérstaklega vel til þess fallinn að vera rannsakaður og greindur með orðræðugreiningu, vegna þess að hann verður fyrst og fremst til með orðræðu.

Heimspekingurinn Michel Foucault, bendir á það í bók sinni *Archaeology of knowledge and the discourse on language*, að orðræða sé ekki samansafn tákna og textabrota, heldur sé hún frekar iðn sem á kerfisbundinn hátt býr til þá hluti sem um er rætt (Foucault, 1972, bls. 49). Þess vegna má segja að ekki sé til ein „rétt“ útgáfa af orðræðugreiningu. Frekar er hægt

¹ Með félagsmótun er átt við að upplifun manna og lýsing þeirra á umheiminum, geti verið grundvölluð á mannasetningum og sé breytingum háð (Schwandt, 1994).

að segja að hinar og þessar leiðir séu færar þegar orðræðugreining er framkvæmd og meta verði aðstæður hverju sinni til þess að finna hentuga leið (Gill, 2000, bls. 172).

Vegna þessa þátta er mikilvægt að rannsóknarsvið verkefnisins sé vel afmarkað, og að skýr rannsóknarspurning og markmið liggi fyrir. Mikilvægt er að hugtök og kenningar liggi jafnframt ljós fyrir, ásamt því að lykilhugtök séu skilgreind með skýrum hætti. Ljóst þarf að vera innan hvaða fræðahefðar verkefnið sé unnið og að hverju rannsóknin beinist (Kristín Björnsdóttir, 2013, bls. 273). Rannsóknin sem birtist í þessari greinargerð er fyrst og fremst unnin innan fræðahefðar stjórnmálafræðinnar. Í greiningu á fræðilegum bakgrunni hugtaka og kenninga er fræðahefð stjórnmálaheimpekinnar einnig höfð til hliðsjónar.

Mikilvægt er að rannsakerndur séu ávallt meðvitaðir um þær aðstæður sem uppi eru þegar rannsóknargögn eru sett fram. Segja má að orðræðugreining byggist á því fræðilega sjónarhorni sem valið hefur verið hverju sinni (Kristín Björnsdóttir, 2013, bls. 275). Sökum þess hve opin og flókin orðræðugreining er sem rannsóknaraðferð og mörk hennar oft og tíðum óljós, er jafnframt mikilvægt, eins og áður hefur komið fram, að rannsóknargrundvöllur verkefnisins sé vel skilgreindur og afmarkaður – en slík vinnubrögð eru höfð til hliðsjónar við skrif greinargerðar þessarar.

2.3 Öflun rannsóknargagna

Öflun rannsóknargagna fyrir orðræðugreiningu² fer fram með leitarvél Fjölmiðlavaktarinnar, þar sem leitað er í 44 mismunandi innlendum fréttamiðlum.³ Miðlarnir skiptast í fimm mismunandi yfirflokka; sjónvarp, útvarp, blöð, sérblöð og netmiðla.

Líkt og áður kom fram er leitað eftir ummælum stjórnmálamanna og annarra sem starfa á sviði stjórnmálanna, á tímabilinu 1. janúar 2013 til 1. júní 2015. Þetta tímabil miðast við alþingiskosningarnar þann 27. apríl árið 2013 og sveitastjórnarkosningarnar þann 31. maí árið 2014. Ákveðið er að byrja rannsóknartímabilið í byrjun árs 2013 til þess að fanga bæði alþingiskosningarnar sama ár og undanfara þeirra, sem og sveitastjórnarkosningar 2014. Vegna þess að ákveðið er að miða tímabilið við árin 2013 til 2015, er fyrsti dagur ársins 2013, þ.e. 1. janúar, valinn sem upphafsdagsetning til þess að koma í veg fyrir að tímabilið sé valið af handahófi. Leitast er við að rannsóknartímabilið fangi liðandi stund og því miðast lok

² Gætt er sérstaklega að því að velja ekki rannsóknargögn eftir hentugleika, heldur eru sett viðmið um val gagna sem afmarka þau gögn – sem valin eru til greiningar – þannig að þau endurspegli betur markmið, viðfangsefni og tilgang verkefnisins.

³ Sjá í viðauka.

tímabilsins við þá dagsetningu þegar öflun rannsóknargagna hefst, þ.e. 1. júní. Dagsetningar eru valdar við upphaf mánaða til þess að auðvelda gagnaleit og flokkun leitarniðurstæða.

Notaðir eru 12 efnisflokkar og 13 leitarorð við öflun rannsóknargagna.⁴ Efnisflokkarnir og leitarorðin eru valin út frá viðfangsefni greinargerðarinnar. Þess má geta að leitað er að viðkomandi leitarorðum í öllum orðmyndum, í eintölu og fleirtölu.

Úr þeim 9.817 leitarniðurstöðum sem áður nefnd viðmið gefa, eru 734 leitarniðurstöður valdar út frá markmiðum, viðfangsefni og tilgangi verkefnisins. Þessar 734 leitarniðurstöður eru yfirfarnar og þær leitarniðurstöður sem fjölluðu um sama viðfangsefnið fjarlægðar. Eftir standa 297 leitarniðurstöður, greinar og fréttir, sem mynda grunn orðræðugreiningar. Þær eru lesnar og kóðaðar í eftirfarandi mál: *Moskumálið* og *Önnur mál*; *Byssumálið*, *Bakgrunnsskoðun á múslimum* og *Skipun í mannréttindaráð Reykjavíkur*. Við kóðun er reynt að flokka saman efni sem með einhverjum hætti heyrir undir sama viðfangsefnið. Tilgangur kóðunar er að gera þeim sem rannsakar auðveldara fyrir. Kóðun gagnanna er hentug aðferð til að gera rannsóknina hnitmiðaðri (Gill, 2000, bls. 179).

Þessum 297 leitarniðurstöðum er fækkað niður í 70 leitarniðurstöður, sem síðan eru notaðar sem heimildir við skrif greinargerðarinnar. Ástæða þess að ekki er notast við allar 297 leitarniðurstöðurnar er sú, að oft fjalla sömu einstaklingarnir, eða fleiri en einn einstaklingur, um sama viðfangsefnið og oft fjalla margir miðlar um sömu fréttina eða ummæli einstaklings. Málflutningurinn er í þeim tilfellum keimlíkur eða sambærilegur í hvert skipti og sömu rök líta dagsins ljós aftur og aftur. Slík endurtekin ummæli er ekki nauðsynlegt að taka inn í rannsóknargrunninn sökum þess að það bætir ekki rannsóknargildi verkefnisins. Þó er vert að taka fram að þrátt fyrir að ekki sé notast við öll rannsóknargögn, þá veita þessar 297 leitarniðurstöður samt sem áður mjög ítarlega yfirsýn yfir viðfangsefni verkefnisins.

2.4 Um rannsóknarviðmið

Hluti af aðferðafræði rannsóknarinnar er að útbúa rannsóknarviðmið úr fræðilega bakgrunni verkefnisins. Rannsóknarviðmiðin eru síðan notuð til þess að framkvæma orðræðugreiningu á rannsóknargögnum, fréttum og greinum sem aflað er í gegnum leitarvél Fjölmiðlavaktarinnar. Með orðræðugreiningu og rannsóknarviðmiðum eru dregnar ályktanir út frá því hvort greind orðræða falli undir menningarlegan rasisma eða ekki. Orðræðugreining er lögð fram í 7. kafla. Tekið skal fram að rannsóknarviðmiðin, eða skilyrðin fimm, sem sett eru fram í 6. kafla, eru ekki algild og fyrst og fremst hugsuð sem almenn viðmið í þessu rannsóknarverkefni. Í

⁴ Sjá í viðauka.

flestum tilvikum eiga þau við *ceteris paribus*, en ávallt þarf þó að skoða hvert tilvik fyrir sig og meta það út frá aðstæðum hverju sinni.

2.5 Helstu annmarkar verkefnisins

Í greinargerðinni er að hluta stuðst við fréttagreinar og -viðtöl vegna greiningu á orðræðu á sviði stjórn mála á Íslandi. Vert er að gera um það fyrirvara, að slíkar heimildir kunna að hafa takmarkaðan áreiðanleika, enda liggja frumgögn þeirra ekki fyrir í rannsókninni og eru því ekki aðgengileg rannsakendum. Slíkar heimildir hafa þó töluvert fræðilegt rannsóknargildi í verkefninu, þar sem verið er að rannsaka samtímaorðræðu á samfélagslegum vettvangi.

Einnig er vert að nefna, sérstaklega í ljósi þess að stuðst er við orðræðugreiningu, að bakgrunnur, menntun, félagsleg staða, kyn og fjölskylduhagir rannsakenda geta haft áhrif á niðurstöðu verkefnisins, en túlkun hlýtur ávallt að mótask af einhverju leyti af reynslu og félagslegri stöðu hverju sinni (Kristín Björnsdóttir, 2013, bls. 275).

Jafnframt ber að nefna, að kóðun, líkt og notast er við í greinargerðinni í 7. kafla, getur reynst erfið vegna þessa að skilningur á rannsóknargögnum getur stöðugt breyst og þar með sjónarmið um hvaða rannsóknarefni skal flokka saman (Gill, 2000, bls. 179). Slíkt getur haft áhrif á rannsóknina og niðurstöðu hennar.

Að lokum má nefna að ekki gilda sömu lögmál um áreiðanleika og réttmæti í verkefnum sem styðjast við eigindlegar rannsóknaraðferðir, í samanburði við verkefni sem styðjast við meginlegar rannsóknir:

Markmið þessara rannsókna [sem styðjast við eigindleg rannsóknargögn] er ekki [endilega] að lýsa heiminum eins og hann er, heldur frekar að setja fram tillögur um hvernig hægt sé að skilja hann. Réttmæti þeirra er því metið með hliðsjón af því hve sannfærandi og trúverðug frásögn rannsakenda er (Kristín Björnsdóttir, 2013, bls. 276).

3. FRÆÐILEGUR BAKGRUNNUR

Í þessum kafla eru helstu hugtök og kenningar, sem notast er við í rannsókninni, útskýrð og skilgreind. Hugtökin eru í fyrsta lagi lögð til grundvallar í 4. kafla til þess að skilgreina menningarlegan rasisma með fræðilegum hætti og svara fyrri hluta rannsóknarspurningarinnar um hvað menningarlegur rasismi sé. Hugtökin eru jafnframt lögð til grundvallar í 5. kafla þar sem þjóðernishyggja er skoðuð í sögulegu samhengi sem og í 8. kafla þar sem fjallað er um stöðu og þróun þjóðernispopúlisma á Íslandi. Í öðru lagi eru hugtökin notuð til þess að útbúa rannsóknarviðmið í 6. kafla, sem beitt er á orðræðugreiningu í 7. kafla.

3.1 Útlendingahræðsla

Xenophobia er mikilvægt enskt hugtak í þessari rannsókn, en það hefur verið þýtt á íslensku sem „útlendingafælni“ og „útlendingahatur“ (Utanríkisráðuneytið, e.d.). Hér er notast við orðið *útlendingahræðsla* yfir hugtakið, bæði vegna þess að endingin „-phobia“ gefur til kynna órökstudda hræðslu, en Hans-Georg Betz skilgreinir hugtakið sem „óvandláta hræðslu við allt það sem er erlent og framandi“ (Betz, 2008, bls. 107). Útlendingahræðsla er einnig skilgreind sem ótti eða andúð ákveðins hóps á fólki af öðrum hópi, á grunni þess að sá hópur þyki öðruvísi eða framandi. Fyrirbærið er sagt vera hafið yfir tíma og rúm, sögu og menningu, og að það hafi fylgt mannlegu samfélagi frá örófi alda (Berezin, 2006, bls. 273). Útlendingahræðsla er nátengd pólitískri andstöðu við innflytjendur (e. *anti-immigration*) sem einnig er sérstakt fyrirbæri. Þjóðernispopúlismi⁵ og menningarlegur rasismi⁶ einkennast oft af andstöðu við innflytjendur, þ.e.a.s. áherslu á að draga úr innflytjendastraumi, sem og að herða löggæslu við landamæri (Bjørklund, 2008, bls. 150-153; Goodwin, 2008, bls. 94). Útlendingahræðsla er þannig nátengd hefðbundnum rasisma, menningarlegum rasisma, íslamófóbíu⁷ og útilokandi þjóðernishyggju.⁸

3.2 Íslamófóbía

Fordómar í garð múslima, íslam og menningarheima Mið-Austurlanda, eru einnig sérstakt fyrirbæri sem tengist útlendingahræðslu, andstöðu við innflytjendur og menningarlegum rasisma nánum böndum. Á ensku er þetta hugtak kallað *Islamophobia*. Innan íslenska

⁵ Sjá kafla 3.4.

⁶ Sjá 4. kafla

⁷ Sjá kafla 3.2.

⁸ Sjá kafla 3.3.

fræðasamfélagsins er að myndast sú hefð að nota orðið *íslamófóbía* og hafa ýmsir fræðimenn notast við það nýlega í skrifum sínum (sjá t.d. Kristján Þór Sigurðsson, 2014, bls. 1 og 3). Notast verður við orðið *íslamófóbía* í þessari greinargerð.

Fordómar gagnvart múslimum og íslam, og andúð í garð menningarheima Mið-Austurlanda, eru ekki nýir af nálinni. Íslamófóbía náði þó ekki mikilli útbreiðslu á Vesturlöndum fyrr en nýverið, nánar tiltekið eftir lok Kalda stríðsins og sérstaklega í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin 11. september 2001. Stríð Bandaríkjanna og bandamanna þeirra á Vesturlöndum gegn hryðjuverkum (e. *War on Terror*), sem hófst í kjölfar árásanna, hefur ýtt verulega undir íslamófóbíu á síðustu árum. Kannanir sýna að íslamófóbískar hugmyndir hafa aukist mikið meðal almennings síðan árið 2001, og múslimar á Vesturlöndum upplifa meiri ógn en áður (Betz, 2008, bls. 116; Scott, 2007, bls. viii). Nú á dögum þykja fordómar gagnvart múslimum vera sjálfsagðari en þeir voru, og er andúð í þeirra garð gjarnan stefnumál þjóðernispopúlista og annarra sem stilla sér upp í andstöðu við innflytjendur. Í Evrópu hafa íslamófóbískir flokkar notið talsverðs fylgis, m.a. í Evrópuþingskosningunum árið 2014 (Eiríkur Bergmann, 2014a, bls. 12-13). Fræðimenn hafa skilgreint þetta fyrirbæri sem nokkurs konar nýja bylgju, eða hreyfingu, af fólki á Vesturlöndum sem hefur andúð á íslam (Betz, 2008, bls. 115-117; Mudde, 2007, bls. 78 og 84-86).

3.3 Þjóðernishyggja

Hugtakið þjóðernishyggja (e. *nationalism*) er grundvallaratriði í þessari umræðu. Þjóðernishyggja er víðfeðmt hugtak og eitt það umdeildasta innan stjórnmálafræðinnar. Þó má segja að þjóðernishyggja, eða „þjóðernisstefna“, sé stjórnmálastefna og hugmyndafræði – eða einfaldlega hugmynd – sem leggur höfuðáherslu á þjóðina sem slíka, sjálfsákvörðunarrett og fullveldi hennar, hagsmuni þjóðarinnar (e. *national interests*), og þjóðríkið (e. *nation-state*) sem heila og óskipta einingu (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007, bls. 20-21; Miller, 2006, bls. 529-531). Í þessu samhengi er þjóðernisstefna skilgreind sem nokkurs konar andstæða við alþjóðahyggju (e. *internationalism*). Á meðan þjóðernissinnar leggja einkum áherslu á hagsmuni tiltekinnar þjóðar, þá byggja alþjóðasinnar heimssýn sína á samkennd með öllu mannkyninu, en ekki aðeins tiltekinni þjóð sem slíkri. Þessi tvíþálakenning um alþjóðahyggju og þjóðernishyggju er sögulega áberandi í íslenskum stjórnmálum (Eiríkur Bergmann, 2014b, bls. 28).

Í samhengi við þjóðernispopúlisma,⁹ rasisma¹⁰ og andúð á útlendingum, þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeirri tegund af þjóðernishyggju sem er útilokandi (e. *exclusionary nationalism*), og aðgreina frá vægari forminu af þjóðernishyggju sem er stundum nefnt „ættjarðarást“ (e. *patriotism*) í almennu tali.

Þröng túlkun á þjóðernishyggju getur verið útilokandi; þegar þjóðin er skilgreind á þann hátt að hún geti ekki tekið við fólki frá öðrum löndum eða menningarheimum, vegna ólíkrar menningar eða kynþáttar (Betz, 2008, bls 107-108). Þegar útlendingahræðsla og andstaða við innflytjendur (e. *anti-immigration*)¹¹ gegnsýrir þjóðernishyggju, þá er um útilokandi afbrigðið að ræða. *Nativism* er hugtak sem er gjarnan notað í enskum fræðum (Mudde, 2007), og sem Hans-Georg Betz (2008, bls. 106-107) segir vera samheiti við útilokandi þjóðernishyggju. Það er ekki til nein viðurkennd íslensk þýðing fyrir þetta hugtak, en segja má að útilokandi þjóðernishyggja sé samheiti yfir hugtakið.

Þjóðernishyggja í sínu væga formi getur þannig verið samrýmanleg við fjölmenningsstefnu, en þegar andstaða við fjölmenningu er felld inn í þjóðernishyggju, svo sem rasismi og útlendingahræðsla almennt, er um útilokandi afbrigðið að ræða.

3.4 Popúlismi

Popúlismi (e. *populism*) er lykilhugtak í þessari greinargerð sem ber að skilgreina áður en vikið er að *þjóðernispopúlisma* og síðan *menningarlegum rasisma*. Hugtakið er stundum nefnt *lýðhyggja* á íslensku (Íslensk málstöð, e.d.), en notast verður við orðið *popúlismi* hér. Í grundvallaratriðum er popúlismi kominn úr latnesku orðinu *populus*, sem þýðir „lýður“, og gefur til kynna stjórnmalastefnu sem höfðar sérstaklega og á skipulagðan hátt til „lýðsins“, eða almennings, oftast í andstöðu við einhverja tiltekna elítu eða ríkjandi stjórnvöld (Albertazzi & McDonnell, 2008, bls. 3-4). Cas Mudde (2007, bls. 65-69) segir að um nokkurs konar ígrundaða tvískiptingu sé að ræða; almenningur annarsvegar og elítan hinsvegar, tveir pólar sem stillt er upp í andstöðu hvor gegn öðrum. Þetta er svokölluð „and-elítustefna“ (e. *anti-elitism*) og tengist stundum þeirri stefnu að stríða gegn ríkjandi stjórnarfyrríkomulagi (e. *anti-establishment*). Þannig kenna stjórnmalaskýrendur fjölmiðla oft popúlisma við *lýðskrum*, en það þykir vera niðrandi orð sem hefur þrengri merkingu. Lýðskrum á aðeins við um ákveðna aðferðafræði í stjórnmálum, á meðan popúlismi er víðara hugtak sem tengist

⁹ Sjá kafla 3.5.

¹⁰ Sjá 4. kafla.

¹¹ Sjá kafla 3.1.

ákveðinni hugmyndafræði og stjórnmálastefnum. Popúlismi er til á báðum vængjum stjórnmálanna og því má aðgreina hann í tvær tegundir; vinstripopúlisma annars vegar og hægripopúlisma hinsvegar. Á meðan vinstripopúlismi reynir að höfða til hópa sem hafa skerta stöðu í samfélaginu, t.d. til verkalyðsins eða öreiga (og einkennist oft af alþjóðahyggju og andstöðu við kapitalisma), þá höfðar hægripopúlismi sérstaklega til millistéttarinnar og helst í hendur við þjóðernishyggju. Það sem aðgreinir líka vinstri- og hægripopúlisma, er að þeir sem eru á vinstri vængnum eru gjarnan jafnréttissinnar og leggja áherslu á jafnrétti og femínisma. Hægripopúlistar gera það ekki, heldur leggja frekar áherslu á hefðbundin fjölskyldugildi og stigveldisskiptingu í samfélaginu, þar sem hinn „heiðarlegi vinnandi miðstéttarmaður“ er fyrirmyndin (Albertazzi & McDonnell, 2008, bls. 123; Goodwin, 2008, bls. 95-97). Hægripopúlismi er sá sem kemur til kastanna í greiningunni á menningarlegum rasisma hér á eftir. Hann er gjarnan kallaður *þjóðernispopúlismi* vegna sterkra tengsla hans við þjóðernishyggju og vegna þess að þjóðernishyggja er fyrirferðarmeiri á hægri væng stjórnmálanna. Í þessari greinargerð er notast við hugtakið *þjóðernispopúlisma* í stað hægripopúlisma (sjá t.d. Eiríkur Bergmann, 2014), eins og algengt er á Íslandi.¹²

3.5 Þjóðernispopúlismi

Vert er að taka fram þjóðernispopúlismi þarf ekki að fylgja samtímis öllum þeim viðmiðum sem hér eru sett fram. Nægjanlegt er að tiltekinn stjórnmálaflokkur beiti ákveðnum takmörkuðum þáttum af þessum viðmiðum í stefnumótun sinni til þess að geta verið talinn þjóðernispopúlískur (Eiríkur Bergmann, 2015, bls. 34-36; Griffin, 2008, bls. 52-53).

Helstu einkenni þjóðernispopúlisma eru sem sagt ofuráhersla á þjóðerniskennnd, andstaða við innflytjendur (e. *anti-immigration*) og fjölmenningarstefnu, fordómar í garð útlendinga (e. *xenophobia*), stundum hefðbundinn rasismi en oftast menningarlegur rasismi,¹³ og sérstaklega andúð á múslimum – eða íslamófóbía (Hainsworth, 2000, bls. 6). Þjóðernispopúlistaflokkar eiga oft samleið með öðrum hógværingum hægriflokkum; sumir þeirra aðhyllast nýfrjálshyggju og eru frjálsslyndir í efnahagsmálum, t.d. leggja þeir gjarnan ofuráherslu á að lækka skatta (Betz & Immerfall, 1998, bls. 4-5). Leiðtogadýrkun er einnig annað áberandi einkenni á þjóðernispopúlisma; slíkir flokkar hafa gjarnan sterkan formann sem þykir vera „vinur litla mannsins,“ tala vel til hins almenna borgara (e. *the common man*)

¹² Í erlendum fræðiheimum er gjarnan talað um *neo-populism*, en það er ákveðið samheiti yfir hægripopúlisma, með skírskotun til nýrrar bylgju af hægripopúlisma sem kom fram á 10. áratugnum (Griffin, 2008, bls. 52-53).

¹³ Sjá 4. kafla.

og hafa einstaklega góðan skilning á vandamálum almúgans. Hugmyndafræðin bendir á einfaldar lausnir sem ekki þurfa mikla ígrundun og forðast ekki innri mótsagnir, t.d. að vilja á sama tíma lækka skatta og auka ríkisútgjöld til að herða á innflytjendamálum (Eiríkur Bergmann, 2015, bls. 34-36).

Hér er fyrst og fremst stuðst við bandarískar og evrópskar fræðiheimildir til þess að skilgreina þjóðernispopúlisma. Þess vegna er hafður fyrirvari á því að þeir sameiginlegu þættir meðal þjóðernispopúlískra stjórnmálaflokka, eiga fyrst og fremst við um slíka flokka á meginlandi Evrópu, t.d. *Dansk folkeparti* í Danmörku, *Sanna Finna* í Finnlandi, *Front National* í Frakklandi, *Fremskrittspartiet* í Noregi og *Sverigedemokraterna* í Svíþjóð. Þá skal taka fram að þjóðernispopúlískir flokkar eru mismunandi eftir löndum, stefnumál þeirra eru ólík eftir aðstæðum og hverfast jafnvel um gagnstæða hagsmuni milli landa (Eiríkur Bergmann, 2015, bls. 35; Griffin, 2008, bls. 52-53). Þjóðernispopúlismi er tiltölulega nýtt fyrirbæri á Íslandi, og umdeilt er hvort það eigi við yfir höfuð. Gera má ráð fyrir því að þróunin sé talsvert styttra á veg komin hér á landi en í öðrum Evrópulöndum. Einkennin sem hér eru nefnd eiga ekki endilega öll við á Íslandi. Svo virðist sem að lítið sem ekkert hafi verið skrifað fræðilega um efnið á íslensku, þ.e. um þjóðernispopúlisma á sviði stjórnmála á Íslandi, fyrir utan nýlega birta grein Eiríks Bergmann (2015) í *Stjórnmál og Stjórnsýsla*.

Að lokum er vert að nefna nokkur hugtök sem eru nátengd umræðunni um þjóðernispopúlisma. Í bókmenntum stjórnmálafræðinnar (Davies & Jackson, 2008) er gjarnan talað um regnhlífarhugtakið „öfgahægri-“ (e. *Far Right*). Þetta breiða hugtak á við um þá pólitík og þá flokka sem eru yst á jaðri hægri vængjar stjórnmálanna, og eru þannig aðgreindir frá hefðbundnum hægri- (e. *right-wing*) og miðhægri- (e. *center-right*) flokkum, sem eru gjarnan hófsamari í sinni stefnumótun. Hér verður íslenska orðið „öfgahægri-“ notað fyrir þetta hugtak, og virkar það sem forskeyti en ekki sem nafnorð, sbr. „öfgahægristjórnmál“, „öfgahægristefna“ og „öfgahægriflokkar.“ Segja má að íslenska forskeytið „öfgahægri-“ sé víðara en ensku hugtökin og nái yfir allt sviðið sem hér hefur verið skilgreint.¹⁴

¹⁴ Hafa ber í huga að þó að hér sé talað um öfgahægristjórnmál, þá gefur það ekki endilega til kynna tengingu við róttækni (e. *radicalism*) eða einhvers konar ofstæki (e. *extremism*), en þetta tvennt eru sérstök fyrirbæri út af fyrir sig. Róttækni gefur gjarnan til kynna stuðning við stjórnarbyltingu (Goodwin, 2008, bls. 95) og ofstækiskennd höfnun á frjálslyndi og lýðræði ásamt stuðningi við ofbeldi (Betz & Immerfall, 1998, bls. 3; Griffin, 2008, bls. 40). Sumir fræðimenn nota þó hugtakið *Radical Right* á sama hátt og fyrir *Far Right* (Norris, 2005), en það endurspeglar þá staðreynd að þessi hugtök eru umdeild og ekkert samhljóða álit ríkir í fræðiheiminum um nákvæma skilgreiningu á þeim (Mudde, 2007, bls. 5).

4. MENNINGARLEGUR RASISMI

Lítið hefur verið gefið út um menningarlegan rasisma á íslensku, en í því takmarkaða efni sem þó hefur birst, er oftast notast við orðið *ný-rasisma*. Árið 2009 skrifaði Berglind Eygló Jónsdóttir BA-ritgerð innan stjórnmálafræði um ný-rasisma, nefnd *Ný-rasismi í reynd* (sjá Berglind Eygló Jónsdóttir, 2009). Leiðbeinandi að þeim skrifum var Jóhann M. Hauksson, en hann hefur jafnframt skrifað eina af fáu bókunum á íslensku um rasisma, nefnd *Kynþáttahyggja* (sjá Jóhann M. Hauksson, 1999). Árið eftir birti Berglind ritgerðina undir sama nafni í tímaritinu *Acta Critica* (Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010). Í greininni notast hún einnig við hugtakið *menningarlegur rasismi* (2010, bls. 16 og 20). Í íslenskum fréttagreinum birtist orðið *ný-rasismi* fyrst árið 2000 í grein í Morgunblaðinu eftir Guðrúnu Pétursdóttur (2000), og síðan árið 2012 í grein í Fréttablaðinu (Kristín Elfa Guðnadóttir, 2012). Í kjölfar moskumálsins svokallaða árin 2013 og 2014, og hinnar miklu umræðu sem skapaðist í fjölmiðlum um íslamófóbíu og þjóðernispopúlisma, hefur stuttleg greining á ný-rasisma komið fram í nokkrum íslenskum skýrslum og rannsóknum (Bjarney Friðriksdóttir, 2014; Kristján Þór Sigurðsson, 2014). Eftir því sem næst verður komist hefur hugtakið *menningarlegur rasismi* ekki verið notað fyrr en í grein Berglindar Jónsdóttur (2010, bls. 16 og 20).

4.1 Almennar skilgreiningar á rasisma

Hugtakið *rasismi* hefur einnig verið kallað *kynþáttahyggja* á íslensku, en hér verður notast við orðið *rasismi*. Það er regnhlífarhugtak yfir ýmsar tegundir af pólitískum hugmyndafræðum og fordómum sem ganga út á mismunun og skiptingu fólks í hópa, myndun og viðhaldi staðalímynda; m.a. eftir þjóðerni, kynþætti, menningu og/eða trúarbrögðum. Vegna þess að hugtakið er tiltölulega umdeilt, og á sér ólíkar birtingarmyndir á mismunandi stöðum á mismunandi tímum (Day & Thompson, 2004, bls. 129), eru skilgreiningar á því öðruvísi eftir orðabókum og fræðimönnum. Flestar skilgreiningar eiga það þó sameiginlegt að rasismi sé sú hugmynd að ákveðinn hópur af fólki sé í eðli sínu ólíkur öðrum. Þessi eðlislæga misskipting er síðan notuð til grundvallar við mismunun á þessum tiltekna hópi á ákveðnum sviðum, og til þess að draga upp staðalímyndir og alhæfa um eiginleika einstaklinga og samfélagshópa (Blum, 2002, bls. 8; James, 2012).

Það er eðlishyggjan (e. *essentialism*) sem er aðalatriðið hér, vegna þess að hugmyndin um eðlislægan mismun á milli manna hefur verið túlkuð á mismunandi hátt í gegnum tíðina,

og breytt um svip svo að segja. Michael James (2012) segir að áherslan á líffræðilega kynþætti í tengslum við rasisma sé ekki algild, enda hefur mismunun á grundvelli menningar átt sér stað langt áður en líffræði- og mannfræðilega hugmyndin um kynþætti kom fram á sjónarsviðið á nýöld. Hvorki Grikkir og Rómverjar í fornöld, né kristnir og múslimar á miðöldum, mismunuðu fólki á grundvelli kynþáttar, heldur frekar vegna menningar- eða trúarlegra einkenna. Hugmyndin um líffræðilega skiptingu mannkyns í kynþætti kom ekki fram á sjónarsviðið fyrr en síðar. Vegna þess að rasismi tengist nánum böndum við útlendingahræðslu, andstöðu við innflytjendur og útilokandi þjóðernishyggju á mismunandi stöðum og mismunandi tímum, á hann sér ólíkar birtingarmyndir (Betz, 2008, bls. 106-107; Kristján Þór Sigurðsson, 2014, bls. 4-5).

Algengt er að rasismi sé skilgreindur einungis sem sú hugmynd að mannkyninu sé skipt upp í kynþætti. Þetta þarf ekki að koma á óvart vegna þess að enska orðið *racism* er komið úr orðinu *race* sem þýðir kynþáttur (og íslenska orðið *kynþáttahyggja* er dregið af orðinu *kynþáttur*). Þessi hugmynd er einnig nefnd *racialism* á ensku, og samkvæmt ákveðnum orðabókum er það samheiti við rasisma (Merriam-Webster, 2015; Oxford English Dictionary Online, 2015). Ákveðnir fræðimenn grundvalla einnig skilgreiningu sína á rasisma alfarið á hugmyndinni um skiptingu mannkyns í líffræðilega kynþætti (sjá t.d. Shelby, 2012, bls. 338-339). Hinsvegar eru aðrir fræðimenn á því að það séu til tvær megingrindir rasisma (Betz, 2008; Evans, 2008; Goodwin, 2008; Michaels, 2008), og eitt markmiða þessa verkefnis er að gera greinarmun á þeim.

Hér á eftir eru skilgreindar tvær gerðir af rasisma, sem eru í grundvallaratriðum þær sömu með tilliti til eðlishyggju, en eiga sér aðgreindar birtingarmyndir. Sú fyrri er hinn hefðbundni „líffræðilegi“ rasismi, á meðan hin síðari er það sem greinargerð þessa verkefnis fæst við; menningarlegur rasismi.

4.2 Hefðbundinn „líffræðilegur“ rasismi

Hinn hefðbundni „líffræðilegi“ rasismi er þekktari tegundin af rasisma og grundvallast á kynþáttum. Hann hefur verið kallaður „hefðbundinn“ og „klassískur“ rasismi á íslensku (sjá t.d. Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010, bls. 13 og 15-16), en hér er stuðst við hugtakið „hefðbundinn rasismi.“ Hefðbundinn rasismi er svokallaður „líffræðilegur“ rasismi vegna þess að hann leggur áherslu á að mannkyninu sé skipt í kynþætti sem eru í eðli sínu líffræðilega ólíkir, og að ákveðið stigveldi (e. *hierarchy*) ráði því að einstakir kynþættir séu eðlislega æðri öðrum (e. *racial supremacy*). Þá er mismunandi hversu marga kynþætti

mannkyninu er skipt í, en algengast er að gera greinarmun á „hvíta manninum“ annars vegar og „svarta manninum“ hinsvegar (Day & Thompson, 2004, bls. 135-146; Shelby, 2012, bls. 337-338). Þá er einnig talað um fólk frá Asíu sem „gult“ o.s.frv.¹⁵ Meðal rasista sem trúa á kynþætti er ekkert samhljóða álit um hvernig á að skipta þeim eða hve margir þeir eru. Þetta er fyrsta sterka vísbendingin um hve fátækur hefðbundinn rasismi er hugmyndafræðilega, enda má segja að hann hafi endanlega verið afsannaður með genarannsóknnum á síðari hluta 20. aldar. Engar vísbendingar eru um að mannkynið sé annað en einn kynþáttur, og mismunur á fólki á grundvelli litarháttar og annarra svipgerva (e. *phenotype*) er svo fjölbreyttur að ótækt væri að skipta mannkyninu algjörlega í ákveðna kynþætti. Þá er einnig ómögulegt að segja hversu margir þeir yrðu, en sú skipting yrði alltaf á endanum að einhverju leyti háð geðþótta (Appiah, 1995; James, 2012; Smedley, 2002).

Í sögulegu samhengi er hefðbundinn rasismi sú tegund rasisma sem t.d. þýskir nasistar héldu uppi á árum áður. Sú hugmyndafræði náði mikilli útbreiðslu á fyrri hluta 20. aldar, sérstaklega á millistríðsárunum, og nýnasistar aðhyllast gjarnan nú á dögum. Rasistar á fyrri hluta 20. aldar lögðu grundvallaráherslu á að skilgreina kynþætti á líffræðilegan hátt, og studdust við gervivísindi (e. *pseudo-science*) og 19. aldar mannfræði – þar sem höfuðáhersla var lögð á að flokka mannkynið í kynþætti – til þess draga fólk og þjóðarhópa í dilka eftir ákveðnu stigveldi. Þetta var gert til að fullyrða að ákveðnir kynþættir væru líffræðilega æðri öðrum (Day & Thompson, 2004, bls. 135-146). Kenningin var kölluð „vísindalegur“ rasismi (e. *scientific racism*), vegna þess að þeir töldu hana vera byggða á vísindum. Þá varð sú kenning útbreidd að indó-evrópskt fólk teldist sem einn kynþáttur, kallaðir „aríar,“ og væri æðsti og „hreinasti“ kynþátturinn. Nasistar gripu þessa hugmynd á lofti og innleiddu hana í þjóðfélagsgerð Þriðja ríkisins. Þar var þessum kynþáttahugmyndum skeytt saman við þjóðernishugmyndir og oft urðu skilin á milli þjóðernis og kynþáttar óljós í slíkum málflutningi (Kershaw, 1998).

Áhrif hefðbundins rasisma fóru dvínandi á síðari hluta 20. aldar, sérstaklega vegna þeirra ódæðisverka sem nasistar frömdu í seinni heimsstyrjöldinni í nafni slíks rasisma, og þótt hann njóti ennþá fylgis nýnasista og annarra öfgahreyfinga, þá er það fámennur og áhrifalítill hópur manna á jaðri stjórnmálanna (Davies & Jackson, 2008). Hefðbundinn rasismi

¹⁵ Þess má geta að í *The Descent of Man* hæddist Charles Darwin að því hvernig samtímamenn hans fóru að því að skipta mannkyninu í kynþætti, með því að benda á að virtir heimspekingar og fræðimenn hafi í gegnum tíðina sagt kynþætti mannsins vera allt frá því að vera: „tvo (Virey), þrjá (Jacquinot), fjóra (Kant), fimm (Blumenbach), sex (Buffon), sjö (Hunter), átta (Agassiz), ellefu (Pickering), fimmtán (Bory St. Vincent), sextán (Desmoulins), tuttugu og tvo (Morton), sextíu (Crawfurd) og jafnvel sextíu og þrjá (Burke).“ (Darwin, 1981[1871], bls. 226).

er jafnframt sú tegund rasisma sem tengdist andsemitisma nánnum böndum á árum áður. Hann var ráðandi á 19. öld og fyrri hluta 20. aldar, á sama tíma og andsemitíska hreyfingin náði hvað mestri útbreiðslu. Nasistar ítrekuðu að gyðingar teldust vera kynþáttur, og það væri líffræðilegur munur á þeim og öðrum. Fáir myndu taka undir slíkt nú á dögum, þar sem gyðingar eru almennt skilgreindir sem trúar- og/eða menningarhópur (Beller, 2007).

4.3 Ný-rasismi: menning í stað kynþáttar

Verulega dró þannig úr áhrifum og fylgni við hefðbundinn rasisma á Vesturlöndum eftir seinni heimsstyrjöld, enda var hann byggður á úreltum hugmyndum og fræðum. Í ljós kom að gervivísindin sem hann byggði á voru ekki á rökum reist, og nútímavísindi og mannfræði afsönnuðu einfaldlega grundvallarstaðhæfingar hans. Nýtt afbrigði af rasisma hefur sprottið upp á síðustu áratugum sem hefur verið kallað *nýr rasismi*, eða *ný-rasismi* á íslensku (Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010; Bjarney Friðriksdóttir, 2014; Guðrún Pétursdóttir, 2000; Kristín Elfa Guðnadóttir, 2012; Kristján Þór Sigurðsson, 2012; Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, 2015).

Í staðinn fyrir að aðhyllast yfirburði eins kynþáttar yfir öðrum, þá er lögð rík áhersla á menningu og aðgreiningu hennar meðal þjóða og fólks af öðrum litarhætti. Hugmyndin um kynþætti skiptir ekki höfuðmáli lengur; gert er lítið úr líffræðilegum skilgreiningum á kynþáttum og meintri stigveldisskiptingu þeirra á milli. Það sem skiptir máli eru menningarleg einkenni og hvað aðgreinir þau hvert frá öðru. Hér verður notast við hugtakið *menningarlegur rasismi* yfir þetta fyrirbæri, hina síðari tegund af rasisma, vegna þess að hún er grundvölluð á menningu. Ný-rasismi var í upphafi beintengdur við hina „nýju frönsku hægristefnu“ (f. *Nouvelle Droite*), sem varð til á áttunda áratugnum (Griffin, 2008, bls. 50-53; Ignazi, 2006, bls. 22-23 og 29). Til þess að standast betur pólitíska rétthugsun og koma í veg fyrir „rasistastimpilinn“ og ásanir um hvers kyns ofstæki, tóku fylgismenn þeirrar stefnu meðvitaða ákvörðun um að hafna hefðbundnum rasisma og einblína frekar á undirförulli mismunun sem felst í að aðgreina samfélagshópa, þá sérstaklega innflytjendur, eftir menningu. Þessi stefna fór að verða samstillt við almenna fordóma gagnvart innflytjendum sem streymdu í meira mæli en áður til Evrópu, á síðari hluta 20. aldar. Úr þessu varð til lævísari tegund af rasisma sem birtist í leyndarhyggju. Þeir sem tjá þennan nýja menningarlega rasisma eru gjarnan afsakandi í framkomu sinni, segjast ekki vera rasistar og að þeir vilji einungis „ræða málin.“ En það að ræða málin í þessu samhengi er einmitt hvort rasískar hugmyndir standist skoðun. Þá er algengt að orðræðan snúist um meinta ógn sem

steðjar af fjölmenningu, auknum innflytjendastraumi, eða ákveðnum þjóðfélagshópum. Vegna þessarar „hættu“ sem þeir telja sig skynja, láta þeir sig slík málefni sérstaklega varða (Goodwin, 2008, bls. 97-101).¹⁶

Á Vesturlöndum hefur menningarlegur rasismi sem sagt hlotið ákveðna ómeðvitaða viðurkenningu og fengið byr undir báða vængi á liðnum árum. Hann er þannig beintengdur íslamófóbíu, andstöðu gegn innflytjendum og almennri andstöðu gegn fjölmenningu. Þeir sem aðhyllast menningarlegan rasisma fullyrða gjarnan að menningarheimar Vesturlanda og Mið-Austurlanda, og trúarbrögðin kristni og íslam, séu svo eðlislega ólík að það sé óhugsandi að fólk úr sitt hvorum hópnum geti búið saman í sátt og samlyndi. Hér er um nokkurs konar menningarlega aðskilnaðarstefnu að ræða, sem leitast við að aðskilja hópa af fólki alfarið frá hverju öðru á menningarlegum forsendum. Fullyrt er víða að átök á milli menningarheima séu ófumlýjanleg (Mudde, 2007, bls. 84-86), og vísað er í kenningu Samuel P. Huntington til stuðnings þeim málflutningi (Huntington, 1993 og 2003[1996]).¹⁷ Þá er ekki endilega gengið út frá því að ein menning sé æðri annarri, heldur aðhyllast menningarlegir rasistar gjarnan menningarlega afstæðishyggju. Sumir þeirra líta svo á að engin algild lögmál gildi um sitt hvora menningarheimana og þar með hafna þeir frjálslýndum hugmyndum um algild siðferðisviðmið og réttindi (e. *universalism*). Menning mismunandi þjóða/landa sé í eðli sínu ólík og að allt sem þeim tilheyrir sé ósamrýmanlegt. Aðrir halda því fram að íslam séu í eðli sínu illgjörn trúarbrögð sem beri að varast. Með því er verið að hefja eina gerð menningar, eða eina gerð trúarbragða, upp yfir aðra. „Yfirburðahyggjan“ (e. *supremacism*) og stigveldis-skiptingin úr hefðbundna rasismanum eru ennþá til staðar í þeim tilfellum (Betz, 2008, bls. 106-107; Carter, 2005).

Í þessu samhengi er hægt að benda á mikilvæga hliðstæðu með andsemítisma og íslamófóbíu (sjá t.d. Bunzl, 2005; Schiffer & Wagner, 2011). Bæði þessi fyrirbæri eru rötgróin í sitt hvorri tegundinni af rasisma, en bæði rasisma-afbrigðin byggja á grunnforsendunni um eðlishyggju. Andsemítismi og íslamófóbía eru þannig bæði rasísk fyrirbæri, aðeins með mismunandi áherslur sem skýrast af breyttum tímum. Eins og áður hefur komið fram, leið líffræðilegur rasismi svo að segja undir lok, og menningarlegur rasismi tók við. Íslamófóbía er nú nátengd við menningarlegan rasisma. Umræða um fjölmenningu, mismunandi menningu, trúarbrögð og þar fram eftir götunum, hefur orðið meira áberandi á

¹⁶ Slíkur málflutningur á sér keimlíkar hliðstæður hjá þeim sem tala gegn ákveðnum hópum á grundvelli kynhneigðar.

¹⁷ Sjá umfjöllun um átök menningarheima í viðauka.

eftirstriðssárunum, og einkennir frekar þann tíma heldur en gömlu hugmyndirnar um líffræðilegan rasisma. Fordómarnir ráðast af aðstæðunum á hverjum tíma fyrir sig, og hvað nærir hinn pólitíska tíðaranda hverju sinni. Hin sameiginlegu rasísku einkenni andsemítisma og íslamófóbíu eru þess vegna byggð á sömu grunnforsendunum, og fyrirbærin tvö eru einfaldlega birtingarmyndir þessara sömu einkenna á mismunandi tímum.

Talsmenn þeirra sem sem aðhyllast íslamófóbíu og eru andsnúnir fjölmenningu benda gjarnan á að afstaða þeirra sé ekki rasísk vegna þess að þeir segjast ekki leggja neina áherslu á kynþætti, eins og nafnið á hugtakinu gefur til kynna. Það séu frekar gagnrýnendur þeirra sem séu rasískir vegna þess að þeir eru að mála múslima og aðra trúarhópa upp sem kynþætti. Walter B. Michaels (1995, bls. 129) hefur aftur á móti bent á, að ekki sé hægt að segja að menningarlegur rasismi sé ekki rasismi, einfaldlega vegna þess að hugtakið eigi ekki við um kynþætti. Þvert á móti, menningarlegur rasismi er afbrigði rasisma sem skiptir einfaldlega kynþætti út fyrir menningu. Menning er orðin að hinum nýja kynþætti (Betz, 2008, bls. 107; Michaels, 1995).¹⁸ Þetta er grundvallarhugmyndin með menningarlegum rasisma. Kynþættir eru ekki lengur aðalatriðið, heldur menning. Birtingarmynd rasisma breytist eftir því sem vindur blæs.

Bæði afbrigði rasisma, hið nýja og hið eldra, eru nátengd útlendingahræðslu og þjóðernishyggju, þar sem þjóðin er annað hvort skilgreind út frá kynþætti (samkvæmt eldra afbrigðinu) eða menningu (samkvæmt nýja afbrigðinu). Þegar útlendingahræðsla og þjóðernishyggja spila saman myndast þessi rasíska hugmynd um eðlislæga skiptingu fólks í hópa eftir þjóðerni, kynþætti eða menningu.

4.4 „Við“ og „hinir“

Eitt af höfuðeinkennum menningarlegs rasisma og þjóðernispopúlisma er að draga upp tvískipta mynd af sinni þjóð eða sínum menningarheimi annars vegar, og útlendingum eða öllum utanaðkomandi hinsvegar; „við“ og „hinir.“ Þetta er svarthvít mynd sem aðgreinir einnig hið „góða“ frá hinu „illa“ (Mudde, 2007, bls. 63-64). Þessum málflutningi hefur verið beitt öldum saman af þeim sem haldnir eru útilokandi þjóðernishyggju og útlendingahræðslu. Hann byggir á þeirri sálfræði að fólk eigi auðveldara með að samsama sig sínu nærumhverfi og sameiginlegum menningarlegum bakgrunni (Davies & Jackson, 2008), og þegar þeirri tilfinningu er blandað saman við óttann af því sem framandi og utanaðkomandi er, á sér stað ferli sem kallast *othering*.

¹⁸ Betz segir upphaflega: „Racism reinvented itself, exchanging culture for race“ (Betz 2008, bls. 107).

Þetta birtist einkum í því að menningarlegir rasistar staðhæfa í sífellu að innflytjendur sem tilheyra ákveðnum framandi menningarhópi geti ekki, og vilji ekki, aðlagast ríkjandi samfélagi með sínum gildum, hefðum og trúarbrögðum. Nú á dögum er sérstaklega algengt að þessu sé haldið fram um múslima á Vesturlöndum. Berglind Eygló Jónsdóttir bendir á mótsögnina í þessari kröfu; á sama tíma og gert er tilkall til þess að „hinir“ aðlagist „okkur,“ þá er fullyrt að þeir geti það aldrei á endanum vegna eðlislægs menningarlegs mismunar (Berglind Eygló Jónsdóttir, 2010, bls. 15). Mörg dæmi er að finna um þetta hér á landi, og svo virðist sem þjóðernispopúlistar hafi gripið hugmyndina á lofti, líkt og fjallað er um í orðræðugreiningunni í 7. kafla, sem og í samantekt um þróun þjóðernispopúlisma í 8. kafla.

Í þessum kafla hefur lykilhugtak þessar rannsóknar, sem jafnframt er rauður þráður í gegnum verkefnið, verið skilgreint og rakið ítarlega. Það hefur ekki, eftir því sem næst verður komist, verið gert áður á íslensku. Í næsta kafla er fjallað um sögulega þróun þjóðernishyggju á Íslandi en hún er einn undirliggjandi þátta við mat á stöðu og þróun menningarlegs rasisma.

5. ÞRÓUN ÞJÓÐERNISHYGGJU Á ÍSLANDI

Í þessum kafla er fjallað lauslega um sögulegan bakgrunn stjórnmálamenningar á Íslandi. Þjóðernishyggja, goðsagnir og hugmyndir um þjóðina eru skoðaðar í sögulegu samhengi. Þessi grunnur er mikilvægur fyrir greiningu á samtímaorðræðu innan stjórnmálanna, þar sem segja má að þjóðernishyggja hafi verið afgerandi þráður í pólitískri umræðu á Íslandi um aldir. Sá þjóðararfur og menning sem Íslendingar deila, hefur þannig haft mótandi áhrif á stjórnmálastarf og opinbera umræðu um áratugaskeið. Þjóðernishyggja hefur skipt miklu máli í umræðu um helstu álitamál sem upp hafa komið, m.a. í átökum um utanríkismál og samskipti Íslands við umheiminn. Þessi sögulega þróun er þannig einn undirliggjandi þátta rannsókarinnar, þegar kemur að því að meta með hvort áhrifa mennningarlegs rasisma gæti á Íslandi. Umfjöllunin er jafnframt bakgrunnur umræðu um þróun þjóðernispopúlisma sem stjórnmálaaðferðar og fjallað er sérstaklega um í 8. kafla greinargerðarinnar.

5.1 Sögulegur bakgrunnur

Lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944. Markaði sá atburður endalok sjálfstæðisbaráttu sem staðið hafði í tæpa öld frá falli einveldis í Danmörku. Í bók sinni *Íslenska þjóðríkið: Uppruni og endalok*, fjallar Guðmundur Hálfðánarson, sagnfræðingur, um hátíðarræður stjórnmálaleiðtoga og segir að stefið hafi verið skýrt; á Þingvöllum, þennan rigningardag, hafi þjóðin leitað uppruna síns. Í ræðunum hafi sameiginlegt viðhorf til hins nýja íslenska þjóðríkis komið fram, þvert á stjórnmálaflokka; frelsi og fullveldi íslensku þjóðarinnar væri óumdeilanlegt og endanlegt markmið stjórnmálabaráttu á Íslandi. Þjóðríkið væri þannig íslenskt hugarfóstur, sprottið upp úr íslenskum jarðvegi og út frá íslenskum aðstæðum. Hugmyndin um að hið nýja Lýðveldi væri Þjóðveldið endurreist, hafði þó þann ágalla að lýðræðislegt samfélag 20. aldar átti fátt sameiginlegt með goðaveldi miðalda. Guðmundur telur þó að þessar pólitísku hugsjónir, sem eiga rætur í sjálfstæðisbaráttunni, hafi reynst Íslendingum vel lengst af á 20. öldinni, enda hafi stjórnvöldum tekist að tryggja stöðu þjóðríkisins í umróti Kalda stríðsins (Guðmundur Hálfðánarson, 2001, bls. 8).

Eiríkur Bergmann, stjórnmálafræðingur, telur sömuleiðis að íslensk stjórnmálahefð hafi mótast af sjálfstæðisbaráttunni. Sú orðræða sem þá varð til, lífi enn góðu lífi í íslenskri

stjórnmálaumræðu. Jafnframt segir Eiríkur að líta verði svo á að þjóðir séu sögulegur og menningarlegur tilbúningur manna, félagsmótaðar mannasetningar.¹⁹ Eiríkur segir:

Frjáls og fullvalda íslensk þjóð var hið endanlega markmið sjálfstæðisbaráttunnar og Íslendingar litu á fullveldið sem einhvers konar endurreisn þjóðveldisins. Þrátt fyrir að sjálfstæðisbarátta Íslendinga stæði í nánú samspili við álíka hugmyndafræðilegar hræringar í Evrópu þá virtust Íslendingar líta svo á að sjálfstæðisbaráttan væri séríslenskt fyrirbæri (Eiríkur Bergmann, 2008, bls. 90).

Ólafur Ragnar Grímsson, stjórnmálafræðingur, skiptir fyrri hluta sjálfstæðisbaráttunnar, fram að því að Ísland verður fullvalda ríki árið 1918, í sex skeið þjóðernishyggju; Upprisa 1830-1845; Stöðulögin 1845-1851; Barátta fyrir stjórnarskrá 1851-1874; Endurmat 1874-1883; Barátta fyrir heimastjórn 1883-1904; Fullveldisbarátta og efnahagsleg uppbygging 1904-1918. Ólafur Ragnar telur að þjóðernisbaráttu þess tíma hafi lokið í sama takti og uppbygging stéttskiptra stjórnmálaflokka og verkalýðshreyfinga. Hugmyndafræði sósíalisma, samvinnu-hreyfingar og klassískrar frjálslyndisstefnu í anda *laissez-faire*, hafi tekið yfir stjórnmála-umræðuna. Þessar stjórnmála- og samfélagshreyfingar hafi engu að síður verið byggðar upp á grundvelli þjóðernisstefnu. Stjórnmálamenning 20. aldarinnar hafi því verið að miklu leyti lituð af þjóðernishyggju, sem hafi átt rætur í sjálfstæðisbaráttunni. Þrátt fyrir að baráttan um stjórnarskrá hafi jafnframt verið til lykta leidd, hafi stjórnmálin ætíð grundvallast að mestu á séríslenskri þjóðernishyggju, þvert á flokka og hugmyndafræði (Ólafur Ragnar Grímsson, 1978, bls. 34).

Birgir Hermannsson, stjórnmálafræðingur, tekur undir með Ólafi í doktorsritgerð sinni *Understanding Nationalism: Studies in Icelandic Nationalism 1800-2000*, og segir að stjórnmálaumræða og helstu mál sem upp hafi komið, jafnvel eftir stofnun Lýðveldisins, taki mið af þessum bakgrunni. Þjóðernishyggja hafi skapað sameiginlegt viðmið í umræðu á vettvangi stjórnmálanna. Umræða og átök um utanríkismál hafi sérstaklega verið lituð af þessari staðreynd og oft og tíðum sameinað landsmenn gagnvart erlendum aðilum. Þó verði að hafa í huga að þjóðernishyggja hafi ekki aðeins verið sameinandi afl, heldur einnig stuðlað að sundrunu innanlands og á milli stjórnmálaflokka, sem og í opinberri umræðu. Þessa hafi einna helst gætt í umróti Kalda stríðsins og í kjölfar þess, sem og í umræðum og átökum um þátttöku í Evrópusamstarfi. Þjóðernishyggja hafi á liðnum áratugum þannig sannað sig sem öflugt vopn í pólitískri baráttu á Íslandi (Birgir Hermannsson, 2014, bls. 10-13).

¹⁹ Með félagsmótun er átt við að upplifun manna og lýsing þeirra á umheiminum, geti verið grundvölluð á mannasetningum og sé breytingum háð (Schwandt, 1994).

Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðingur, telur að þjóðernishyggja hafi hvoru tveggja verið afl samstöðu og sundrunar í íslenskri pólitík. Hann telur þjóðernishyggju vera eina áhrifamestu hugmyndafræði samtímans og hafi verið, ásamt trúarbrögðunum, ein helsta uppspretta pólitísku ofbeldis. Hugtakið þjóð sé þó ekki auðskilgreint fyrirbrigði, enda þjóðerni ekki líffræðilegur eiginleiki. Þjóðerni sé jafnframt hvorki bundið við sameiginlegt tungumál, trúarbrögð, né kynþátt eða litarhátt (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007, bls. 20).

Guðmundur Hálfðánarson, sagnfræðingur, hefur fjallað um skilgreiningu á hugtakinu þjóð og um íslenska þjóðernisstefnu. Að mati Guðmundar eru þjóðir sögulega ákvarðaðar frekar en eðlislægar, enda séu þær byggðar á sjálfráðum vilja manna. Þjóðir séu ekki eilífar, en geti þó viðhaldið sér með því að viðhalda þjóðarsögu. Þjóðarsagan þurfi þó ekki að byggjast á vísindalegri nákvæmni heldur aðeins á sameiginlegum skilningi á sögunni; goðsögn sem þjóðin hafi sameinast um að trúa á. Guðmundur segir að Íslendingar beri skýrari einkenni þjóðar en flestir aðrir hópar sem geri tilkall til að vera sérstök þjóð. Landfræðilega sé Ísland vel skilgreint, Íslendingar tali flestir sama tungumál og teljist flestir til sama „kynstofns.“ Kristin trú sé enn fremur útbreidd á Íslandi og þjóðin deili Íslendingasögunum sem og sögu sjálfstæðisbaráttu (Eiríkur Bergmann, 2008, bls. 91; Guðmundur Hálfðánarson, 2001, bls. 18).

Gunnar Helgi telur að stærsti áhrifavaldur við myndum íslenska þjóðríkisins hafi verið þjóðernishyggja og hún hafi gegnt mikilvægara pólitísku hlutverki hérlandis en víðast hvar í nágrannalöndunum. Ólíkt því sem hafi gerst í Evrópu í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar hafi íslensk þjóðernishyggja ekki verið tengd öfgahægristefnu.²⁰ Þjóðernishyggja hafi sögulega verið sameign flestra stjórnmálaflokkanna, allt frá Sjálfstæðisflokknum hægra megin til Sósíalistaflokksins vinstra megin. Gunnar Helgi segir: „Ýmsir halda því fram að einn af grunnþráðum allrar pólitískrar umræðu á Íslandi sé spunninn úr þjóðernishyggjunni“ (Gunnar Helgi Kristinsson, 2007, bls. 23).

5.2 Goðsagnir um yfirburðapjóðfélag

Í bókinni *Sjálfstæð þjóð: Trylltur skrill og landráðalýður*, fjallar Eiríkur Bergmann um goðsögnina sem íslenska þjóðernisstefnan hafi að mestu leyti byggst á. Jón Jónsson Aðils, fyrsti sagnfræðiprófessor við Háskóla Íslands, hafi verið einn áhrifamesti höfundur hinnar lífseigu goðsagnar um fjögur skeið í ævi þjóðarinnar; a) Gullöld yfirburðapjóðfélags, sem hafi verið blómatímabil sjálfstjórnar og þroska, frá árinu 930 til 1262, b) Hnignunarskeið, frá

²⁰ Sjá skilgreiningu á öfgahægristefnu í kafla 3.5.

samþykkt Gamla sáttmála árið 1262 til ársins 1530, þar sem þjóðin hafi tapað samstöðunni og siðspilling hafi grafið um sig og eitrað þjóðlífið, c) Niðurlægingartímabil, á árunum 1550 til 1750, þar sem konungsvaldið hafi upprætt síðustu leifarnar af sjálfstæði þjóðarinnar, og d) Endurreisnartími, þar sem loks hafi birt af degi og þjóðin rumskað, hún hafi rífið af sér ánaugarfjötra og efnahagsleg enduruppbygging hafist (Eiríkur Bergmann, 2011, bls. 35-37).

Segja má að þjóðernishyggja hafi bæði reynst Íslandi vel og illa og verið sameinandi afl þegar á reyndi en afl sundrungar og misklíða, oftast ekki í pólitískum tilgangi. Ísland hefði að öllum líkindum ekki orðið sjálfstætt ríki, ef ekki hefði verið fyrir sjálfstæðisbaráttu byggða á sterkri þjóðerniskennd og skýrri þjóðarímynd. Sambærileg hugmyndafræði og orðræða um sjálfsmynd þjóðarinnar var einnig áberandi í þeim umbreytingum sem urðu í aðdraganda efnahagshrunsins árið 2008. Segja má að ný goðsögn hafi þar með orðið til. Í ímyndarskýrslu Forsætisráðuneytisins snemma árs 2008 sagði: „Mikilvægt er að tryggja að Ísland verði áfram „best í heimi“ – land sem býður þjóð sinni mestu lífsgæði sem völ er á.“ Ekki þótti duga að þjóðin stæði jafnfætis öðrum þjóðum, heldur átti hún að standa framar öðrum. Stefnan var sett á að vera „samkeppnishæfasta þjóð í heimi.“ Í skýrslu Viðskiptaráðs árið 2006 sagði: „Viðskiptaráð leggur til að Ísland hætti að bera sig saman við Norðurlöndin enda stöndum við þeim framar á flestum sviðum“ (Forsætisráðuneytið, 2008, bls. 2; Viðskiptaráð, 2008, bls. 22). Hugmyndir um yfirburðasamfélag sem byggt væri af einstakri yfirburðsþjóð, gerðu þannig vart við sig á hátindi útrásarinnar og í aðdraganda hrunsins, ekki hvað síst í orðræðu um íslenska efnahagsundrið og meinta einstaka hæfileika íslenskra viðskiptajöfra. Ímyndinni um gullöldina, þjóðarsöguna, hefur þannig verið viðhaldið áratugum saman í opinberri umræðu, í kennslubókum og með ræðum á hátíðarstundum.²¹ Í ræðu á fundi Sagnfræðingafélagsins í janúar árið 2006, fjallaði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti, um útrásina og sagði:

Það er forvitnilegt umræðuefni hvernig menning og saga móta útrásina, hvernig eiginleikar sem eiga sér rætur í arfleifð okkar gefa Íslendingum hugsanlega forskot á alþjóðavelli, hvernig vitund og venjur sem um aldir mótuðu samfélagið hafa reynst útrásarsveitinni haldgott veganesti. Raunar má leika sér með þá hugsun að Landnámsöldin sé á vissan hátt upphafið að þessu öllu saman og Þjóðveldið hafi fært okkur fyrirmyndir sem efldu sóknaranda. Hinir fyrstu Íslendingar voru sannarlega útrásarfólk, jafnvel svo afgerandi að þau sem nú gera garðinn frægan blikna í samanburði. Landnámsmenn yfirgáfu ættaróðul í öðrum löndum og héldu hingað í óvissuna, gerðu úr óbyggðum dölum blómlegar sveitir, lögðu grundvöll að samfélagi laga og réttar sem þúsund árum síðar vekur enn aðdáun víða um heim og varð reyndar grundvöllur sjálfstæðisbaráttunnar á

²¹ Sjá ítarefni í viðauka um viðhorf innan fræðasamfélagsins til þeirrar söguskoðunar sem valdhafar halda úti, í kaflanum *Söguskoðun, valdhafar og fræðasamfélag*.

sínum tíma, að ógleymdum bókmenntunum sem lýsa ævi og örlögum þessa stórbotna fólks (Ólafur Ragnar Grímsson, 2006).

Í krafti valds og í skjóli auðs, með þjóðernishyggju og sameiginlega þjóðarsögu að vopni, tefldi samkrull viðskiptalífs og stjórnmalanna, samfélaginu í voða, á árunum fyrir hrun. Eftir ævintýrlegt ris og fall fjármálakerfisins, stóð þjóðin í raun frammi fyrir verulegum háska, sem ógnaði fullveldi hennar og efnahagslegu öryggi borgaranna (Sjá t.d. Eiríkur Bergmann, 2014b). Samspili viðskiptalífs og stjórnmála á Íslandi er lýst í bók Jóhanns Haukssonar, blaðamanns, *Þræðir valdsins: kunningjavelði, aðstöðubrask og hrun Íslands*, frá árinu 2011. Í lok bókarinnar segir Jóhann að fólk hafi tilhneigingu til að fórna frelsinu fyrir öryggið þegar á reyni. Sú staðreynd ýti undir lýðskrum og sé beinlínis hættulegt lýðræðinu. Almennungur sýni meiri hollustu við slíkar aðstæður; undirgefnin sé fylgífiskur öryggisleysisins. Jóhann segir:

...að sýktir og skaðlegir þættir íslenkrar siðmenningar séu lúmskir og ofnir saman við spilla meðferð valds. Almennungur snúi blinda auganu að klíkuskap og forhertri sérhagsmunagæslu. Þetta skaðlega athæfi er sjálfgefinn hluti af lífsmynstri heillar þjóðar og ekki ætíð meðvitað. Styrkur siðmenningar er einmitt fölginn í að gera slíka þætti nær ósýnilega: Almennungur verður eins og fiskur í sjó sem veit ekki að hann er blautur. Þeir sem öðlast hafi forréttindi af einhverjum toga láti þau aldrei af hendi átakalaust (Jóhann Hauksson, 2011, bls. 179-180).

Í þessum kafla hefur verið gerð grein fyrir sögulegri þróun þjóðernishyggju á Íslandi. Íslensk þjóðernishyggja á rætur að rekja til sjálfstæðisbaráttunnar og þeirrar þjóðernisstefnu sem margir stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn hafa tileinkað sér, meðvitað eða ómeðvitað. Í aðdraganda efnahagshrunsins litu hugmyndir um yfirburðarþjóðfélag í anda goðsagnarinnar um gullöldina aftur dagsins ljós í orðræðu stjórnmálamanna, líkt og þær gerðu í sjálfstæðisbaráttunni og við stofnun Lýðveldisins árið 1944. Mikil ábyrgð fylgir því jafnan að viðhalda meðvitað sameiginlegri þjóðarsögu og nýta þjóðernishyggju sem aðferð til að kynda undir pólarísingu innan samfélagsins og á milli þjóðar og alþjóðasamfélagsins.²² Ábyrgðin hvílir ekki hvað síst á þeim sem taka til máls á opinberum vettvangi, á sviði stjórnmálanna og í útbreiddum fjölmiðlum. Rannsóknir hafa sýnt að lýðskrum og popúlismi nærast í skugga efnahagslegra þrenginga og að viðhorf til innflytjenda hafa breyst eftir efnahagshrunið.²³ Líkt og fjallað er um í 3. kafla eru skýr söguleg, sem og þekkingarfræðileg tengsl á milli þjóðernishyggju, þjóðernispopúlisma og öfga sem geta ógnað lýðræði og stöðugleika í samfélaginu, fái

²² Sjá ítarefni í viðauka umfjöllun á viðhorfum innan fræðasamfélagsins til þeirrar söguskoðunar sem valdhafar halda úti, í kaflanum *Söguskoðun, valdhafar og fræðasamfélag*.

²³ Sjá samantekt á tengdum rannsóknum og viðhorfsskönnunum í viðauka.

þessar stefnur að þróast óáreittar og taka á sig öfgakenndar myndir.²⁴ Fram hefur komið að einn þáttur í uppgangi slíkra stjórnmálaaðferða og stjórnmálaafla, er útbreiðsla menningarlegs rasisma innan samfélags. Í 7. kafla verður nánar fjallað um birtingarmyndir menningarlegs rasisma á Íslandi og þar er orðræðugreining verkefnisins lögð fram með hliðsjón af rannsóknarviðmiðum og sögulegum grunni úr þessum kafla. Í 8. kafla verður samantekt um stöðu og þróun þjóðernispopúlisma á Íslandi og fjallað um birtingarmyndir hans á opinberum vettvangi. Í næsta kafla verða rannsóknarviðmiðin sett fram og skilgreind.

²⁴ Sjá niðurstöður rannsóknar Huldu Þórisdóttur um jarðveg fyrir popúlískar hreyfingar í viðauka.

6. RANNSÓKNARVIÐMIÐ FYRIR ORÐRÆÐUGREININGU

Í þessum kafla eru rannsóknarviðmið verkefnisins sett fram. Úr fræðilegu umfjölluninni um hugtakið *menningarlegur rasismi* í 4. kafla, eru hér smíðuð fimm skilyrði sem notuð eru til grundvallar í orðræðugreiningu verkefnisins. Þetta er tæki til þess að svara síðari hluta rannsóknarspurningarinnar um hvort greina megi menningarlegan rasisma í íslenskum stjórnámálum. Skilyrðin fimm eru þannig einskonar samruni úr fræðilega bakgrunni verkefnisins, og taka mið af helstu skilgreiningum og kenningum sem lögð hafa verið fram um menningarlegan rasisma, og vísað er til í 3. og 4. kafla.

Tekið skal fram að rannsóknarviðmiðin, eða skilyrðin fimm, sem hér eru sett fram, eru ekki algild og fyrst og fremst hugsuð sem almenn viðmið í þessu rannsóknarverkefni. Í flestum tilvikum eiga þau við *ceteris paribus*, en ávallt þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig og meta samkvæmt aðstæðum hverju sinni. Skilyrðin virka með þeim hætti, að ef ákveðin ummæli uppfylla eitt þeirra, geta slík ummæli tvímælalaust talist til menningarlegs rasisma.

Í fyrsta lagi er menningarlegur rasismi einfaldlega rasismi sem *skiptir kynþætti út fyrir menningu* (Betz, 2008, bls. 107; Carter, 2005; Day & Thompson, 2004, bls. 135-146). Ef ákveðnar skoðanir eru rasískar á „klassískan“ eða „hefðbundinn“ máta, en einblína á menningarlegan- og/eða trúarlegan mismun í staðinn fyrir skiptingu mannkyns í kynþætti með tilheyrandi stigveldisskiptingu – þá er slíkt skýrt dæmi um menningarlegan rasisma.

Í öðru lagi birtist menningarlegur rasismi fyrst og fremst í *andstöðu við fjölmenningu* (Carter, 2005; Mudde, 2007, bls. 63-64 og 69-73). Almenn og afgerandi andstaða við fjölmenningu, sem ber óhjákvæmilega vott af útlendingahræðslu – og íslamófóbíu í tilfelli Vesturlanda – er tvímælalaust menningarlegur rasismi.

Í þriðja lagi er menningarlegur rasismi einfaldlega *eðlishyggja á grundvelli menningar og/eða trúarbragða* (James, 2012). Ef gefið er í skyn að ákveðinn hópur af fólki sé eðlislega ólíkur öðrum, einvörðungu á grundvelli mismunandi menningar og trúarbragða, þá er um menningarlegan rasisma að ræða. Menningarleg eðlishyggja gefur það í skyn að ólík menning og trúarbrögð séu algjörlega ósamrýmanleg og geti aldrei átt samleið. Þetta eru hin svokölluðu „vilja ekki“ eða „geta ekki aðlagast“ rök. Þá er því jafnvel haldið fram að átök á milli þessara menningarheima séu óhjákvæmileg.²⁵ Alhæfingar og varðveiting staðalímynda

²⁵ Sjá í viðauka þar sem fjallað er um kenninguna um átök menningarheima og gagnrýni á hana.

um menningar- eða trúarhópa eru einnig skýr dæmi um menningarlegan rasisma, t.d. að halda því fram að allir múslimar séu mögulegir hryðjuverkamenn.

Í fjórða lagi er menningarlegur rasismi hvers konar *mismunun sem á sér stað á grundvelli menningar og/eða trúarbragða* (Mudde, 2007, bls. 63-64 og 78-88). Það að einstaklingur eða hópur af fólki sé áreittur fyrir að tilheyra ákveðnum menningarheimi, eða fyrir það að vera fylgjandi ákveðnum trúarbrögðum, er skýrt dæmi um menningarlegan rasisma. T.d. það að leyfa ákveðnum trúarhópum að byggja bænahús, en öðrum ekki *ceteris paribus*.

Í fimmta lagi birtist menningarlegur rasismi í ákveðinni *leyndarhyggju* og framkomu sem er afsakandi og tvíræð (Goodwin, 2008, bls. 97-101; Griffin, 2008, bls. 50-53). Menningarlegur rasismi er oft dulinn, en það er eitt helsta atriðið sem aðgreinir hann frá hinum hefðbundna rasisma (þar sem hinn síðarnefndi birtist gjarnan með opinskáum og afdráttarlausum hætti). Þegar duldir fordómar eru tjáðir á þann hátt að reynt sé að forðast „rasistastimpilinn,“ eða þvertekið sé fyrir það að vera rasisti á sama tíma og alhæfandi og fordómafullar skoðanir eru látnar í ljós um ákveðna þjóðfélagshópa, er slíkt vísbending um tjáningu á menningarlegum rasisma. Þetta atriði birtist skýrast, í fyrsta lagi þegar einstaklingur segist ekki vera rasisti áður en hann heldur fram fordómafullum skoðunum („ég er ekki rasisti, EN...“ rökin), og í öðru lagi þegar viðkomandi segist „bara vilja ræða málin“ en kemur með afdráttarlausar og alhæfandi yfirlýsingar („tökum umræðuna“ rökin).

Öll þessi viðmið eiga það sameiginlegt að geta dregið upp tvíþóla og svarthvíta mynd af „okkur“ og „hinum,“ – „góðu“ og „illu,“ – hugmynd sem rennir stoðum undir staðalímyndir og alhæfingar um það sem er framandi og utanaðkomandi. Tilfinningar um samsömun með sínu nærumhverfi, útlendingahræðsla og útilokandi þjóðernishyggja, spila saman til þess að mála upp þessa mynd (Mudde, 2007, bls. 63-64).

6.1 Skilyrðin fimm

Rannsóknarviðmiðin, eða skilyrðin fimm fyrir menningarlegum rasisma, eru í stuttu máli eftirfarandi:

- *Menning í stað kynþáttar*
- *Andstaða við fjölmenningu*
- *Menningarleg eðlishyggja*
- *Menningarleg mismunun*
- *Afsakandi leyndarhyggja*

6.2 *Mildur og sterkur menningarlegur rasismi*

Einnig er hér rannsakaður og gerður greinarmunur á tveimur stigum menningarlegs rasisma. Ákveðið er að gera greinarmun á *mildum* (e. *soft*) menningarlegum rasisma annars vegar og sterkum (e. *hard*) menningarlegum rasisma hinsvegar. Hvert skilyrðanna fimm getur verið birtingarmynd menningarlegs rasisma, og sá rasismi getur annað hvort verið *mildur* eða *sterkur*. Öll skilyrðin geta komið fram á sama tíma eða aðeins eitt í einu o.s.frv. Skilyrðin eru þannig lárétt greining, á meðan stigin tvö, *mildur* og *sterkur*, eru lóðrétt.

- *Sterkur menningarlegur rasismi er afdráttarlaus og byggður á stigveldisskiptingu, þ.e. yfirburðum ákveðins þjóðfélagshóps yfir öðrum.*
- *Mildur menningarlegur rasismi er duldari og gerir ekki upp á milli þjóðfélagshópa. Hann er nábundinn menningarlegri afstæðishyggju.*

Mildur menningarlegur rasismi heldur því fram að eðlislægur grundvallarmunur sé á milli ólíkra menningar- og trúarheima, og að þeir séu ósamrýmanlegir. Hann fullyrðir ekki á sama tíma að ákveðin menning eða trúarbrögð séu æðri öðrum, heldur er um einskonar menningarlega afstæðishyggju að ræða, þar sem menningarheimar þykja svo ólíkir að ekki er hægt að bera þá saman. Siðferðisviðmið eru breytileg eftir því hvaða menningarheimur á í hlut. Í þessu má gjarnan túlka ákveðna höfnun á alhliða siðferðisviðmiðun er varða frjálslyndisstefnu og algild einstaklingsréttindi.

Í *sterkum* menningarlegum rasisma er aftur á móti fólgin upphafning á ákveðnum menningar- og/eða trúarlegum einkennum yfir önnur. Slíkt er nátengt útilokandi þjóðernishyggju og er áberandi í málflutningi þjóðernispopúlista. Þar er „yfirburðahyggjan“ sem kennd er við hefðbundinn rasisma ennþá til staðar, á meðan hún er það ekki endilega í *mildum* menningarlegum rasisma. Algengt er að menningarlegir rasistar, og þeir sem hafa andúð á múslimum og íslam, haldi því fram að „kristin og vestræn gildi“ séu æðri og að íslam séu „illgjörn trúarbrögð“ í eðli sínu. Þetta eru skýr dæmi um *sterkan* menningarlegan rasisma.

Í þessum kafla hafa rannsóknarviðmið verkefnisins verið sett fram og þau útskýrð ítarlega. Í framhaldinu er ráðist í orðræðugreiningu í næsta kafla, þar sem rannsóknarviðmiðin eru notuð til þess að greina orðræðu og meta hvort um menningarlegan rasisma sé að ræða að ekki, í þeim málum sem tekin eru sem dæmi í þessari rannsókn.

7. ORÐRÆÐUGREINING – MENNINGARLEGUR RASISMI Á ÍSLANDI

Í þessum kafla er byggt áður nefndum rannsóknarviðmiðum til þess að svara seinni hluta rannsóknarspurningarinnar, þ.e. hvernig menningarlegur rasismi birtist í orðræðu á sviði stjórn mála á Íslandi, á tímabilinu 1. janúar 2013 til 1. júní 2015. Í kafla 7.1 er fjallað um moskumálið, aðdraganda þess og helstu sjónarmið sem sett voru fram opinberlega í tengslum við málið. Í kafla 7.2 eru önnur mál tekin fyrir, aðtburðarás þeirra rakin og ummæli birt, sem lýsa mismunandi sjónarmiðum. Í kafla 7.3, eru niðurstöður orðræðugreiningar kynntar.

Við vinnslu greiningarinnar kom í ljós að moskumálið var langfyrirferðamest á tímabilinu sem til skoðunar var. Af 297 leitarniðurstöðum sem lágu til grundvallar voru 139 sem fjölluðu einvörðungu um moskumálið. Alls nýttust 70 þeirra sem heimildir við lokaskrif greinargerðar. Segja má að umfjöllun fjölmiðla um moskumálið hafi átt sér stað í þremur bylgjum. Í fyrsta lagi þegar að lóðinni í Sogamýri var úthlutað fyrir byggingu mosku í júlí 2013. Í öðru lagi þegar hið svokallaða „svínshausamál“ kom upp í nóvember 2013, þegar blóðugum svínshausum var dreift á lóðina. Í þriðja lagi í maí 2014 þegar frambjóðendur Framsóknar og flugvallarvina í sveitarstjórnarkosningunum 2014, vildu afturkalla úthlutunina.

Eftir því sem orðræðugreiningin leiðir í ljós, komu fá mál upp á vettvangi stjórn mála, á árinu 2013 sem tengja má við menningarlegan rasisma. Á rannsóknartímabilinu 1. janúar 2013 fram í júlí – sem nær yfir alþingiskosningarnar 2013 sem og kosningabaráttuna – kom aðeins upp eitt afgerandi mál á sviði stjórn mála. Það var umræða um orðalag ályktunar landsfundar Sjálfstæðisflokksins í febrúar 2013, um trúmál og kristin gildi.

Fyrir landsfundinum lá að samþykka setninguna „Öll lagasetning skal ávallt taka mið af kristnum gildum og hefðum þegar það á við.“ Eftir snörp átök flokksmanna þar sem margir tjáðu sig um málið, þ.á.m. þingmenn flokksins, varð niðurstaðan sú að setningin var felld burt úr ályktuninni. Emil Örn Kristjánsson, formaður Félags Sjálfstæðismanna í Grafarvogi, notaði tækifærið og gagnrýndi „öfgamenn“ í borgarstjórn Reykjavíkur, fyrir að banna Nýja testamentið í skólum borgarinnar. Emil studdi tillöguna um að fella burt ákvæðið, en bentu á að það hafi aldrei hafi verið eins mikil nauðsyn og nú, að skerpa á því að kristin gildi og hefðir stjórnuðu lagasetningu á Íslandi. Hann segir: „Ekki viljum við að það fari að gilda sjaríalög hér um afmarkaða hópa, er það nokkuð?“ (Una Sighvatsdóttir, 2013).

7.1 Moskumálið

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga árið 2014 var fjallað talsvert í samfélaginu um væntanlega mosku sem Félag múslima á Íslandi hyggst reisa í Reykjavík. Þrátt fyrir að fyrirætlanir félagsins hafi lengi verið á almennu vitorði og í umræðunni, hafði það aldrei ratað með viðlíka hætti inn í fjölmiðla og þar með í orðræðu stjórnmalanna, líkt og viku fyrir kosningarnar vorið 2014. Ummælin snérust um að afturkalla bæri úthlutun lóðarinnar á meðan þjóðkirkja er starfandi á Íslandi og að borgarbúar ættu að fá að kjósa um það í almennri atkvæðagreiðslu hvort lóðaúthlutunin stæði. Ummælin vöktu gríðarleg viðbrögð.

7.1.1 Aðdragandinn

Þegar fréttir bárust í desember 2010 um að borgin hyggðist efna loforð sitt um að útvega lóð fyrir mosku, hafði Félag múslima á Íslandi beðið í ellefu ár eftir niðurstöðu. Menningarsetur múslima, sem er annað trúfélag múslima á Íslandi, hafði þá nýverið lagt inn aðra umsókn. Borgin hafði þó aðeins í hyggju að úthluta einni lóð. Félögin töldu ekki koma til greina að sameinast um byggingu mosku, en ágreiningur hafði verið á milli félaganna. Í bréfi frá Félagi múslima til skipulagsyfirvalda sagði: „Borgaryfirvöld hafa úthlutað kristnum söfnuðum lóðum til byggingar tilbeiðsluhúsa án þess að gera kröfu um að mismunandi kristin trúfélög sameinist um nýtingu slíkra lóða, og ljóst er að ekki verða með réttu gerðar aðrar kröfur til múslimskra trúfélaga heldur en kristinna.“ Þegar úthlutunin hafði verið samþykkt leitaði skipulagsráð að lóðum og helst komu til greina lóð Veðurstofunnar við Öskjuhlíð og gamla strætólóðin á Kirkjusandi. Á þessum tíma hafði Rússneska rétttrúnaðarkirkjan fengið lóð við Mýrargötu, búddistar fengið lóð fyrir hof við Rauðavatn og ásatrúarmenn lóð í Öskjuhlíðinni (RÚV, 2010; Vísir, 2010). Þetta aðgerðarleysi borgarinnar við lóðaúthlutun til múslima hafði verið gagnrýnt af ýmsum eftirlitsstofnunum, meðal annars tvisvar af *Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi*, fyrst 2007 og aftur 2012, sem og af utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna (e. *U.S. Department of State*), í gegnum sendiráð Bandaríkjanna á Íslandi árið 2007 (Kristján Þór Sigurðsson, 2014, bls. 1).

Í janúar 2013 birtist viðtal í Fréttablaðinu við Ibrahim Sverri Agnarsson, formann Félags múslima á Íslandi. Þar segir hann að *Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi* fylgist með málum múslima hérlandis. Hann talar um að ef múslimar fái ekki lóð undir tilbeiðsluhús í Reykjavík þá sé möguleiki á því að borgin verði áminnt fyrir að tefja

úthlutun lóðarinnar. Ibrahim Sverrir segir að liðin séu þrettán ár frá því fyrst var óskað eftir lóð undir moskuna. Þess er jafnframt getið að skipulagsráð hafi samþykkt að setja nýtt deiliskipulag fyrir Sogamýri í kynningu, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir mosku-byggingunni (Garðar Örn Úlfarsson, 2013).

Félag múslima á Íslandi fékk því úthlutað tiltekinni lóð í Sogamýri með samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs 4. júlí 2013, sem borgarráð staðfesti stuttu síðar og byggingarleyfi var veitt 20. september 2013. Í kjölfar samþykktarinnar gerði neikvæð umræða vart við sig, einkum á netmiðlum. Kristján Þór Sigurðsson, mannfræðingur, sem fjallar um málið í grein sinni *Moskumálið 2013: Ótti og andúð gegn byggingu mosku*, telur að undirliggjandi tortryggni, andúð og ótti í garð íslam og múslima hafi í kjölfar lóðaúthlutunarinnar „gosið upp á yfirborðið.“ Kristján Þór segir: „Heitar umræður áttu sér stað á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum og ekki minnst á hinum svokölluðu samfélagsmiðlum, einkum á Facebook.“ Kristján Þór segir að óttinn eða fælnin sem einkenndi moskumálið hafi borið allflest einkenni íslamófóbíu. Hann telur athyglisvert hve ofsafengin viðbrögðin hafi verið í ljósi þess hve fámennur hópur múslima sé hér á landi, eða um 1.500 manns. Einnig hafi verið athyglisvert að sá hræðsluáróður og hatursorðræða sem hafi átt sér stað, hafi að mestu byggt á innfluttri orðræðu þar sem gamalkunnar klisjur voru endurunnar aftur og aftur. Ferlið hafi jafnframt verið svipað og þegar moskur hafi risið í nágrannalöndunum (Kristján Þór Sigurðsson, 2014, bls. 1). Kristján Þór segir:

Fyrir borgarstjórnarkosningar vorið 2014 notuðu tveir frambjóðendur Framsóknarflokksins moskumálið sem kosningamál og reyndu að höfða til þeirra sem voru andsnúnir múslímum (og útlendingum almennt). Þessi taktík kom þeim inn í ráðhúsið en aðrir flokkar sögðust ekki ætla að vinna með þeim. Það má segja að flokkur þeirra hafi markað sér stöðu sem fyrsti íslamófóbíski flokkur Íslands (Kristján Þór Sigurðsson, 2014, bls. 7).

7.1.2 Yfirlýsingar í aðdraganda moskumálsins

Í júlí árið 2013 sagði Ólafur F. Magnússon, fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur, þann verknað varasaman að úthluta Félagi múslima á Íslandi lóð undir mosku í Sogamýri. Ólafur segir að erlend „útbreiðslusamtök múslíma (*sic*)“ gætu komið við sögu þegar fjármagna þurfti uppbyggingu moskunnar. Hann telur að slík samtök myndu vilja „auka áhrif íslamstrúar á Íslandi, sem og í öðrum löndum.“ Ólafur segir að þetta gæti orðið varasamt fyrir „þjóðmenningu okkar og öryggi.“ Ólafur telur að í staðinn ætti að reisa hof í Sogamýrinni þar sem fleiri ásatrúarmenn eru á Íslandi heldur en múslimar. Einnig segir Ólafur: „Ásatrúin nýtur

velvildar þorra landsmanna“ og að hún sé „hluti af okkar þjóðmenningu.“ Þess vegna ætti frekar að rækta ásatrúna „í góðri sátt við kristna þjóðmenningu okkar.“ Ólafur hvetur síðan „alla borgarbúa til þess að mótmæla áformum samfylkingarmeirihlutans í borgarstjórn og deilisskipulaginu sem þeir fylgja“ (Ólafur F. Magnússon, 2013a).

Ólafur segir múslima vera dreifa sér yfir heiminn, á Vesturlöndum, Norðurlöndum og nú á Íslandi. Hann segir að Íslendingar eigi að „halda þeim í skefjum.“ Hann segir íslam hlaðna kvenfyrirlitningu og að það sé „innbyggt í þeirra trú að konur séu kúgaðar.“ Jafnframt segir Ólafur að skoðanir sínar á íslam og múslimum eigi „ekkert skylt við rasisma.“ Ólafur segir ennfreður: „Þetta á skylt við það að verja konur fyrir ofbeldi og verja þjóðina og menningu hennar“ (Jóhannes Stefánsson, 2013).

Ólafur segir: „Múslímar er bæði kröfuharðir og fyrirferðarmiklir í íslensku samfélagi.“ Hann fullyrðir að reynsla bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum og hjá flestum vestrænum þjóðum, af innflutningi og áhrifum múslima, sé slæm. Hann segir múslima byrja að „taka völdin í sínar hendur áður en þeir eru komnir í meirihluta.“ Svo spyr Ólafur hvort það sé ekki ógeðfellt, aðeins 40 árum eftir að gosi lauk í Heimaey „að setja trúbræður þeirra sem frömdu fjöldamorð í eyinni árið 1627, í sérstakt öndvegi (*sic*)“ með því að moskan verði vörumerki og tákn Reykjavíkurborgar (Ólafur F. Magnússon, 2013b).

Ólafur vitnar í orð John Quincy Adams, forseta Bandaríkjanna á árunum 1825-1829, um að stríð hafi geislað milli kristni og íslam í um 1.200 ár og að það stríð geti ennþá farið á „báða vegu.“ Ólafur segir jafnframt að hafa eigi orð Adams í huga: „...þegar hér á landi ríkir skefjalaus undanlátssemi við múslima, sem eru þegar orðnir fram úr hófi plássfrekir í okkar samfélagi og munu gera afkomendum okkar óbærilegt hérlandis.“ Ólafur segir borgaraleg og kristin öfl ekki þora að rísa upp gegn áhrifum íslam hér á landi (Ólafur F. Magnússon, 2013c).

7.1.3 Stjórn málaástandið í aðdraganda moskumálsins

Á vordögum 2014 var staða Framsóknarflokksins í Reykjavík í skoðanakönnunum sú að allt stefndi í að hann næði ekki manni inn í borgarstjórn, annað kjörtímabilið í röð. Í borgarstjórnarkosningunum árið 2010, galt flokkurinn afhróð með 2,7% atkvæða og engan kjörinn fulltrúa. Töluverð átök höfðu staðið um framboðslista og oddvita flokksins um nokkurt skeið sem lauk með því að Óskar Bergsson, sem verið hafði oddviti framboðsins, hætti 24. mars, þegar aðeins tveir mánuðir voru til kosninga. Guðni Ágústsson, fyrrverandi formaður flokksins, steig óvænt inn á sviðið og tók að sér að setja saman listann, en um tíma virtist stefna í það að hann tæki sjálfur að sér að leiða listann. Guðrún Bryndís Karlsdóttir sem

var í öðru sætinu á eftir Óskari, greindi frá atburðarrásinni í greinum í Kvennablaðinu, sem virtust gefa innsýn í flokksstarf Framsóknarflokksins á bakvið tjöldin. Frásögn Guðrúnar Bryndísar virðist sýna að frambjóðendurnir sjálfir hafi ekki átt að vera í því hlutverki að móta stefnu, né taka þátt í að breyta henni. Aðrir hafi komið að því – reyndari flokksmenn sem voru í stjórn kjördæmasambandsins ásamt oddvitanum. Hún segir að hennar sjónarmið hafi ekki verið tekin til greina og að stefnumálin hafi verið leynileg. Hún hafi fengið „upplýsingar um stefnumálin með því að lesa aðsendar greinar eða hlusta á viðtöl í útvarpi líkt og aðrir landsmenn.“ Fljótlega hafi hún fengið skilaboð um að hún ætti ekki heima á listanum og eftir að oddvitinn hætti, ætlaði hún ekki að skorast undan ábyrgð, en á daginn kom að skipta átti öllum listanum út. Á þeim tíma voru helst nefndir til sögunnar Guðni Ágústsson og Magnús Scheving, sem oddvitar nýs lista (Guðrún Bryndís Karlsdóttir, 2014).²⁶

7.1.4 Vildi afturkalla lóð undir byggingu mosku

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, sem þá var formaður Landssambands framsóknarkvenna og varaþingmaður flokksins, var gerð að oddvita framboðsins með nokkurra daga fyrirvara. Hún hafði verið stödd erlendis þegar verið var að ákveða listann og sent sms-skilaboð til Guðna Ágústssonar, sem þá hafði verið fenginn til að stilla upp lista og lýst áhuga sínum á að leiða framboðið (Eyjan, 2014a; RÚV, 2014). Í grein sem birtist á Vísi þann 23. maí 2014, og segja má að hafi snúið aðdraganda kosninganna á hvolf, er greint frá stöðufærslu Sveinbjargar á Facebook, þar sem hún segist vilja að lóðin sem hafi verið úthlutað til byggingar mosku verði afturkölluð. Mjög margir hafi komið að máli við hana og spurt hver afstaða hennar væri til úthlutunar á lóð undir mosku í Reykjavík. Hún segir ennfremur: „Á meðan við erum með þjóðkirkju eigum við ekki að úthluta lóðum undir hús eins og moskur eða kirkjur fyrir grísku réttrúnaðarkirkjuna. Ég hef búið í um eitt ár í Sadí Arabíu og byggi þessa skoðun mína ekki á fordómum, heldur reynslu“ (Kjartan Atli Kjartansson, 2014a). Í viðtalinu við Vísi útskýrir hún skoðun sína frekar með vísunum til stöðu sambærilegra mála í öðrum löndum auk þess sem hún segist vera hlynnt trúfrelsi:

Ég trúi því að allir eigi að geta iðkað sína trú. En mér finnst ekki rétt að múslimar eða önnur trúfélög fái lóðir undir byggingu moskna eða sambærilegra húsa. Mér finnst samt bænahús vera annars eðlis og er ekki mótfallin þeim. Við erum búin að búa hér í sátt og samlyndi frá landnámi. Fyrst var það Ásatrú, síðan komu siðaskiptin – allir þekkja þessa sögu (Kjartan Atli Kjartansson, 2014a).

²⁶ Þessari heimild ber að taka með þeim fyrirvara að um frásögn og upplifun einstaklings á tilteknum atburðum er að ræða. Erfitt er að staðfesta slíka frásögn með óyggjandi hætti.

Sveinbjörg segist ekki byggja skoðun sína á fordómum, enda hafi hún mikla reynslu af því að búa í fjölmenningarsamfélögum, hún segir:

Ég er t.d. nýkomin úr stærstu mosku í heimi í Abú Dabí. Það er engin kirkja þar, eðli málsins samkvæmt. Ég virði siði annarra landa. Ég hyl mig alla eins og tíðkast í þeim löndum og finnst það bara sjálfsagt mál. Ég er örugglega eini frambjóðandinn í Reykjavík sem hefur búið annars staðar en á Íslandi. Ég bjó í Sádi Arabíu í um það bil ár. Ég hef ferðast mikið um arabalöndin. Eins og ég segi þetta eru ekki fordómar, heldur reynslan mín sem útskýrir þessa afstöðu (Kjartan Atli Kjartansson, 2014a).

Tvær andstæðar síður voru stofnaðar á Facebook í kringum tvo hópa sem voru á öndverðu meiði í málinu; *Mótmælum mosku á Íslandi* varð vettvangur þeirra sem voru á móti byggingu moskunnar, og *Við mótmælum EKKI mosku á Íslandi* var viðbragð þeirra sem vildu ekki andmæla áformunum. Forsvarsmenn fyrri hópsins lýstu yfir stuðningi við framboð Framsóknar og flugvallarvina í kjölfar ummæla oddvitans um að afturkalla ætti lóðaúthlutunina. Mikið líf færðist í umræður á síðunum í aðdraganda kosninganna um óhæfuverk sem framin eru í nafni íslam og hina meintu ógn sem stafi af múslimum. Forsvarsmenn síðunnar segja að góður árangur í kosningunum hafi verið þeim að þakka, þar sem þeir lýstu yfir eindregnum stuðningi við framboðið. Að loknum kosningum greindi Vísir jafnframt frá því að hópurinn hafi lýst stuðningi við framboð Framsóknarflokksins í næstu alþingiskosningum árið 2017. Í yfirlýsingunni segir:

Það var lítil von um að framboðið næði neinum inn á meðan málaflokkarnir voru aðeins hefðbundnir, að viðbættu flugvallarmálinu. Það gaf í skoðanakönnunum ekki mann í borgarstjórn. Þegar lóðarmálinu í moskumálinu var bætt við þá skipti það greinilega sköpum fyrir framboðið. Það eru mikil vatnaskil þegar öflugur stjórnmálamaður, sem Sveinbjörg Birna greinilega er auk þess að vera lífsreynnd húsmóðir og lögmaður brýtur glerhúsið utan um íslam og múslima og alla þöggunina og óttaveldið. [...] Nú verða þingkosningar eftir tvö ár á Íslandi og stuðningur okkar hjá ‚Mótmælum Mosku á Íslandi‘ getur valdið straumhvörfum aftur fyrir þann flokk sem ákveður að styðja okkar málefni og markmið. Áfram Sveinbjörg og Guðfinna við styðjum ykkur og munum fylgjast spennt með framvindu mála. Láttu rauðliðaliðið og múslímana ekki svekkja þig og haltu ótrauð áfram (*sic*)(Jakob Bjarnar Grétarsson, 2014b).

Guðrún Bryndís tjáði sig aftur í grein sem birtist í Kvennablaðinu 28. maí. Frásögn hennar er í anda þeirrar fyrri og virðist afhjúpanði um þau vinnubrögð sem voru viðhöfð í aðdraganda kosninganna og rata sjaldan í fjölmiðla. Í greininni fullyrðir Guðrún að umræðan um moskuna snúist ekki um skipulagsmál og að útspil framboðsins hafi verið úthugsað til þess að afla atkvæða, ala á ótta við hið óþekkta og halda hræðsluáróðri á lofti. Hún segir: „Það átti ekki að

koma mér á óvart að andstaða við byggingu mosku kæmi upp á yfirborðið, því sannarlega hafði ég heyrt þann málflutning innan Framsóknarflokksins. Ég hélt þó að umræðan um það mál og um múslima kæmist aldrei á það stig sem raunin er orðin, en auðvitað er best að svona afstaða komi upp á yfirborðið og að öllum sé þá ljóst hvert flokkurinn stefnir.“ Guðrún Bryndís segir að Benedikt Þór Gústafsson, sem var í stjórn kjördæmasambands Framsóknarflokksins, hafi kallað hana á sinn fund. Tilgangur hans verið að fræða hana um kristin gildi flokksins og að verkefni þeirra sem kæmust í borgarstjórn væri að koma í veg fyrir að moska risi í Reykjavík. Guðrún segir:

Ástæðurnar sem Benedikt tíundaði voru m.a. að Ísland væri eitt þeirra landa sem væri nokkurn veginn laust við íslam, stærð safnaðarins réttlæti ekki bygginguna og að áformin um byggingu hefðu þann tilgang einan að fjölga áhangendum íslam. Fleira fræddi Benedikt mig um, svo sem það að fjármögnun byggingarinnar kæmi frá olíugróða ríkra múslima sem hefðu byggt moskur í nágrannaríkjunum og að reynslan þar hefði skilað sér í mikilli fjölgun múslima sem væru nú að taka völdin. Félagslegu áhrifin væru hverfi múslima sem þægju styrki frá skattgreiðendum, þar sem lög landsins næðu ekki yfir slíkt. Brátt myndu ganga í gildi sharialög þar sem refsingin væri að hendur væru höggnað af fólki og það grýtt. Ennfremur fræddi Benedikt mig á því að íslam sæktist eftir ungum og ráðvilltum mönnum sem fengju síðan þjálfun og væru sendir til að taka þátt í hryðjuverkum víða um heim og jafnvel til þess að deyja í nafni trúarinnar og vísaði í unga Breta sem dóu í Sýrlandi (*sic*)(Guðrún Bryndís Karlsdóttir, 2014).²⁷

Benedikt Þór Gústafsson, svarar grein Guðrúnar Bryndísar með yfirlýsingu sem birtist á Vísi daginn eftir, þann 29. maí 2014. Hann segist harma skrif Guðrúnar og segir hana fara með rangt mál. Hann segist ekki styðja málflutning oddvita flokksins um að afturkalla eigi lóðina. Benedikt segist vera kristinn maður og að fordómar gegn öðrum trúarbrögðum eigi ekkert skylt við stefnu Framsóknarflokksins (Bjarki Ármannsson, 2014). Hann segir:

Blaðamaður Morgunblaðsins átti við mig samtal um daginn og spurði mig hvort fjallað hafi verið um málið í kosningastjórn eða hvort stæði til að fjalla um það. Ég kvað svo ekki vera, né hafi málið ekki verið sett á dagskrá sannleikanum samkvæmt. Eftir á að hyggja hefði ég átt að gera blaðamanninum skýra grein fyrir minni afstöðu og lýsa andúð minni á allri mismunun og fordómum í garð mismunandi trúfélaga. Ég sé mjög mikið eftir því nú að hafa ekki gert það en á þeim tíma taldi ég að mínar privat skoðanir ættu enga aðkomu að málinu (Bjarki Ármannsson, 2014).

²⁷ Þessari heimild ber að taka með þeim fyrirvara að um frásögn og upplifun einstaklings á tilteknum atburðum er að ræða. Erfitt er að staðfesta slíka frásögn með öyggiandi hætti.

7.1.5 Takmörkuð viðbrögð forystufólks

Þriðjudaginn 27. maí birtist viðtal við Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur á Vísí, þar sem hún bregst við því að forysta flokksins hafi ekki gefið út yfirlýsingar vegna málsins. Hún segist ekki hafa heyrt í formanni flokksins, en túlki þögn forystunnar þannig að hún eigi að fá „að sigla þessu skipi í höfn.“ Hún segir jafnframt að formaður flokksins hafi ekki rætt við sig og Vísir hefur eftir Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, formanni Framsóknarflokksins og forsætisráðherra, að hann hafi ekki sett sig inn í málið. Í frétt Vísis kemur fram að ummæli Sveinbjargar hafi verið mjög umdeild og hafi verið túlkuð af mörgum sem dekur við andúð á innflytjendum. Vitnað er í Ibrahim Sverri Agnarsson, sem hafi lýst yfir vonbrigðum með ummælin og beðið formlegra yfirlýsinga frá formanni Framsóknarflokksins eða þingflokki. Í viðtalinu er Sveinbjörg spurð hvort hún vilji láta afturkalla allar lóðir til annarra trúfélaga, en hún svarar því ekki beint heldur segist vilja „setja þetta allt í íbúakosningu.“ Hún segist jafnframt virða tjáningarfrelsi Gunnars Braga Sveinssonar, utanríkisráðherra, og Sigrúnar Magnúsdóttur, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, sem höfðu tjáð sig um málið nokkrum dögum áður og sagt að skoðanir Sveinbjargar endurspegluðu ekki stefnu flokksins. Sveinbjörg segir jafnframt að þau hljóti að sama skapi að virða tjáningarfrelsi hennar. Hún segir að Framsóknarflokkurinn „sé stór flokkur og innan hans rúmist mörg mismunandi sjónarmið.“ Ásatrúarfélagið fór fram á að Sveinbjörg skýrði afstöðu sína vegna lóðaúthlutunar til þeirra og hvort hún vildi einnig afturkalla hana. Sveinbjörg svaraði með yfirlýsingu:

Ég hef talað um að ég sé á móti ókeypis úthlutun lóða til trúfélaga og í því miði eigi jafnt yfir alla að ganga. Ég hef einnig talað um að ég telji að borgarbúar eigi í krafti lýðræðis að fá að eiga síðasta orðið í borgaralegri leynilegri atkvæðagreiðslu, hvort að slíkar úthlutanir eigi yfirhöfuð að eiga sér stað. Þá tel ég eðlilegt að Alþingi taki það upp að endurskoða lög nr. 35/1970 um Kristnisjóð þar sem segir í 5. gr. „Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi“ (Kjartan Atli Kjartansson, 2014b).

Miðvikudaginn 28. maí birti stjórn Ungra framsóknarmanna (SUF) ályktun á heimasíðu sinni, sem og á Facebook-síðu hreyfingarinnar, þar sem lýst var yfir „fullkomnu vantrausti á oddvita lista Framsóknar og flugvallarvina, Sveinbjörgu Birnu Sveinbjarnardóttur vegna framgöngu hennar í málefnum sem varða lóðaúthlutandir fyrir trúfélög, sem gengur í berhöggið við grunnstefnu framsóknarflokksins um virðingu fyrir einstaklingnum og að ekki skuli mismunað eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum.“ Vísað er í 65. gr. stjórnskrárinnar þar sem tekið er fram að allir skuli

jafnir fyrir lögum. Stuttu eftir að yfirlýsingin var birt, var hún fjarlægð án þess að skýringar hafi verið gefnar. Tekið er fram að blaðamenn hafi ekki náð tali af stjórn SUF svo útskýra mætti hvers vegna yfirlýsingin hafi verið fjarlægð (Hrund Þórsdóttir, 2014).

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tjáði sig stuttlega um moskumálið út frá stefnu Framsóknarflokksins með yfirlýsingu í hádegisfréttum Útvarpsins fimmtudaginn 29. maí, tveimur dögum fyrir kosningar. Í yfirlýsingu kemur fram að flokkurinn vilji „leyfa umræðu“ en eðlileg niðurstaða sé þá alltaf sú að allir séu fæddir jafnrétt háir enda endurspeglar það í stefnu flokksins. Það sé sama til hvaða hóps sé litið. Fullyrt er að mikil ólga ríki innan flokksins vegna málsins og höfðu fréttamenn ekki náð sambandi við Sveinbjörgu Birnu í nokkra daga, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Hvorki Sigurður Ingi Jóhannsson, varaformaður Framsóknarflokksins, né Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra, höfðu viljað tjá sig um ummæli Sveinbjargar. Áður höfðu Gunnar Bragi Sveinsson og Sigrún Magnúsdóttir sagt að skoðanir Sveinbjargar gengju gegn stefnu flokksins um jafnrétti og mannréttindi (Sunna Valgerðardóttir, 2014). Í fréttinni segir:

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík hefur verið að mælast með rúmlega 3% fylgi í skoðanakönnunum undanfarin misseri og hefur ekki haft mann inni í borgarstjórn síðan árið 2006. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir var skipaður oddviti Framsóknarflokksins og flugvallarvina í lok apríl, en kjörstjórn Framsóknarflokksins hafði átt í töluverðum erfiðleikum með að raða saman lista. Í kjölfarið mældist flokkurinn með rúm 5% í skoðanakönnunum, en það þarf á bilinu 6-7% til að ná manni inn. 23. maí birtist grein á Vísir þar sem Sveinbjörg lýsir því yfir að hún vildi afturkalla lóðarúthlutun undir mosku í Sogamýri til Félags múslima á Íslandi. Ljóst er að þessi ummæli öfluðu Framsóknarflokknum töluverðu fylgi, en samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum kemst Sveinbjörg inn í borgarstjórn. Flokkurinn mælist með 6,8% í könnun MMR sem birt var í gær. Hann mælist með 9,2% í könnun Fréttablaðsins og 5,5% í könnun Morgunblaðsins sem báðar birtust í morgun. Á samfélagsmiðlum sést að fjöldi fólks sem er andsnúið íslam hefur lýst yfir stuðningi við Sveinbjörgu (Sunna Valgerðardóttir, 2014).

Ingi Freyr Vilhjálmsson, blaðamaður, fjallar um moskumálið í leiðara sem birtist í DV daginn fyrir kjördag, föstudaginn 30. maí 2014. Hann segir að Framsóknarflokkurinn geti ekki lengur haldið því fram að upphlaup frambjóðenda og þingmanna flokksins séu einskærar tilviljanir. Flokkurinn viti að margir Íslendingar séu „ginnkeyptir fyrir þjóðernishyggju og andúð á útlendingum og alþjóðahyggju – hugmyndinni um Ísland fyrir Íslendinga – og nú reyni flokkurinn að spila á þessa strengi.“ Ingi segir að þarna liggi mörg atkvæði og með því að ala á fordómum geti flokkurinn fært þessa kjósendur nær sér. Flokkurinn hafi í fjöldamörg ár „ekki staðið fyrir neitt sérstakt annað en popúlíska hentistefnu og atkvæðaveiðar með

skyndilausnum.“ Ingi Freyr segir: „Formaður flokksins er sjálfur skyndilausn sem fundin var þegar flokkurinn var við það að hverfa í könnunum í kjölfar hrunsins og Sveinbjörg borgaroddviti er það líka eftir að Óskar Bergsson, Magnús Scheving og Guðni Ágústsson gengu úr skaftinu. Framsókn hoppar svo yfirleitt bara á einhvern kosningavagn sem forystan heldur að geti skilað flokksnum völdum.“ Ingi telur að ástæða sé til „að vera vel á verði þegar flokkurinn feti inn á þjóðernispopúlískar brautir í atkvæðaveiðum.“ Flokkurinn viti að slíkur málflutningur geti virkað í kosningum. Stórsigrar þjóðernispopúlískra flokka í Evrópu geti jafnframt ýtt enn frekar undir slíkan málflutning (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014). Ingi segir:

Á sama tíma er líka ljóst að þeir sem eru „pólitískt rétt hugsandi“ þurfa að virða skoðana- og tjáningarfrelsi þingmanna og frambjóðenda Framsóknarflokksins, líkt og í moskumálinu. Staðan getur því orðið snúin á Íslandi að þessu leyti, líkt og í Svíþjóð, þar sem viss tilhneiging er fyrir hendi til að reyna að koma í veg fyrir að hatursfullum skoðunum gegn fólki á grundvelli trúarbragða eða litarhafts sé útvarpað. Sem betur fer er hinsvegar ekki líklegt að aðrir stjórnmalaflokkar í landinu feti inn á þessar brautir þjóðernishyggju og popúlisma, að minnsta kosti hefur það ekki verið raunin síðustu árin eftir að Frjálslyndi flokkurinn var og hét (Ingi Freyr Vilhjálmsson, 2014).

Að kvöldi föstudagsins 30. maí mættust leiðtogar framboðanna í Reykjavík í umræðuþætti á Stöð 2, þar sem rætt var um stefnumál flokkanna og þróun kosningabaráttunnar. Þegar oddviti Dögunar, Þorleifur Gunnlaugsson, tjáði sig um umræðuna um byggingu mosku í Reykjavík, greip Sveinbjörg Birna orðið og dró umræðuna inn á nýjar brautir. Sveinbjörg sagði orðrétt: „Vilt þú búa í samfélagi, þar sem, eins og Svíar þurftu að setja í síðustu viku, að það er refsivert, hver hefði getað ímyndað sér það, að Svíar þyrftu að setja lög þar sem væri refsivert að þvinga fólk í hjúskap.“ Sveinbjörg dregur þar með nauðungarhjórabönd inn í umræðuna um mosku og segja má að þar með hafi málið formlega hætt að snúast um skipulagsmál og lóðaúthlutanir og Sveinbjörg ýjað að því hvernig samfélagsbreytingar væru framundan ef moskan risi. Þess ber að geta að þvingaður hjúskapur er þegar bannaður á Íslandi (Fanney Birna Jónsdóttir, 2014).

7.1.6 Úthugsað útspil eða kunnáttuleysi?

Í kosningunum laugardaginn 31. maí 2015 hlaut framboð Framsóknar og flugvallarvina 10,7% atkvæða og 2 borgarfulltrúa kjörna, sem var fjórföldun á fylginu frá síðustu kosningum og mikil aukning á mjög stuttum tíma miðað við undangengnar skoðanakannanir. Á kosninganótt ræddi Sigmundur Davíð Gunnlaugsson við RÚV og tjáði sig loks um moskumálið og sagði að harkalega hefði verið ráðist á oddvita flokksins í borginni í

kosningabaráttunni. Sigmundur telur að moskumálið hafi líklega vakið athygli kjósenda á öðrum málum flokksins, eins og skipulagsmálum. Flugvallarmálið hafi auk þess verið „mikilvægara en menn hafi trúað í upphafi.“ Sigmundur segir að ummæli Sveinbjargar hafi ekki verið meðvitað útspil til að vekja athygli á framboðinu. Málið hafi verið til umræðu en ekki upp á yfirborðinu. Hann viðurkennir að ummælin hafi vakið athygli á framboðinu í Reykjavík og málefnum flokksins og sagði kosningabaráttu geta verið erfiða fyrir framboð ef þau næðu ekki að láta rödd sína heyrast (Kjartan Atli Kjartansson, 2014c; Mbl, 2014a).

Jón Sigurðsson, fyrrum formaður Framsóknarflokksins, sagði í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2, þann 4. júní 2014, að kosningunum nýafstöðnum, að hann teldi að atburðarrásin í moskumálinu hafi verið úthugsuð, bæði hjá oddvita flokksins í Reykjavík, sem og hjá formanni flokksins. Túlka megi skortinn á viðbrögðum fyrir kosningar sem mikla stefnubreytingu hjá flokknum. Jón segir að erfitt sé að aðskilja uppganginn frá ummælum oddvitans um að hún vildi afturkalla lóð múslima undir mosku. Jón segir: „Mér virðist þetta hafa verið vel undirbúið herbragð sem heppnaðist býsna vel í atkvæðatölum. Forsætisráðherra og formaður flokksins í raun og veru tekur undir með oddvita Framsóknarmanna í Reykjavík. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi.“ Jón segir að formaðurinn hafi haft nægan tíma til að undirbúa viðbrögð, en þegar hann loks tjái sig, finnur hann að viðbrögðum annarra. Jón segir: „Þó að við höfðum verið þjóðrækilega sinnaðir og erum það ennþá og þjóðhyggjufólk, þá voru okkar viðhorf mjög ólík þessum viðhorfum. Ég tel að þetta séu mjög óheppileg og óæskileg sjónarmið sem hérna hafa komið fram. En ef engin viðbrögð koma við þessu þá er það býsna alvarlegt og mikil breyting á stefnu flokksins“ (Hjörtur Hjartarson, 2014a).

Eygló Harðardóttir, félagsmálaráðherra, tjáði sig um sambærilegar ásanir sem komu upp í tengslum við moskumálið í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2014, í viðtali í útvarpsþættinum *Bítið á Bylgjunni*, þann 4. júní 2014, að kosningunum loknum. Hún tók þó ekki afstöðu beint til málflutnings oddvita Framsóknarflokksins og flugvallarvina, sem hafði legið undir ásökunum um að kynda undir andúð gegn múslimum, heldur taldi mikilvægt að staldra við eftir hamaganginn í kringum kosningarnar og ræða breytingarnar sem væru að verða í íslensku samfélagi. Þær breytingar geti skapað ótta og raunveruleg vandamál. Staðan reyni á umburðarlyndi fólks, enda sé það ekki auðvelt fyrir einstakling að verða fyrir líflátshótunum vegna trúarskoðana. Það sé jafnframt erfitt fyrir stjórnmalahreyfingu að sitja undir því að það eigi að „útrýma“ henni vegna þess að einstaklingar innan hennar tjái sig á

opinberum vettvangi. Hún segir mikilvægt að „taka samtalið [umræðuna]“ og að ábyrgð fjölmiðla sé mikil við slíkar aðstæður (Eyjan, 2014b). Eygló sagði:

Við erum að verða miklu fjölmenningarlegri en áður. Bara í kosningabaráttu okkar Framsóknarmanna, þar var ég einmitt að hugsa að við vorum með fólk sem er utan trúfélaga, við vorum með fólk sem er í þjóðkirkjunni, við vorum með fólk sem var í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni, kaþólikkar, búddistar, fólk sem tengdist fólki sem er íslamstrúar, fólk sem er gift fólki frá Kína, frá Þýskalandi, alls staðar að. Þetta bara endurspeglar að við búum í miklu fjölmenningarlegra samfélagi en áður og þá koma upp ýmis ágreiningsmál (Eyjan, 2014b).

Sighvatur Björgvinsson, fyrrum ráðherra og formaður Alþýðuflokksins, fjallar um moskumálið í kjallaragrein sem birtist í DV 8. júlí 2014, þegar mesta rykið var farið að setjast að kosningum loknum. Hann segist ekki telja að Framsóknarflokkurinn sé að þróast í áttina að „hægriðfgaórum nýfasistaflokka Evrópu,“ heldur hafi verið um að ræða „fótaskort reynslulauss frambjóðanda á sinni eigin tungu.“ Hann telur að flokkurinn sé ekki að breyta innviðum sínum, enda gæti það ekki gerst án þess að slíkar breytingar eigi sér rætur innan flokksins. Sighvatur telur sig hafa heimildarmenn innan flokksins fyrir því að slíkt sé ekki í farvatninu. Leiðtogar flokksins hafi auk þess ávallt kunnað að gera greinarmun á „þjóðrækni og hættulegri þjóðrembu“ og hafa kennt það arftökum sínum. Hann telur að skortur á slíkri leiðsögn hafi ráðið miklu um mistök kosningabaráttunnar, þar sem forystufólk flokksins nú, sem og oddvitinn í Reykjavík, séu nýgræðingar. Þessir nýju foringjar séu „blautir á bakvið eyrun, hafi verið hirtir upp af götunni og viti lítið um sögu flokksins, sigra hans og ósigrar og ekki notið leiðsagnar leiðtoga fyrri ára“ (Sighvatur Björgvinsson, 2014). Sighvatur segir:

Enginn slíkur leiðbeinandi hvorki í mínum flokki né Framsóknarflokki myndi hafa látið sér til hugar koma að ganga til kosninga undir slagorðum rasisma og kynþáttahyggju. Engum frambjóðanda þeim hópi, sem tók þeirra leiðsögn, hefði komið slíkt til hugar né heldur verið leyft það. Einmitt þess vegna trúir ég því ekki að elsti stjórnvaldaflokkur íslenskrar stjórnmálasögu sé á þeirri leið. [...] Að þetta sé forysta, sem engin tengsl hefur við sögu síns eigin flokks, engin samskipti við forgöngumenn sína nema þá ef til vill fjandsamlegt afskiptaleysi og grípur þess vegna fegins hendi sérhvert tækifæri til að sækja sér stuðning undir hvaða fána sem sótt er (Sighvatur Björgvinsson, 2014).

Í október árið 2014 birtist viðtal við Brynjar Nielsson, þingmann, í DV. Brynjar tekur fram að hann sé „ekki sérstaklega trúður,“ en „að þessi kristni þráður sem hefur sameinað þessa þjóð sé mikilvægur fyrir okkar samfélag, hvort sem okkur líkar það eður ei.“ Brynjar segir að hann vilji gera greinarmun á kristni og „trúarbrögðum sem passa illa inn í okkar hugmyndafræði, okkar menningu og mentalítet (*sic*).“ Brynjar segir að ef það sem er sameiginlegt með

íslensku þjóðinni byrji að hverfa, þá sé það byrjunin á því að þjóðin „flosni upp.“ Hann segir að það geti „leitt til átaka ef trúarbrögð sem eru kannski orðin fjölmenn líka og hafa allt aðrar hugmyndir um samfélagið en við, fáa að stækka mikið. Eins og mannkynssagan kannski segir okkur (*sic*).“ Brynjar segir að ákveðin lög henti „ekki ákveðnum hópum innan samfélagsins, þeir einangristst og verði að samfélögum innan samfélagsins.“ Þetta verði ekki vandamál á meðan trúarhóparnir séu ekki fjölmennir: „en þegar þeir eru komnir yfir hálfa borgina og orðnir að fjórðungi íbúa landsins þá mun það kalla á átök.“ Þess vegna þurfi að gilda reglur og vanda valið um hverjir komst inn í landið og hverjir ekki. Brynjar segir að fólk geti auðvitað haft þá skoðun að hér eigi bara að vera fjölmenningarsamfélag og að til landsins megi allir koma sem vilja. Hann bætir síðan við: „Sumt fólk getur bara ekki búið saman, eins og bara í venjulegri fjölskyldu. Það verður að samræma þetta“ (María Lilja Þrastardóttir, 2014).

7.2 Önnur mál

7.2.1 Byssumálið

Í október 2014 fór af stað mikil umræða í fjölmiðlum um vopnaburð lögreglunnar og hversu langt mætti ganga í að vopna almenna íslenska lögregluþjóna með hríðskotabyssum og skammbyssum. Málið er kallað byssumálið. Ýmis ummæli voru látin falla og skoðanir voru látnar í ljós, bæði af hálfu stjórnmalamanna og lögreglumanna, um mögulega hryðjuverkaógn sem stafi af erlendum hryðjuverka- og glæpasamtökum, tengd við íslam.

Í október 2014 greindi DV frá því að lögreglan væri að vopnast með leynd. Um væri að ræða 200 MP5 hríðskotabyssur og eitthvað minna af Glock skammbyssum. Í úttekt DV kom fram að um mestu breytingu væri að ræða á vopnabúnaði lögreglunnar frá því sérsveit Ríkislögreglustjóra var stofnuð árið 1982. Áætluð kaup eru rökstudd með skýrslu þingmanna-nefndar um eflingu löggæslu frá 2013 (Atli Már Gylfason & Hjálmar Friðriksson, 2014). Í Útvarpinu birtist frétt um málið sem byggð var á úttekt DV þar sem Jón F. Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, vildi ekki gefa neitt upp um kaupin á skotvopnunum (Arnar Páll Hauksson, 2014). Á vef DV birtist umfjöllun um viðtal Morgunblaðsins við Snorra Magnússon, formann Landsambands lögreglumanna. Í því viðtali leiðréttir Snorri fjölda vopna og segir hríðskotabyssurnar vera 150 talsins. Segir Snorri að á Íslandi sé hvorki her né þjóðvarðlið sem önnur ríki hafi yfir að ráða. Blaðamaður DV leggur það upp að Snorri virðist líta á MP5 hríðskotabyssurnar sem einhvers konar uppbót á herleysi landsins. Snorri segir ennfremur: „...lögreglan er því eina viðbragð þjóðríkisins við ógn af

þessu tagi, þar af leiðir að lögreglan á Íslandi verður að ráða yfir búnaði til að bregðast við ógn“ (Jón Bjarki Magnússon, 2014; Davíð Már Stefánsson, 2014).

Blaðamaður DV hnýtir við þetta að Snorri nefni ekki hvaða ógn sé um að ræða en bendir á að hlutverk sersveitar Ríkislögreglustjóra sé að takast á við ógnir á borð við hryðjuverk. Ónefndur heimildamaður DV²⁸ heldur því fram að ein af ástæðum kaupa lögreglunnar á skotvopnunum sé árás Anders Behring Breivik í Útey og Osló þar sem hann varð 77 manns að bana í júlí 2011 (Jón Bjarki Magnússon, 2014; Davíð Már Stefánsson, 2014). Í frétt DV kemur fram að átök hafi verið á Alþingi vegna þessa máls og hafi Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, meðal annars sagt að Íslendingar byggju „í hörðum heimi en ekki Disneylandi eins og stjórnarandstaðan héldi“ (Karl Garðarsson, 2014-2015). Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, telur það ranga þróun að málið skyldi rata í fjölmiðla þar sem hann hafi haft heimildir fyrir því að glæpamenn hafi vopnvæðst vegna málsins (Vilhjálmur Árnason, 2014-2015).

DV hefur eftir Elínu Hirst, þingmanni, af Facebook-síðu hennar að við stærri ógnir sé að etja en áður, og að hópur frá „Íslamska ríkinu“ (ISIS) hafi reynt að notfæra sér íslenska landslénið (.is) í áróðursherferð sinni. Í stöðufærslunni nefnir hún að Ísland geti verið skotmark hryðjuverkasamtaka líkt og önnur lönd. Ástæða skrifa Elínar var skotárás við þinghúsið í Ottawa í Kanada í október 2014, en í frétt DV kemur fram að engar sannanir höfðu komið fram á þeim tíma að um meðlimi ISIS hafi verið að ræða í þeirri árás (Erla Karlsdóttir, 2014).

Mánuði síðar sagði Jón F. Bjartmarz í samtali við fréttamann Útvarps að hríðskotabyssurnar séu ætlaðar í þeim tilgangi að berjast gegn hryðjuverkaógninni. Í fréttinni kemur fram að Landhelgisgæslan hafi fengið 250 hríðskotabyssur að gjöf frá Noregi en lögreglan vilji fá 150 af þeim. Jón telur hryðjuverkaógnina hafa stórauðist í Evrópu og bendir á að ISIS beiti internetinu til að koma skilaboðum til liðsmanna sinna. Aðspurður kveðst Jón ekki vita hvort einhverjir aðilar séu hérlandis sem séu áhangendur ISIS, en bendir á reynsluna frá Noregi og öðrum löndum sem skilgreint hafa ógn af ISIS sem þá mestu sem er við lýði í dag (Kristín Sigurðardóttir, 2014).

Í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins, sunnudaginn 2. nóvember árið 2014, er talað um að full þörf sé á því að lögreglan á Íslandi fái vopn. Freistandi sé að trúa því að Ísland geti, eitt

²⁸ Taka skal fram að áreiðanleiki þessarar fréttahemildar er takmarkaður, vegna þess að tiltekinn heimildamaður er ónefndur og frumgögn liggja ekki fyrir í þessari rannsókn, er því um frásögn einstaklings að ræða sem ekki er hægt að staðfesta.

fárfa fullvalda ríkjfa, sloppið frá þeim veruleíka sem aðrar þjóðir heímsins verði nú að taka á. Dæmi er tekið um að ef svo yrði að hingað kæmi flugvél sem væri fullskipuð líðsmönnum ISIS, og „í staðinn fyrir tannbursta og svítalyktareyði, þá væru þeir með vélbyssur.“ Ennfremur segir í bréfinu að líðsmenn ISIS „ættu hægari leik á Íslandi nú en Jörundur hundadagakóngur fyrir rúmum 200 árum.“ Þá er það gefið í skyn að ISIS-líðar gætu rænt völdum á Íslandi (Eyjan, 2014c).²⁹

Næsta mál sem kom upp var í kringum ummæli Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns, um bakgrunnskoðun á öllum múslimum búsettum á Íslandi.

7.2.2 Bakgrunnskoðun á múslimum

Í janúar 2015, nokkrum dögum eftir skotárásina á ritstjórnarskrifstofur franska teiknimynda-blaðsins *Charlie Hebdo*, var greint frá því á Vísí því að Ásmundur Friðriksson, þingmaður, hafi varpað fram á Facebook, spurningu um hvort þeir 1.500 múslimar sem búi á Íslandi hafi verið athugaðir og hvort einhverjir úr þeirra hópi hafi fengið hjálfun hjá samtökum sem skilgreind hafa verið sem hryðjuverkaógn. Ásmundur spyr hvort innanríkisráðuneytið hafi gert raðstafanir vegna þessara ógna. Í frétt Vísis er rætt við Ásgeir Karlsson, yfirmann greiningardeildar Ríkislögreglustjóra, sem telur ekki þörf á að hækka vástig hérlandis vegna hryðjuverkaógnar (Fanneý Birna Jónsdóttir, 2015). Í viðtali við RÚV segir Ólöf Nordal, innanríkisráðherra, að engar heimildir séu fyrir bakgrunnsrannsókn á borð við þá sem Ásmundur nefnir. Þegar viðhorf ráðherra til forvirkra rannsóknarheimilda er kannað, segir hún umræðuna ekki vera nýja af nálinni en ekki sé á döfinni að fara út í slíkar aðgerðir (Sunna Valgerðardóttir, 2015). Í Kastljósviðtali viðurkennir Ásmundur að þekkja samfélag múslima „nánast ekki neitt.“ Hann segir að það sem hann þó þekki til múslima á Íslandi, sé ekki af neinu öðru en góðu, en heldur því fram múslimar sjálfir hafi áhyggjur af að því „múslimistar“ vilji koma hingað. Jóhannes Kr. Kristjánsson, spyr Ásmund hvers vegna hann vilji draga múslima sérstaklega fram í þessari umræðu. Ásmundur svarar orðrétt:

Það var nú kannski vegna þess að ég var nú bara staddur út í Kaupmannahöfn og var einhvern veginn sterk... uppnuminn af þessu sem gerðist í Frakklandi og þarna við hliðina á franska sendiráðinu og varð svona vitni að þessu fólki sem að var að syrgja þennan atburð, sem við gerum öll að sjálfsögðu og það sló mig svona og ég sló þessu svona fram á Facebook síðu minni. Það má auðvitað vel vera að maður sé svona stundum kannski brattur á því en fyrst og fremst er ég að varpa fram þeirri umræðu sem við þurfum að taka um öryggi okkar sem þjóðar (RÚV, 2015).

²⁹ Ritstjórar Morgunblaðsins eru Davíð Oddsson og Haraldur Jóhannesen.

Vísir birtir í kjölfarið stöðufærslu Ásmundar sem hann birtir þegar hann er kominn frá Danmörku þar sem hann býðst til að eiga fund með múslimum og kynnast þeirra afstöðu, siðum og lífsskoðunum (Aðalsteinn Kjartansson, 2015). Ásmundur fór og hitti múslima og kynntist starfi þeirra og átti samtál við meðlimi Félags múslima á Íslandi.

Eftir símtal okkar í gær bauð Sverrir mér í heimsókn í mosku félagsins í Reykjavík. Við áttum hreinskiptið samtál um skrif mín og viðbrögð við þeim. Þeir eru báðir sammála mér um mikilvægi þess að tryggja öruggt og friðsælt samfélag á Íslandi. Og til þess þarf eftirlit, samstarf og upplýsingar. Þannig vinna Bandaríkjamenn með múslimum segja þeir félagar mér og þar ná öfgahópar ekki árangri (Stefán Árni Pálsson, 2015).

Fréttamaður hefur eftir Ásmundi að hann vilji „hvorki gettó né hin illu öfl heimsins hér á landi (*sic*)“ (Stefán Árni Pálsson, 2015). Næsti áfangi málsins varð í febrúar 2015, en þá birtist klausa í Fréttablaðinu þar sem að Ólöf Nordal, tjáir sig um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu, og að koma skuli í veg fyrir fótfestu glæpasamtaka. Í fréttinni vísar ráðherra til þess að önnur Schengen-ríki hafi forvirkar rannsóknarheimildir, en að hér á landi skorti þær, og nauðsynlegt sé að meta hvort þörf sé fyrir slíkar heimildir (Stefán Rafn Sigurbjörnsson, 2015).

Í greiningu Stundarinnar í febrúar 2015 er mál Ásmundar rakið. Þar er vitnað í Magnús Svein Helgason, sagnfræðing, sem hefur sérhæft sig í bandarískum stjórnmálum. Hann bendir á að „múslimismi“ sé til sem orð en nánast eingöngu notað í hatursorðræðu gegn íslam í Bandaríkjunum (Jóhann Páll Jóhannsson, 2015).

Í umræðum um störf þingsins á Alþingi þann 17. febrúar lýsti Ásmundur Friðriksson vonbrigðum sínum með samfélagsumræðuna þegar hann sagði:

Í nágrannalöndum okkar er opin umræða um þá hættu sem steðjar að hinum frjálsa heimi og þjóðfélögum vegna fjölgunar á árásum einstaklinga og hvers konar öfgahópa. Hér á landi á engin slík umræða sér stað og það er spurning hve lengi við ætlum að skila auðu í umræðu um öryggi íbúanna. Hér hafast menn öðruvísi að. Þeir sem vekja athygli á hættunni er steðjar að nágrönnum okkar eru skotnir niður og ataðir auri í samfélagsumræðunni sem aldrei kemst á það stig að ræða um málefnið. [...] Tjáningarfrelsi er fótumtroðið en það virðist oft og tíðum aðeins vera fyrir útvalda. Ég þakka hæstv. innanríkisráðherra Ólöfu Nordal fyrir að hefja umræðuna um hvort taka skuli upp forvirkar rannsóknarheimildir hér á landi. Tökum umræðuna í samfélaginu um þá ógn sem steðjar að í nágrannalöndum okkar. Við getum ekki tekið þá áhættu að hún berist ekki hingað (Ásmundur Friðriksson, 2014-2015).

Í febrúar 2015 birtist á vef Morgunblaðsins frétt þar sem haft eftir Jóni H. B. Snorrasyni, saksóknara og aðstoðarlögreglustjóra, að ekki geti talist heppilegt fyrir samfélagið að innan

Þess séu einstaklingar sem enginn kunni nokkur deili á, hvaðan þeir komi eða hverju megi búast við af þeim. Þar vísar hann til þess að bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur höfnuðu því að tveir hælisleitendur sem eftirlýstir eru á Norðurlöndunum yrðu hnepptir í gæsluvarðhald (Mbl, 2015a). Í annarri frétt nokkrum dögum síðar kemur fram að annar hælisleitendanna hafi við yfirheyrslur lýst aðdáun sinni á ISIS og aðferðum þeirra. Hann hafi hótad að sprengja upp eitt þúsund manns verði hann sendur frá Íslandi (Mbl, 2015b). Jón. H. B. Snorrason bendir á að í Noregi sé ríkari tilhneiging til að úrskurða menn í gæsluvarðhald við aðstæður eins og þær sem sköpuðust í yfirheyrslum (Mbl, 2015c).

Í skýrslu sem greiningardeild Ríkislögreglustjóra, sem dagsett er 20. febrúar 2015 og fjallað er um í Kjarnanum 24. febrúar 2015 kemur eftirfarandi fram: „Almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsmálum.“ Í greiningunni kemur fram að héraðs séu bæði geta og búnaður sem nýta megi til hryðjuverkaárása – hvort sem þær eru skipulagðar eða ekki. Einnig segir að áróður á borð við þann sem ISIS ástundi geti náð til einstaklinga héraðs og hvatt þá til hryðjuverka. Ekki er greiningardeildinni kunnugt um að hryðjuverk séu í undirbúningi gegn Íslandi en litlar upplýsingar sé að hafa sem gætu varpað ljósi á slíka ógn vegna skorts á rannsóknarheimildum. Sá upplýsingaskortur sem vísað er til er sagður skapa óvissu. Þetta sé veikleiki sem geti orsakað meiri áhættu á voðaverkum. Einnig segir í skýrslunni: „Mikil fjölgun hælisleitenda hér á landi er áhættuþáttur sem ekki fær næga athygli.“ Til að bregðast við ógninni leggur greiningardeildin til að lög verði sett til að auka rannsóknarheimildir lögreglu auk þess sem efla beri mannafla og búnað (Kjarninn, 2015). Í skýrslunni eru viðamiklir kaflar sem fjalla sérstaklega um ISIS og aðferðir þeirra (Ríkislögreglustjóri, 2015a). Á Alþingi var skýrslan rædd og í fréttum Bylgjunnar 26. febrúar var sagt frá átökum Birgittu Jónsdóttur, þingmanns, og Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns. Birgitta gagnrýnir harðlega óskir lögreglunnar um forvikar heimildir til rannsóknar þar sem hún telur slíkar heimildir meðal annars til þess gerðar að fylgjast með íslenskum einstaklingum, einvörðungu vegna skoðana sinna. Guðlaugur Þór líkir því við „barnaskap“ að hafna því að hryðjuverk geti átt sér stað á Íslandi og vísar til þess að það sem gerðist í Útey 2011, þegar Anders Behring Breivik myrti 77 manns, gæti allt eins gerst hér á landi:

Ótrúlega lítil umræða hefur verið um það mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra að hér sé aukin hættu á hryðjuverkum. Ég vil hvetja alla til að lesa viðtal í *Morgunblaðinu* í dag við Helga Gunnlaugsson afbrotafraeðing. Þar fer hann á mjög yfirvegaðan og málefnalegan hátt yfir þessi mál og bendir á það sem augljóst er að það er fullkominn barnaskapur að halda því fram að við getum

ekki lent í því sama og þær þjóðir sem við berum okkur saman við og eru okkar næstu nágrannar. Við vitum það til dæmis vegna hinna hörmulegu hryðjuverka í Útey og þess sem við sáum fyrir nokkrum vikum í Danmörku að því miður getur þetta gerst. Helgi Gunnlaugsson leggur áherslu á að við höfum yfirsýn og getum metið hættu með yfirveguðum hætti, og vísar þar sérstaklega til þess að nýverið höfðu dómstólar því að tveir hælisleitendur yrðu settir í gæsluvarðhald, en annar þeirra lýsti yfir stuðningi við Ríki Íslams og hótaði að myrða fjölda fólks ef honum yrði vísað úr landi (Guðlaugur Þór Þórðarsson, 2014-2015).

Birgitta gerði athugasemd við þá hóp sem skilgreindir eru í skýrslunni sem ógn:

Það eru sem sagt anarkistar, íslamistar, róttækir hægri- og vinstrimenn sem eru mögulegir ógnvaldar ríkisins. Ég tek þessu mjög alvarlega háttvirtur þingmaður. Ríkislögreglustjóri leggur sem sagt til að sköpuð verði sérstök félagsleg úrræði fyrir aðila eins og t.d. mig sem er anarkisti, fyrir einstaklinga sem verða fyrir áhrifum róttækni í landinu (Birgitta Jónsdóttir, 2014-2015).

Birgitta segir: „Hérna er lögreglan enn og aftur að reyna að skapa ótta, rétt eins og í kringum Vítisengla. Hvar eru þeir núna og ógnin í kringum þá?“ (Birgitta Jónsdóttir, 2014-2015).

Í sjónvarpsþættinum *Eyjunni* á Stöð 2 í upphafi marsmánaðar 2015, var Ásmundur Friðriksson annar aðalgesta. Hann er spurður út í umræðuna í janúar sem áður hefur verið rakin. Hann nefnir að ógnin af hryðjuverkamönnum sé staðreynd og segir:

Núna eru þeir ekki aðeins komnir til Danmerkur, þeir eru að spígspora hér í bænum þessir menn. Við getum mætt þeim á götu núna. Ég held að miðað við þau viðbrögð sem ég hef fengið við þessu, þessi gríðarlegu viðbrögð sem ég fékk við þessum málflutningi mínum, þakklæti frá fólkinu í landinu, segir mér það að við þurfum að taka þessa umræðu eins og innanríkisráðherrann er byrjuð að tala um forvirkar rannsóknarheimildir og við þurfum auðvitað að gera þetta æsingalaust (Ásmundur Friðriksson, 2015).

Ásmundur viðurkennir hinsvegar að það hafi verið mistök hjá sér að draga fram einn hóp umfram annan í upphafi. Hann hafi lært af því en hafi „vitað í hjarta sér“ hvað hann var að segja (Ásmundur Friðriksson, 2015).

Í framhaldinu fléttaðist byssumálið aftur inn í umræðuna um þá mögulegu ógn sem steðjar að þjóðaröryggi landsins. Í apríl birtist greinargerð frá lögreglunni til innanríkisráðuneytisins um eflingu viðbúnaðar lögreglunnar. Þar er óskað eftir 313 skotvopnum alls (163 skammbyssum og 150 hriðskotabyssum) í stað vopna sem hafa verið aflögð, eða verða aflögð, á árabílinu 2006 til 2016. Þau vopn sem aflögð hafa verið, og verða aflögð, eru af ýmsum toga en ætlunin er að vera bara með þá tvær gerðir vopna sem óskað er eftir. Í greinargerðinni er einnig óskað eftir mikilli endurnýjun á búnaði sérsveitarinnar. Rökstuðningurinn er hækkun á hættumati um eitt vástig (Ríkislögreglustjóri, 2015b).

Í viðtali í Fréttablaðinu 22. apríl 2015, er haft eftir Birgittu Jónsdóttur í tengslum við greinargerðina, að hún vildi frekar fjölga lögreglumönnum og minnka ábyrgðarsvæði hvers embættis í stað þess að fjárfesta í vopnum. Birgitta bendir á að verið sé að skapa ógn úr því sem ætti ekki að þurfa að óttast hér á landi. Birgitta segir að lokum „Það sem ógnar stöðugleika á Íslandi er frekar menn eins og Kristján Loftsson [stjórnarformaður HB Granda] sem gulltryggir verkfall stórra hópa. Ég hef meiri áhyggjur af því“ (Sveinn Arnarsson, 2015).

Seinni hluta aprílmánaðar 2015 mælti Gunnar Bragi Sveinsson fyrir þingsályktunartillögu um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Í flutningsræðu sinni tiltekur ráðherra deiluna um Krímskaga, þróunina þar annars vegar og ISIS hinsvegar, sem þróun í stjórnmálaumhverfi Evrópu sem þyrfti að bregðast við. Þingsályktunartillagan greinir frá þremur stigum ógnar sem þjóðaröryggisstefnan myndi grundvallast á. Í fyrsta flokki eru hættur eða slys sem geta orsakast vegna umsvifa á norðurslóðum, náttúruhamfarir, netógnir og skemmdarverk á innviðum samfélagsins. Í öðrum flokki eru skipulögð glæpastarfsemi, ógn við fjármála-, efnahags-, fæðu-, matvæla- og heilbrigðisöryggi ásamt farsóttum og hryðjuverkum. Í þriðja flokki er svo að finna hernaðarógn sem gæti ógnað sjálfstæði þjóðarinnar (Gunnar Bragi Sveinsson, 2014-2015).

7.2.3 Skipun í mannréttindaráð Reykjavíkur

Þann 20. janúar 2015 var sjálfstæðismaðurinn Gústaf Nielsson skipaður sem varamaður Framsóknar og flugvallarvina í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar (Borgarstjórn Reykjavíkur, 2015). Á Kjarnanum er fjallað um það daginn eftir að Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, og nokkrir aðrir borgarfulltrúar hafi setið hjá við atkvæðagreiðslu um ráðningu Gústafs. Í fyrirsögn fréttarinnar er haft eftir Degi að hann hafi setið hjá þar sem hann þekki til málflutnings Gústafs á öðrum vettvangi. Fram kemur að forysta Framsóknarflokksins hafi gagnrýnt skipunina. Í fréttinni er vísað til þess að Gústaf berjist gegn hjónaböndum samkynhneigðra og byggingu mosku í Reykjavík (Ægir Þór Eysteinnsson, 2015). Í grein sinni í Morgunblaðinu í október 2014 gagnrýnir Gústaf Nielsson svargrein Halldórs Auðar Svanssonar, borgarfulltrúa, við grein Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur um ólögmætar lóðaúthlutanir. Þar snýst umræðan um að Halldór vill að öll trúfélög sitji við sama borð við úthlutun lóða til trúarbygginga en Gústaf er því ósammála og kallar það ólögmætar lóðaúthlutanir (Gústaf Nielsson, 2014). Ráðning Gústafs var dregin til baka vegna hinna viðbragða úr öllum flokkum (Ægir Þór Eysteinnsson, 2015). Í frétt sem birtist einnig á Kjarnanum síðar sama dag birtist yfirlýsing frá Framsókn og flugvallarvinum þar sem fram

kemur að ráðning Gústafs Níelssonar hafi ekki verið í samræmi við stefnu flokksins og þar af leiðandi mistök af þeirra hálfu. Ennfremur kemur fram í yfirlýsingunni: „Við berjumst fyrir mannréttindum, virðingu fyrir einstaklingnum og fjölskyldunni. Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum. Við munum ávallt verja skoðana- og tjáningarfrelsi, trúfrelsi og friðhelgi einkalífs“ (Þórunn Elísabet Bogadóttir, 2015).

Í maí 2014 var símaviðtal við Gústaf í þættinum Harmageddon á útvarpsstöðinni X977. Þar lýsti Gústaf þeirri skoðun sinni að hann vildi banna íslam á Íslandi og að Ísland væri „síðasta vígi kristinna manna.“ Ennfremur lýsir hann andúð sinni á áformum um byggingu mosku á Íslandi (Vísir, 2014). Í frétt Vísis í kjölfar skipunar Gústafs er haft eftir Guðfinnu Jóhönnu Guðmundsdóttur, borgarfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina, „að allskonar raddir eigi að hljóma í mannréttindaráði borgarinnar“ (Aðalsteinn Kjartansson & Jakob Bjarnar Grétarsson, 2015).

Daginn sem ráðning Gústafs var dregin til baka er birt viðtal við Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur í kvöldfréttum Stöðvar 2, þar sem hún segist hvorki ætla að tjá sig um gagnrýni flokksforystu Framsóknarflokksins né skipun Gústafs. Í fréttinni er vitnað í ummæli Stefáns Boga Sveinssonar, oddvita Framsóknarmanna á Fljótsdalshéraði, að „meginþorri Framsóknarmanna“ sé búinn að fá nóg af framgangi borgarfulltrúa flokksins (Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, 2015).

Í upphafi febrúarmánaðar 2015 birtist í DV viðtal við Gústaf þar sem hann heldur því fram að til að múslimar geti aðlagast vestrænu samfélagi, þurfi þeir einfaldlega að „kasta trúnni.“ Ennfremur segir Gústaf að mörg „íslömsk ríki séu í algerri upplausn“ og slíkt leiði af sér flóttamannastrauminn sem legið hefur til Evrópu. Hagur Vesturlanda felist í því að stilla til friðar í þessum löndum þó það geti reynst erfitt: „Evrópa getur ekki verið niðurfall fyrir þessi handónýtu ríki. Við ráðum ekki við þetta.“ Fjölgun múslima á Vesturlöndum kallar Gústaf „hið hljóðláta landnám“ og lýsir áhyggjum sínum á áhrifum þess. Hann hefur ekki aðeins áhyggjur af þeim áhrifum sem múslimar geti haft á vestrænt samfélag heldur hvert ástandið yrði, komi til uppreisnar gegn þeim. Hann tekur þó fram að hann vilji ekki að það komi til trúarbragðastyrjaldar og það fari fyrir múslimum eins og fór fyrir gyðingum í seinni heimsstyrjöldinni (Sólrún Lilja Ragnarsdóttir, 2015).

Í grein Gústafs í Morgunblaðinu þann 14. febrúar árið 2015 gerir hann upp skipun sína í mannréttindaráðið og eftirmála þess. Grein hefst á eftirfarandi orðum:

Ekki gat mig óráð fyrir því að skipan mín sem varamanns í mannréttindaráð Reykjavíkurborgar myndi valda slíku uppnámi á vinstrivæng stjórnmalanna, að kalla þyrfti til, bæði NATO og varnarliðið, í gervi ráðherra Framsóknarflokksins og að auki samanlagða heri „fjölmiðlabarnanna,“ með öll hugsanleg árásarvopn á lofti, til þess eins að ganga fullkomlega frá ódáminum Gústafi Níelssyni, sem hafði vogað sér að tjá skoðanir, sem hinna pólitísku réttthugsun í landinu er vanþóknanleg (*sic*)(Gústaf Níelsson, 2015).

Gústaf lýsir ferlinu sem var að baki skipun hans á þann veg að oddviti Framsóknar og flugvallarvina, hafi óskað eftir kröftum hans. Hann segir að Sveinbjörgu Birnu Sveinbjörnsdóttur hafi þótt skrif hans í Morgunblaðið málefnaleg, sérstaklega ritdeila hans við formann Félags múslima á Íslandi. Síðar í greininni segir Gústaf frá því að Sveinbjörg Birna hafi verið „tekin í kennslustund í pólitískri réttthugsun“ af þremur ráðherrum Framsóknarflokksins – þ.á.m. forsætisráðherra, Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Á skrifum Gústafs má skilja að hann gangi afar ósáttur frá borði, því hann telur að Framsóknarflokkurinn komi ekki til með að eiga fulltrúa í borgarstjórn Reykjavíkur eftir kosningarnar 2018. Einnig vísar hann í að fjölmiðlar hafi rætt um hann, frekar en við hann, í tvær vikur. Gústaf segir „blaðabörnum“ hafi þótt óskaplega spaugilegt að hann bæri millinafnið Adolf og byggi á Kristnibraut, en ekki hafi verið fjallað um skoðanir hans og rök. Í lok greinarinnar segir Gústaf að sá lærdómur sem draga megi af þessu ferli sé að fjölmiðlar og stjórnmalamenn hiki ekki við að þagga niður í skoðunum fólks sem ekki hugsar í samræmi við „ríkjandi sjónarmið tíðarandans.“ Í kjölfarið bendir hann á mál Snorra Óskarssonar, oft kenndan við Betel, sem þiggi nú atvinnuleysisbætur og hann fái hvergi vinnu vegna hræðslu við þá sem hann segir vera í „pólitíska réttthugsunarliðinu.“ Gústaf lýkur greininni með þeim orðum að þessi atburðarás ætti að verða lögfræðingum og öðrum fræðimönnum áhugavert rannsóknarefni með hliðsjón af þeim mannréttindum sem felast í tjáningar- og skoðanafrelsi (Gústaf Níelsson, 2015).

7.3 Niðurstöður orðræðugreiningar

Hér er lögð fram greining á orðræðu rannsóknartímabilsins út frá rannsóknarviðmiðum verkefnisins um menningarlegan rasisma, sem skilgreind voru í 6. kafla. Ítrekað er að viðmiðin, eða skilyrðin fimm, sem um ræðir eru ekki algild heldur fyrst og fremst hugsuð sem almenn viðmið. Hvert mál og tilfelli er skoðað og metið samkvæmt aðstæðum hverju sinni.

7.3.1 Dæmi I – Kristni og íslam

Málið sem kom upp á landsfundi Sjálfstæðisflokksins, fyrir alþingiskosningarnar 2013, um „kristin gildi“ er ágætt dæmi um menningarlegan rasisma í stjórnmalum á Íslandi. Margir

stjórnmálamenn tjáðu sig um málið og létu skoðanir sínar í ljós, sérstaklega Emil Örn Kristjánsson með athugasemd sinni um sjaríalög; dregin er upp mynd af „okkur,“ kristnu og vestrænu fólki, í andstöðu gegn múslimum („þeim“) og þeirra gildum (sjaríalög). Þessi málflutningur uppfyllir þriðja skilyrði menningarlegs rasisma, sem er menningarleg eðlishyggja. Gefið er í skyn að eðlislægur og ósamrýmanlegur munur sé á milli kristinna og múslima, mismunandi gilda þeirra og laga. Hugmyndin um að lagasetning skuli ávallt taka mið af kristnum gildum, í meintri andstöðu við íslömsk sjaríalög, er blásin „yfirburðahyggja“ sem hefur vestræn og kristin gildi upp yfir önnur. Þetta er því *sterkur* menningarlegur rasismi.

7.3.2 Dæmi II – Mosfumálið

Mosfumálið er sígilt dæmi um undirliggjandi íslamófóbíu, útlendingahræðslu og útilokandi þjóðernishyggju sem blossar upp í samfélaginu (Kristján Þór Sigurðsson, 2014). Hvort sem „útspil“ Framsóknar og flugvallarvina fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 2014 var úthugsað eiður ei, þá spilaði það á þessa undirliggjandi fordóma.³⁰

Ólafur F. Magnússon lætur í ljós eitt bersýnilegasta dæmið um menningarlegan rasisma í þessari rannsókn. Ummæli hans árið 2013 um mögulega byggingu mosku í Reykjavík eru opinská og afdrátturlaus. Þau uppfylla öll fimm skilyrði þessarar rannsóknar um menningarlegan rasisma. Ólafur gerir ekki mikla tilraun til að fegra sínar skoðanir eða láta þær falla að pólitískri rétthugsun. Málflutningurinn er keimlíkur þeim sem kenna mætti við hefðbundinn rasisma, nema það að gert er út á trúar- og menningarlegan mismun, og þvertakið er fyrir það að skoðanir hans séu rasískar. Andstaða Ólafs við fjölmenningu er afdráttarlaus, en hann vill mismuna múslimum á grundvelli trúarbragða með því að leyfa þeim ekki að byggja bænahús hér á landi. Í staðinn vill hann að byggt verði ásatrúarhof sem yrði hafið upp „í góðri sátt“ við kristna og íslenska þjóðmenningu. Þetta bendir til „yfirburðahyggju“ íslenskar menningar og *sterks* menningarlegs rasisma. Ólafur gefur það í skyn að íslam séu eðlislega öðruvísi og óæðri trúarbrögð en kristni og ásatrú, vegna þess kvenfyrirlitning og ofbeldi séu innbyggð í íslam. Til viðbótar afdráttarlausu eðlishyggjunni dregur Ólafur upp skýra mynd af „okkur“ Íslendingum í andstöðu gegn múslimum, og vísar til átaka á milli þessara menningarheima. Erlend „útbreiðslusamtök múslima (*sic*)“ séu að reyna að grafa undan öryggi Íslendinga og hins vestræna heims. Til viðbótar þessu réttlætir Ólafur skoðanir sínar með því að segja hreint út að hans málflutningur eigi ekkert skylt við

³⁰ Sjá rannsóknir og kannanir um viðhorf til innflytjenda í viðauka.

rasisma, heldur sé hann einungis að reyna að láta gott af sér leiða. Þetta uppfyllir fimmta skilyrðið um afsakandi framkomu („ég er ekki rasisti, EN...“).

Umfjöllun um moskumálið blossaði aftur upp fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2014, þegar fleiri stjórnámálamenn tjáðu sig um málið. Þar má finna ýmis dæmi um menningarlegan rasisma. Upphafleg yfirlýsing Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur, þann 23. maí árið 2014, um að afturkalla ætti lóðarúthlutun borgarinnar fyrir mosku, uppfyllir skilyrðin fyrir menningarlegum rasisma. Fyrst og fremst uppfylla ummælin fjórða skilyrðið á þann hátt að þau ýja að menningarlegri mismunun, þ.e. að múslimar megi ekki fá að byggja bænahús ólíkt öðrum. Í upphaflegu færslunni minnir hún á þjóðkirkjuna í þessu samhengi og stillir þannig íslenskum menningarlegum gildum upp í andstöðu við íslam. Ummælin uppfylla einnig annað skilyrðið með því að láta í ljós andstöðu við fjölmenningu, í það minnsta hvað Ísland varðar, þar sem Sveinbjörg segist einnig vera andsnúinn byggingu annarra trúarbygginga hér á landi, á borð við „kirkjur fyrir grísku rétttrúnaðarkirkjunnar.“³¹ Hún afsakar einnig skoðanir sínar undan því að teljast til fordóma, með því að segja að þær byggi frekar á þekkingu hennar á málinu og reynslu erlendis frá, fremur en þekkingarleysi. Þá segist hún styðja trúfrelsi, þrátt fyrir að vera andsnúin því að múslimar byggi bænahús hér á landi. Þetta er skýrt dæmi um leyndarhyggju og afsakandi málflutning, og uppfyllir fimmta skilyrðið. Sveinbjörg fór lengra með málflutninginn í umræðuþætti á Stöð 2 þann 30. maí, daginn fyrir kosningar, þar sem hún ýjaði að því að „eins og Svíar“ þyrfti að bregðast við því hér á landi með löggjöf, að nauðungarhjórabönd yrðu hluti af samfélagsgerð Íslands ef moskan fengi að rísa í Sogamýrinni. Með þessu er dregin upp neikvæð staðalímynd af múslimum, þar sem gefið er í skyn að nauðungarhjórabönd séu eðlislæg menningu íslam. Þetta uppfyllir þar með þriðja skilyrðið um menningarlega eðlishyggju.

Samkvæmt rannsóknarviðmiðunum uppfylla ummæli Sveinbjargar fjögur skilyrði af fimm. Málflutningur Sveinbjargar er hógvær og er ekki hægt að líkja honum við hefðbundinn rasisma á grundvelli kynþátta. Ummælin flokkast tvímælalaust undir *mildan* menningarlegan rasisma, en ekki er hægt að ganga úr skugga um hvort þau standi fyrir einhvers konar „yfirburðahyggju“ með tilliti til kristni og íslenskrar/vestrænnar menningar.

Eygló Harðardóttir, tjáði sig um málið í kjölfar kosninganna, þann 4. júní 2014, og sagði að ræða þyrfti þær breytingar sem væru að verða í íslensku samfélagi í tengslum við aukna fjölmenningu. Þær geti skapað ótta og „ýmis ágreiningsmál.“ Þetta er dæmi um „tökum

³¹ Þarna á Sveinbjörg líklega við Rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna, sem þá hafði nýlega fengið úthlutaða lóð við Mýrargötu í Reykjavík.

umræðuna“ rökin, sem eru eitt einkenni, en þó ekki skilyrði, menningarlegs rasisma. Eygló ítrekar að flokkur hennar og flokksmenn séu umburðarlynt og jafnréttissinnað fólk, með því að telja upp þau fjöldamörgu trúarbrögð og þau lönd sem tilheyra bakgrunni ýmissa flokksmeðlima. Þetta er dæmi um afsakandi leyndarhyggju þar sem verið er að reyna að „taka umræðuna“ um „ágreiningsmálin“ sem fylgja aukinni fjölmenningu. Hægt er að túlka þessi ummæli Eyglóar á þann hátt að þau uppfylli þriðja og fimmta skilyrðið fyrir menningarlegum rasisma, þ.e.a.s. leyndarhyggju og andstöðu við fjölmenningu, en það er umdeilanlegt.

Brynjar Níelsson lætur í ljós skoðanir sínar í viðtali við DV í október 2014. Hann tjáir hiklaust andstöðu gegn fjölmenningu og segir að til átaka muni koma ef mál halda áfram að þróast á sömu leið. Því þurfi að takmarka innflytjendastraum til landsins. Þetta uppfyllir annað skilyrðið um menningarlegan rasisma, sem er andstaða við fjölmenningu. Hann lætur í ljós menningarlega eðlishyggju með því að gefa í skyn að íslam sé ósamrýmanlegt vestrænni „hugmyndafræði“ og menningu. Þessi málflutningur uppfyllir þriðja skilyrðið um menningarlega eðlishyggju. Ummæli hans bera því tvímælalaust vott um *mildan* menningarlegan rasisma. Hann ýjar að menningarlegri mismunun, en það er túlkunaratriði. Hann ýjar einnig að því að hefja beri íslenska menningu upp yfir aðra, en þau ummæli er ekki hægt að túlka með afgerandi hætti sem *sterkan* menningarlegan rasisma.

7.3.3 Dæmi III – Byssumálið

Ýmsir íslenskir stjórnmálamenn tjáðu sig um byssumálið sem kom upp síðla árs 2014. Mikið var rætt um hryðjuverkaógn sem kunni að steðja af íslömskum glæpasamtökum. Hræðsluáróður gegn þessari ónefndu ógn var þar áberandi, en það er eitt af einkennum menningarlegs rasisma, en þó ekki eitt af skilyrðunum fimm. Elín Hirst lét í ljós sérstaka hræðslu við ISIS-hryðjuverkasamtökin, og gaf það í skyn að þau gætu ráðist á Ísland. Jón F. Bjartmarz tók upp þráðinn og gaf það ennfreður í skyn að Íslandi stafaði ógn af ISIS og öðrum íslömskum hryðjuverkasamtökum. Aukin vopnavæðing lögreglunnar væri viðbragð við þessari ógn. Þráðurinn var jafnframt tekinn upp í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins þar sem gengið var skrefinu lengra og látið í veðri vaka að ISIS gætu hæglega ráðist inn í Ísland og rænt völdum í landinu.

Umdeilanlegt er hvort málflutningurinn í þessu máli uppfylli eitt af skilyrðunum fimm, en mörg af einkennum menningarlegs rasisma eru til staðar. Eingöngu er talað um ógnina sem Íslandi stafar af íslömskum hryðjuverkasamtökum, en ekki af íslam eða múslimum *per se*. Dregnar eru upp grófar staðalímyndir af íslömskum hryðjuverkamönnum og margar

langsóttar staðhæfingar settar fram. Einblínt er á ógn við þjóðaröryggi, en deila má um hvort að þeirri ógn sé beint gegn íslenskri og/eða „vestrænni“ menningu og gildum almennt.

7.3.4 Dæmi IV – Bakgrunnskoðun á múslimum

Ummælin sem Ásmundur Friðriksson lét falla í janúar 2015 um að rannsaka þyrfti sérstaklega bakgrunn allra múslima sem eru hér á landi og muni koma hingað til lands, teljast tvímælalaust til menningarlegs rasisma.

Ásmundur uppfyllir fjögur af skilyrðunum fimm fyrir menningarlegum rasisma. Umdeilanlegt er hvort Ásmundur láti í ljós skoðanir sem eru alfarið andsnúnar fjölmenningu. En hvað hin fjögur skilyrðin varðar, þá má með óbyggjandi hætti bera málflutning hans saman við hefðbundinn rasisma, nema það að einblínt er á menningar- og trúarlegan mismun. Hann telur að múslimar séu í eðli sínu hættulegri en aðrir og líklegri til þess að beita ofbeldi og fremja hryðjuverk. Hann leggur til að bakgrunnur þeirra verði skoðaður sérstaklega vegna þess. Þetta er skýrt dæmi um menningarlega eðlishyggju og menningarlega mismun. Hann dregur seinna í land með ummæli sín og segir að hann hafi ekki einungis átt við um múslima, heldur um alla þjóðfélagshópa sem geti mögulega stafað hætta af. Þó segir Ásmundur að „í hjarta sínu“ hafi hann vitað hvað hann var að segja. Í ræðustól Alþingis fagnar hann umræðunni sem hefur sprottið upp í samfélaginu um forvirkar rannsóknarheimildir. Þetta er dæmi um afsakandi framkomu og „tökum umræðuna“ rökin. Ásmundur lætur tvímælalaust í ljós skoðanir sem teljast til *milds* menningarlegs rasisma, en umdeilanlegt er hvort hann hafi sagt eitthvað sem túlka megi sem „yfirburðahyggju“ og *sterkan* menningarlegan rasisma.

Mikil umræða skapaðist í kringum ummæli Ásmundar í fjölmiðlum og fleiri stjórnámálamenn tjáðu sig í framhaldinu um mögulega hryðjuverkaógn á Íslandi, sem stafi af íslömskum öfgamönnum. Guðlaugur Þór Þórðarsson tók upp þráðinn á Alþingi, með því að vísa til viðtals í Morgunblaðinu við Helga Gunnlaugsson, afbrotasfræðing, og segir: „...það er fullkominn barnaskapur“ að halda því fram að hér geti ekki orðið hryðjuverkaárás. Hann harmar það hversu „lítil umræða“ hafi verið um þessi mál hér á landi. Hann endar á því að ítreka að það að skoðun hans sé: „að Ísland á að vera opið og við eigum alls ekki að mismuna fólki á grundvelli skoðana og trúarbragða.“ Þetta er dæmi um afsakandi framkomu og „tökum umræðuna“ rökin, en umdeilanlegt er hvort þetta uppfylli eitt af skilyrðunum fimm. Guðlaugur er sérstaklega að vísa til ógnarinnar sem stafar að íslömskum hryðjuverkamönnum, en einskorðar ekki mál sitt við íslam eða ákveðinn menningarheim, heldur nefnir einnig

árásirnar í Útey í Noregi 2011 sem dæmi. Málflutningur hans ber mörg einkenni menningarlegs rasisma, en ekki er hægt að fullyrða um slíkt.

7.3.5 Dæmi V – Skipun í mannréttindaráð Reykjavíkur

Í janúar 2015 var ákveðið að skipa Gústaf Níelsson sem varamann í mannréttindaráð Reykjavíkur. Mikil umræða skapaðist í fjölmiðlum vegna málsins og ýmsir stjórnámamenn tjáðu sig um það.

Fyrri orðræða og ummæli Gústafs frá árinu 2014 eru með bersýnilegri dæmum um menningarlegan rasisma í þessari rannsókn. Hann uppfyllir tvímælalaust öll skilyrðin fimm og lætur í ljós skoðanir sem flokkast sem *sterkur* menningarlegur rasismi. Hann segir Ísland vera „síðasta vígi kristinna manna,“ sem er skírskotun til átaka menningarheima. Hann heldur því jafnframt fram að íslömsk gildi séu svo grundvallarólík íslensku samfélagi að til þess að aðlagast hér á landi þyrftu múslimar að „kasta trúnni.“ Hann beitir einnig afsakandi framkomu þar sem hann reynir að réttlæta framkomu sína og gera sig að píslavætti tjáningar- og skoðanafrelsis, með því að segjast verða fyrir árás fjölmiðlamanna fyrir að hafa „vogað sér að tjá skoðanir, sem hinni pólitísku rétthugsun í landinu er vanþóknanleg (*sic*).“ Einnig reyni þeir að þagga niður í honum.

Í þessum kafla var orðræðugreining rannsóknarinnar lögð fram og helstu mál sem upp komu á viðmiðunartímabilinu 1. janúar 2013 til 1. júní 2015 tekin til umfjöllunar. Fyrst var fjallað um moskumálið og síðan önnur mál á borð við byssumálið, hugmyndir um bakgrunnskoðun á múslimum og umdeilda skipun í mannréttindaráð Reykjavíkur. Rannsóknarviðmiðunum var jafnframt beitt á orðræðugreininguna og nokkur dæmi tekin um tilvik þar sem greina má menningarlegan rasisma á sviði stjórn mála á Íslandi. Í næsta kafla er samantekt um þróun og stöðu þjóðernispopúlisma á Íslandi og fjallað um birtingarmyndir hans í fjölmiðlum.

8. ÞJÓÐERNISPOPÚLISMI Á ÍSLANDI

Í þessum kafla er samantekt um þróun og stöðu þjóðernispopúlisma á Íslandi. Fræðimenn, blaðamenn og margir þeirra sem fylgjast með orðræðu stjórnmálanna hafa um nokkurt skeið velt því fyrir sér hvers vegna stjórnmálaflokkur sem aðhyllist öfgahægristefnu hafi ekki komið fram og náð afgerandi árangri í kosningum á Íslandi, líkt og þróunin hefur verið í nágrannalöndunum. Orðræðan um aðlögun og réttindi innflytjenda og borgara af erlendum uppruna, einkum múslima og íslam, hefur þó teygst sig inn á svið stjórnmálanna hérlandis, líkt og fjallað er um í 7. kafla. Sú orðræða birtist með ýmsum hætti opinberlega, í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum og í sölum Alþingis. Segja má að orðræðan sé orðin þjóðernispopúlísk þegar stjórnmálamenn nýta sér tiltekið andrými í samfélaginu til þess að komast til áhrifa, einkum ef byggt er á þjóðernishyggju og/eða útilokandi þjóðernishyggju. Líkt og fjallað er um í 3. kafla, getur þjóðernispopúlismi verið notaður sem stjórnmálaaðferð til þess að afla fylgis í kosningum, komast til valda eða viðhalda völdum í lýðræðissamfélagi. Þegar alið er á fordómum og ótta við hið óþekkta, einkum ef slík orðræða tengist íslam og múslimum, getur slíkt flokkast sem íslamófóbía og/eða menningarlegur rasismi og fjallað er um í 3. og 4. kafla. Þjóðernispopúlísk stjórnmálahreying beitir þannig menningarlegum rasisma í orðræðu sinni.

8.1.1 Þjóðernishreyfing Íslands

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, fjallar um uppruna þjóðernishreyfingar á Íslandi í ævisögu um Gunnar Thoroddsen, fyrrum forsætisráðherra, sem kom út árið 2010. Eftir að lögreglulið Reykjavíkur var ofurliði borið í Gúttóslagnum árið 1932, stóð Jón Þorláksson, þáverandi formaður Sjálfstæðisflokksins, fyrir því að varalögregla var sett á laggirnar til þess að tryggja yrði, eins og Jón komst að orði, „að sterkasta aflið í landinu stæði ávallt bak við lögin.“ Sjálfstæðismönnum gramdist meint linkind flokksins og í apríl 1933 komu tugir þeirra að stofnun Þjóðernishreyfingar Íslendinga, þar sem þeir tóku höndum saman við róttækari menn, sem vildu fylgja kenningum og háttum þýskra nasista í einu og öllu. Guðni segir að í stefnuskránni hafi gætt nasískra viðhorfa, þess krafist að öflugt ríkisvald héldi uppi lögum og rétti í landinu og að hinn íslenski kynstofn yrði varinn á grundvelli „mannkynbótafræði“ nasista (Guðni Th. Jóhannesson, 2010, bls. 66-67). Guðni segir að Gunnar Thoroddsen hafi sótt fleiri hugmyndir að aðgerðum og flokksskipulagi í smiðju ítalska fasistaflokksins og þýskra nasista, sem væru öðrum færari í alls kyns áróðri. Gunnar hafi meðal annars sótt hugmyndir í bók Adolf Hitler, *Mein Kampf*, um áróðursaðferðir. Ætíð yrði þó að hafa í huga

leiðir til að verjast „nasistastimplinum.“ Þannig hafi heimsmynd sjálfstæðismanna verið, þeir yrðu að sýna sömu hörku og andstæðingarnir, annars yrðu þeir að engu (Guðni Th. Jóhannesson, 2010, bls. 69). Samstarf Sjálfstæðisflokksins og Þjóðernishreyfingarinnar lognaðist út af í kjölfar þingkosninga árið 1934, en þá bauð Flokkur þjóðernissinna fram, sem hafði Hitler að átrúnaðargoði. Þrátt fyrir slakt gengi í kosningunum, tókst þeim flokki að komast í sviðsljósið og halda úti þjóðernisáróðri í ætt við stefnu nasista (Guðni Th. Jóhannesson, 2010, bls. 107).

8.1.2 Þróun þjóðernispopúlisma á Íslandi

Í viðtali í Fréttablaðinu í september 2014, fjallar Eiríkur Bergmann um þá gerjun sem átt hefur sér stað í íslenskum stjórnmálum í ljósi uppgangs öfgahægri flokka í Evrópu. En slíkur flokkur hefur ekki náð fótfestu hér á landi hingað til. Eiríkur telur að sjónarmið sem hafi hrakist út á jaðarinn og hafi þótt óboðleg víðast hvar í Evrópu, hafi verið gjaldgeng í opinberri umræðu og innan stjórnmálaflokkanna á Íslandi. Þess vegna hafi ekki verið sérstök þörf á því hingað til að stofna sérstakan flokk utan um slík sjónarmið. Í seinni tíð hafi stjórnmálaflokkar á Íslandi tekið upp sum af þeim stefnumálum og aðferðum sem þjóðernispopúlístaflokkar í Evrópu beiti. Eiríkur tekur dæmi um moskumálið í þessu samhengi. Áhersla Framsóknarflokksins á þjóðmenningu, að hið íslenska sé einhvers konar andsvar við hinu útlenska, og að meiri afmörkun ætti að vera á milli „okkar“ sem tilheyrum þjóðinni og „hinna“ sem standi fyrir utan hana, sýni að flokkurinn er þjóðernishreyfing. Framsóknarflokkurinn beri því þegar mörg einkenni þjóðernispopúlístaflokks, þrátt fyrir að vera ennþá mýkri en sambærilegir flokkar á Norðurlöndunum (Freyr Bjarnason, 2014).

Hugtakið þjóðernispopúlismi í tengslum við hugmyndafræði og stefnu Framsóknarflokksins á síðustu árum, er aftur kynnt til sögunnar af Eiríki Bergmann í viðtali í Fréttatímanum 30. apríl 2015. Eiríkur segir að andstaða við fjölmeningarsamfélag, andstaða við innflytjendur, leiðtogadýrkun og einföld svör við flóknum spurningum séu klassísk dæmi um þjóðernispopúlisma. Slík „element“ séu í Framsóknarflokknum, án þess að hægt sé að slá því föstu að flokkurinn sé í heild sinni þjóðernispopúlístaflokkur. Eiríkur segir að andstaða við múslíma, tilbúningur á elítu og sér í lagi orðræða sem gerir greinarmun á milli „okkar“ sem tilheyrum hinum skilgreinda hópi sem ber að vernda, og „hinna“ sem eru fyrir utan hinn skilgreinda hóp sem beri að verjast, séu einkennandi fyrir þjóðernispopúlísta. Alið sé á leiðtogadýrkun um hinn sterka leiðtoga sem eigi að vera í sérstökum tengslum við alþýðuna og einföld svör veitt við flóknum spurningum. Popúlískir flokkar séu heldur ekki uppteknir af

innri mótsögnum, líkt og að lækka skatta og auka ríkisútgjöld. Miklar þjóðfélagshræringar og efnahagskreppur kalli á uppgang slíkra hreyfinga, sem hafi þó mýkra andlit núna en áður. Eiríkur segir: „Þetta eru ekki lengur snoðinkollahreyfingar sem öskra á kerfið heldur eru þetta jakkafataklæddir menn sem eru innan kerfisins“ (Halla Harðardóttir, 2015).

Atli Þór Fanndal, blaðamaður, fjallar um stöðu Framsóknarflokksins í rannsókn sem birtist í MAN magasín í júní 2014. Atli fullyrðir að Framsóknarflokkurinn uppfylli skilyrði popúlískrar stjórnmalahreyfingar og að „moskuútspil“ flokksins fyrir kosningarnar vorið 2014 hafi ekki verið tilviljun, heldur daður flokksins við popúlíska orðræðu. Með útspilinu hafi flokkurinn gengið lengra en áður með tilboði sínu um að kjósendum „byðist í nafni lýðræðisins“ að kjósa um hvort, hvernig og hvenær minnihlutahópur skyldi njóta jafnræðis fyrir lögum. Undir stjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar hafi útlendingaandúð fengið að grassera án þess að forysta flokksins hafi gripið inn í. Atli tekur fram að Framsóknarflokkurinn hafi ávallt svarað slíkri gagnrýni að um óvildarmenn flokksins sé að ræða og að fjölmiðlar séu undir oki annarlegra hagsmuna. Atli segir að slík togstreita sé popúlistum nauðsynleg, enda tali þeir beint inn í þá tilfinningu fólks að það verði undir í samfélaginu. Atli segir: „Togstreitan skapar þeim sem telja á sig hallað í umræðunni rými til að taka ekki ábyrgð á afleiðingum orða sinna og gjörða. Togstreitan skapar hreyfingunni, meðlimum hennar og forsvarsmönnum fjarvistarsönnun þegar andstæðingar saka hreyfinguna um öfga, hatur eða popúlisma.“ Boðin sé lausn á eigin vanda „hins almenna borgara“ með „einfeldingslegum frösum og töfralausnum.“ Slíkar hreyfingar skorti þó iðulega formfasta áætlun og getu til að útskýra í smáatriðum hvernig ná eigi fram boðuðu réttlæti. Meðal þess sem einkenni hægri popúlistahreyfingar sé hugmyndin um skýran og afmarkaðan óvin sem sakaður sé um að kosta samfélagið of mikið, efasemdir um ríkjandi stjórnarform og samfélagsstofnanir, efasemdir um fjölmenningsamfélagið, andúð á útlendingum, einkum múslimum og íslam á Vesturlöndum. Atli segir: „Áberandi í tungutaki popúlista eru hugmyndir um bannhelgi umræðunnar sökum pólitíks rétttrúnaðar. Í hugarheimi popúlistanna er málfrelsinu þannig ógnað af öfgafullum rétttrúnaði fjölmenningsarinnar.“ Þegar tekist er á um samfélagsmál sé popúlískur flokkur iðulega „fórarlamb óvildarmanna“ (Atli Þór Fanndal, 2014).

8.1.3 Jarðvegur fyrir popúlistahreyfingu?

Í ljósi greiningar Atla Þórs er vert að huga að því hversu lengi slíkar breytingar á Framsóknarflokkinum kunna að hafa verið í farvatninu. Í viðtali í útvarpsþættinum *Ísland í*

bítið, þann 5. október 2010, sagði Eiríkur Bergmann, að loknum fjölmönnum mótmælum á Austurvelli við eldhúsdagsumræður kvöldið áður, að hætta væri á því að hér gæti verið að myndast jarðvegur fyrir „lýðskrumarahreyfingu“ eða „hægri popúlistahreyfingu.“ Hann taldi upplausnarástand ríki í íslenskum stjórnmálum. Mikill órói var í samfélaginu á þessum tíma og í mótmælunum, sem fengu nafnið „tunnumótmælin“ (vegna hávaða sem barst úr oliutunnum sem fluttar voru með vörubíl á svæðið), birtust einstaklingar og smærri hópar sem flögguðu fánum byltingarhreyfinga, sem og fasískra stjórnmálaafla, m.a. fána nasista. Eiríkur sagði að sá mikli fjöldi sem hafi mótmælt við Alþingi væri til marks um kröfu almennings um endurnýjun í stjórnmálum. Ljóst væri að breytinga væri þörf, en þó væri óljóst hvað ætti að taka við (Erla Hlynsdóttir, 2010).

Framsóknarflokkurinn hefur mótmælt afstöðu Eiríks, en stuttur pistill hans, sem bar heitið *Þjóðleg gildi og andstaðan við innflytjendur* og birtist í Fréttatímanum þann 4. nóvember árið 2011, vakti mikla reiði framsóknarmanna. Í umfjöllun um þjóðernishreyfingar á Íslandi veltir Eiríkur því fyrir sér hvort Framsóknarflokkurinn hyggist sækja á þau mið í framtíðinni og setur uppgang þjóðernispopúlisma í samhengi við efasemdir um stefnu fjölmenningsarsamfélaga (Eiríkur Bergmann, 2011). Eiríkur segir:

Í allra síðustu tíð hefur Framsóknarflokkurinn svo eilítið farið að daðra við þjóðernisstefnuna. Breytingar á merki flokksins vísa til að mynda í klassísk fasísk minni og áhersla hefur verið á að sýna þjóðleg gildi á fundum flokksins, svo sem glímusýningu undir blaktandi þjóðfánanum. Orðræða sumra þingmanna hefur í auknum mæli einkennst af hollustu við þjóðernið. Enn er þó ekki ljóst hvort flokkurinn ætli sér að sækja enn lengra inn í þetta mengi (Eiríkur Bergmann, 2011).

Í kjölfarið sendi þingflokkur Framsóknarflokksins frá sér yfirlýsingu þar sem vegið var að Eiríki sem fræðimanni fyrir greininguna, auk þess sem tekið var fram að hann sé fyrrum varaþingmaður Samfylkingarinnar og hafi skrifað greinina í pólitískum tilgangi. Yfirlýsinguna má sjá í heild sinni í viðauka, en þar segir meðal annars:

Framsóknarmenn geta ekki setið undir ósönnum aðdróttunum um þjóðernisöfgar og útlendingahatur, aðdróttunum sem settar eru fram í pólitískum tilgangi og á fráleitum forsendum. Ekkert í stefnu flokksins réttlætir slíka umfjöllun, þvert á móti, enda víkur Eiríkur ekki einu orði að stefnu flokksins í skrifum sínum. Þingflokkurinn telur mjög alvarlegt að fulltrúi háskólastofnunar leyfi sér að koma fram á þennan hátt (Þingflokkur Framsóknarflokksins, 2011).

Vigdís Hauksdóttir, þingkona, skrifaði í kjölfarið grein sem birtist í Morgunblaðinu 10. nóvember 2011, þar sem hún fordæmdi skrif Eiríks og sagði: „Ég skora á skólastjórn

Háskólans á Bifröst og rektor skólans að fara yfir hegðun doktor Eiríks sem starfsmanns ríkisstyrkts háskóla. Ekki doktorsins vegna – heldur vegna orðstírs Háskólans á Bifröst“ (Vigdís Hauksdóttir 2011, bls. 21). Vigdís tortryggir jafnframt samband Háskólans á Bifröst og Fréttatímans, þar sem auglýsing frá skólanum birtist á sömu blaðsíðu og pistill Eiríks. Hún ávarpar svo Eirík með beinum hætti:

Grein þín í Fréttatímanum liðna helgi er til marks um það – að grípa til þeirra bragða sem þú notaðir þar – ætti að vera ástæða til að vísa þér úr starfi í Háskólanum á Bifröst. Þar ferðu yfir öfgahreyfingar í Evrópu og á Norðurlöndunum og lýsir hatri þeirra á innflytjendum. Þú ferð einnig yfir hin hræðilegu Úteyjarmorð og berð þetta svo allt saman við Framsóknarflokkinn og telur hann hafa breyst í þessa átt hin allra síðustu ár. Ég fyllist viðbjóði, doktor Eiríkur, á samlíkingunni og afþakka slíkar samlíkingar fyrir mína hönd og framsóknarmanna allra (Vigdís Hauksdóttir, 2011, bls. 21).

Í yfirlýsingu þingflokks Framsóknarflokksins, kemur m.a. fram sú skoðun að ekki sé hægt að líta á Eirík sem óháðan álitsgjafa um stjórnámálaleg álítaefni. Hann er jafnframt sakaður um að framsetning greinarinnar sé ófyrirleitið áróðursbragð, að hún sé skaðleg og til þess fallin að villa um fyrir lesendum (Þingflokkur Framsóknarflokksins, 2011). Þá segir í yfirlýsingunni:

Þingflokkur framsóknarmanna fordæmir þessa villandi og meiðandi umfjöllun og framsetningu. Allar aðdróttanir um öfgafulla þjóðernishyggju og andúð á innflytjendum í Framsóknarflokknum eru ósannar og eiga sér enga stoð í stefnu og málflutningi flokksins heldur þjóna pólitískum markmiðum viðkomandi. Þingflokkur framsóknarmanna leggur til að Fréttatíminn og Háskólinn á Bifröst geri upp við sig til framtíðar hvað þau telja samboðið virðingu sinni að birta opinberlega í sínu nafni. Ósannar ásakanir og villandi framsetning, að því er virðist í pólitískum tilgangi, rýra verulega trúverðuleika beggja aðila (Þingflokkur Framsóknarflokksins, 2011).

Af þessum viðbrögðum Framsóknarflokksins að dæma, telur Atli Þór Fanndal að halda mætti að flokkurinn, allir hans trúnaðarmenn, kjósendur og forysta komi af fjöllum vegna ásakana um þjóðernispopúlískt daður (Atli Þór Fanndal, 2014). Hann segir:

...að umræðan um dans flokksins á línu skrums og ábyrgrar orðræðu ættu því að koma fáum á óvart og sérstaklega ekki Framsóknarfólki sjálfu. Af þeim sökum eru síendurtekin hneykslunarviðbrögð þeirra sem starfa í Framsóknarflokknum undarleg svo ekki sé meira sagt. Þannig hefur flokkurinn og meðlimir hans tamið sér að bregðast við líkt og þau komi algjörlega af fjöllum enda sé gagnrýnin svo fjarstæðukennd að erfitt sé að svara henni. Viðbrögð, sem eru nauðsynlegur þáttur í að skilgreina alla gagnrýni af þessari hálfu, sem fordóma, misskilning eða andúð á flokknum (Atli Þór Fanndal, 2014).

Atli Þór segir að finna megi líkindi með málflutningi flestra flokka og popúlisma. Stefna „lýðhyggju“ sé við fyrstu sýn keimlík lýðræði og að erfitt sé að finna íslenskan stjórnmalaflokk sem ekki hafi gælt við popúlíska orðræðu og hugmyndir (Atli Þór Fanndal, 2014). Atli Þór segir:

Framsóknarflokkur Sigmundar Davíðs er hinsvegar svo gegnumskýrður af popúlískum hugmyndum og orðræðu að fyllilega sanngjarnt er að tala um Framsóknarflokkinn sem popúlískan hægri flokk þótt aðrir flokkar fái ekki þann stimpil. Raunar er langt síðan erlendir fjölmiðlar hófu að kalla Framsóknarflokkinn popúlískan flokk án fyrirvara þótt innlendir fjölmiðlar séu þar tregari til (Atli Þór Fanndal, 2014).

Baldur Þórhallsson, stjórnmálafræðingur, fjallar um uppgang öfgahægri flokka í viðtali í fréttum Stöðvar 2 í september 2014. Baldur segir:

Stundum er talað um þessa flokka sem lýðskrumsflokka vegna þess að þeir velja sér tiltekið málefni sem eru vel fallin til vinsælda hjá tilteknum hópum hverju sinni. Þeir hika þá ekki við að skrumskæla sannleikann þegar það kemur að málflutningi þeirra varðandi t.d. málefni innflytjenda eða glæpi í samfélaginu og draga upp mjög dökkar myndir af því sem er að gerast og reyna jafnvel að ýta undir hræðsluáróður til að fá fólk til liðs við sig (Hjörtur Hjartarson, 2014).

8.1.4 Frá jaðrinum inn í meginstraum

Í viðtali í Fréttablaðinu í september 2014, um uppgang hægriöfga flokka og þjóðernispopúlísta flokka í Evrópu, sagði Eiríkur Bergmann að margir flokkanna notfærðu sér slæmt efnahagsástand í kjölfar kreppunnar. Árangur Svíþjóðardemókrata í nýafstöðnum þingkosningum í Svíþjóð hefði því ekki þurft að koma á óvart miðað við það sem hafi verið að gerast víðar í Evrópu. Það sem sé sérstakt við Svíþjóðardemókratana er að þeir séu harðari þjóðernispopúlístar en aðrir flokkar, hafi mun skýrari tengingu við nýnastistahreyfingar og séu að mörgu leyti fasískari í orðræðunni. Eiríkur segir: „Það sem er að gerast núna eftir fjármálakrísuna er að það er komin fram þriðja kynslóð þjóðernispopúlísta flokka frá því eftir seinni heimsstyrjöld. Hún er frábrugðin þeim fyrri því hún fjarlægir sig frá skýrum tengslum við nasisma og fasisma.“ Eiríkur segir að hreyfingarnar hafi skipt um taktík eftir fjármálakreppuna og farið meira inn í meginstraumsstjórnmál. Þær hafi flutt sig af jaðrinum og inn í það þóknanlega. Svíþjóðardemókratarnir sem séu sögulega beintengdir nýnasistum, hafi umbreyst á fáum árum og einfaldlega skipt um nafn. Eiríkur segir: „Fasisminn felur sig alltaf. Hann klæðir sig í þann felubúning sem þykir ásættanlegur á hverjum tíma. Hann birtist ekki í sama formi og slíkar hreyfingar voru í annarri tíð, heldur í þeirri tíð sem gildir. Að því leyttinu til fer hann mjög leynt“ (Freyr Bjarnason, 2014).

Þorsteinn Pálsson, fyrrum forsætisráðherra, fjallar um kosningaloforð Framsóknarflokksins í pistli sem birtist í Fréttablaðinu þann 2. nóvember árið 2013 og segir að með loforði um endurgreiðslu húsnæðislána hafi endanlega orðið til íslenskur þjóðernispopúlístaflokkur. Hann segir að fjármálakreppan í Evrópu hafi aukið fylgi við flokka sem byggi á samblandi þjóðernislegra tilfinninga og popúlisma. Sumir flokkanna hafi jafnvel á sér yfirbragð fasisma og það sem sameini þá, sé rík þjóðernishyggja og andstaða við Evrópusamvinnu, neikvæð afstaða til innflytjenda og yfirboð á afmörkuðum sviðum velferðar- og félagsmála. Þorsteinn segir: „Framsókn er fyrsti og eini flokkur sinnar tegundar á Evrópska efnahagssvæðinu til þess að veita ríkisstjórn og landi forystu. Þó að þessi pólitík hafi verið lengi á leiðinni til Íslands hefur hún náð hærra flugi hér en annars staðar“ (Þorsteinn Pálsson, 2013, bls. 18).

Guðmundur Hálfðánarson fjallar um þjóðernispopúlisma í skugga moskumálsins í viðtali í Fréttablaðinu þann 26. maí árið 2014, nokkrum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar. Guðmundur segir popúlísk viðhorf einkenna Framsóknarflokkinn og síðasta spilin sem hafi greint þá frá slíkum stjórn mála flokkum í Evrópu, andúð á innflytjendum, hafi verið spilað út með moskumálinu. Ekki hafi sést í þetta útspil áður. Einkum tvö mál séu sameiginleg einkenni þessara flokka, andstaða við Evrópusambandið og viðbrögðin við kreppunni og fjármálalegu hnattvæðingu undanfarinna ára. Guðmundur segir: „Það er svona andúð á ‚establishmentinu‘ eða ‚elítunni‘ sem einkennir þessa popúlísku flokka líka. Þeir hafa unnið með óánægju fólks og áhyggjur sem hafa komið upp, sem óneitanlega Framsóknarflokkurinn hefur gert.“ Guðmundur segir að það eigi eftir að koma í ljós hvort flokkurinn taki málefnið upp á landsvísi eða ekki, en ljóst sé að verið sé að prufukeyra málið í Reykjavík. Hin háværa þögn forystunnar sé merki um að menn hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að tjá sig ekki, til þess að sjá hvernig muni spilast úr. Fordæmið sé frá Evrópu, þar sem kjósendur sem hafi áhyggjur af innflytjendum vilji láta loka löndum sínum fyrir þeim. Íslendingar séu ekkert öðruvísi hvað það varðar. Guðmundur segir að staðan og útspilið nú, tengist djúpstæðum tilvistarvanda flokksins, hann sé upphaflega fyrst og fremst landsbyggðarflokkur, sveitaflokkur sem hafi sótt fylgi sitt til hinna dreifðu byggða. Kjósendum hafi fækkað og flokkurinn hafi verið að reyna að skapa sér sérstöðu í hinu nýja pólitíska landslagi. Samvinnuhreyfingin sem bakhjarl flokksins sé horfin og sú umbreyting birtist í tilviljunarkenndri stefnu (Jakob Bjarnar Grétarsson, 2014a). Guðmundur segir:

Enginn flokkur hefur flakkað eins mikið, ekki er langt síðan flokkurinn var tiltölulega Evrópusinnaður. Halldór Ásgrímsson var að sumu leyti einn helsti Evrópusinni íslenskra stjórnámamanna, meðan Samfylkingin var ekki einu sinni með þau mál ofarlega á baugi. Nú er

flokkurinn harðasti andstæðingur Evrópu sem bendir til þess að flokkurinn sé nokkuð laus í rásinni (Jakob Bjarnar Grétarsson, 2014a).

Margrét Tryggvadóttir, fyrrum þingkona, hefur sagt opinberlega að hún óttist daður Framsóknarflokksins við útlendingaandúð og orðræðu flokksins í utanríkismálum. Í viðtali sem birtist í Kjarnanum í desember 2013 segir hún að þau sem hafi myndað Borgarahreyfinguna og síðar Hreyfinguna, hafi verið meðvituð um að inn í þessar nýju hreyfingar kynnu að leita „xenófóbísk öfl,“ enda spretti slík viðhorf upp þegar þrengi að efnahagslega. Þau þrjú sem hafi myndað þingflokkinn hafi ætlað að berjast slíkt niður ef þau gætu. Margrét segir:

En svo finnur þessi orðræða sér stað ekki hjá okkur heldur í elsta stjórnmalaflokknum. [...] Mér finnst þessi orðræða hafa fundið sér ákveðna fótfestu inni í Framsóknarflokknum núna. Ég þekki marga þingmenn þar og sumt af þessu fólki er á algjörlega öndverðum meiði og tekur engan veginn undir þessa orðræðu. En það lýsir þeim skoðunum sínum ekki út á við. Og það er mjög hættulegt þegar ekkert opinbert nei kemur frá Framsóknarflokknum gegn þessum skoðunum. Vondir hlutir gerast þegar gott fólk stendur hjá og gerir ekki neitt. Mér finnst það dálítið óhugnanlegt (Þórður Snær Júlíusson, 2013, 37-44).

Hún telur jafnframt að hópur fólks á Íslandi sé sannarlega haldinn útlendingaandúð og að forysta Framsóknarflokksins hafi leyft því að gerast að flokkurinn höfði til þessa hóps. Margrét segir: „Ég held að Sigmundur Davíð sé í raun enginn rasisti. Eins og ég þekki hann er hann mjög víðsýnn og skemmtilegur maður. En hann leyfði þessu samt að malla. Og flokkurinn græddi á því í síðustu kosningunum“ (Þórður Snær Júlíusson, 2013, bls. 37-44).

Jóhannes Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, krafðist opinberrar afsökunarbeiðni frá Margréti vegna ummælanna og sagðist vera „algjörlega krossbrjálaður“ yfir því að hún hafi leyft sér að ljúga því blákalt upp á hann og samstarfsfólk hans í Framsóknarflokknum að þau séu gróðrarstía útlendingahaturs. Jóhannes sagði: „Hvað gengur þessari konu til?! Ég myndi aldrei, aldrei, aldrei! vinna í stjórnmalaflokki sem hefði slíkt á stefnuskrá eða ynni að einhverjum slíkum markmiðum á bak við tjöldin (*sic*).“ Hann tekur fram að þingflokkurinn hafi sent skýr skilaboð í þessa veru þegar Eiríkur Bergmann hafi viðrað svipaðar aðdróttanir. Jóhannes segir: „Reynsla mín af framsóknarfólki, bæði í grasrót og forystu, er heilt yfir sú að þar fari frjálslýnt fólk sem ber virðingu fyrir öðru fólki sama hvaðan í veröldinni það er upprunnið. Það er hreinlega skammarlegt hjá Margréti að láta hafa slíkt fullkomið kjaftæði eftir sér á opinberum vettvangi (*sic*)“ (Eyjan, 2013).

8.1.5 Miðjupólitík eða nýr lágpunktur?

Karl Garðarsson, þingmaður, svarar því í viðtali sem birtist í DV þann 18. júní árið 2014 hvort Framsóknarflokkurinn sé farinn að líkjast „öfgafullum popúlístaflokkum“ sem ryðja sér nú til rúms víðs vegar um Evrópu. Karl segist ekki vera sammála þeirri umræðu. Menn innan flokksins hafi þó verið með ákveðnar yfirlýsingar sem hann sé ekki sáttur við. Slíkar yfirlýsingar hafi áhrif á flokkinn í heild sinni. Karl segir: „Ég er ekki öfgamaður til hægri eða vinstri. Ég tel að sú miðjupólitík sem Framsóknarflokkurinn standi fyrir sé farsælust almennt séð. Flokkurinn þarf, ef ég á að vera alveg heiðarlegur, aðeins að fara að líta nær sjálfum sér og endurskoða ákveðnar áherslur.“ Hann telur að einstaklingar innan flokksins séu farnir að leita of mikið til hægri og séu jafnvel komnir hægra megin við Sjálfstæðisflokkinn í ákveðnum málum. Karl segir að flokkurinn sem slíkur sé þó ekki þar, hann sé og eigi að vera miðjuflokkur (Baldur Eiríksson, 2014, bls. 28-30).

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson svaraði ásökunum um þjóðernis-popúlisma og „kynþáttahyggju“ í ræðu á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins þann 11. júlí árið 2014, að loknum sveitarstjórnarkosningum. Sigmundur gagnrýndi þá umræðu sem upp hafi komið í kjölfar ummæla oddvita flokksins í Reykjavík um að afturkalla ætti lóð til Félags múslima. Sigmundur sagði: „Að menn skuli nýta sér slíkt mál, í pólitískum tilgangi til að koma höggi á andstæðinga, er nýr lágpunktur í stjórn málaumræðu seinni tíma“ (Gunnar Atli Gunnarsson, 2014).

Í nýrri grein Eiríks Bergmann, *Populism in Iceland: Has the Progressive Party turned populist?* sem birtist í tímaritinu Stjórn mál & Stjórnsýsla þann 15. júní 2015, rannsakar Eiríkur hvort Framsóknarflokkurinn hafi á undanförunum árum stigið inn í mengi þjóðernispopúlisma. Eiríkur segir að þrátt fyrir að þjóðernishyggja hafi ávallt verið sterkt afl í íslenskum stjórnmálum, hafi fullmótaðir popúlískir flokkar ekki komið fram af fullum þunga, né náð alvöru árangri fyrr en eftir efnahagshrunið 2008. Í kjölfar hrunsins hafi endurnýjuð forysta tekið yfir Framsóknarflokkinn, sem hafi skjótt umbreyt í átt að enn þjóðernissinnaðri og popúlískri stefnu. Stefna flokksins eigi sér þó ennþá rætur í þjóðernishyggju frekar en þjóðernispopúlisma, en þegar umræðan er skoðuð og samskiptamynstur núverandi forystu og þær breytingar sem hafa orðið á því á eftirhrunsárunum, sé ekki óvarlegt að staðsetja flokkinn meðal mildari þjóðernispopúlístaflokka nágrannaríkjanna í Evrópu. Að mati Eiríks er einna helst að finna samsvörun með stöðu Framsóknarflokksins og Framfaraflokksins (n. *Fremskrittspartiet*) í Noregi (Eiríkur Bergmann, 2015). Í viðtali við Vísi í tilefni af birtingu

greinarinnar segir Eiríkur að það sé fyrst og fremst áherslan á þjóðernishyggju sem Framsóknarflokkurinn skori hátt á þeim kvörðum sem þjóðernispopúlismi sé skilgreindur út frá. Flokkurinn sé í toppi hvað varðar þjóðernisáherslur, en hann skori jafnframt hátt í öðrum „kategoríum“ líkt og í andstöðu við fjölmenningu og múslima og geri út á andstöðu við Evrópusambandið og tilbúna elítu. Flokkurinn leggi jafnframt áherslu á sterkan leiðtoga, einföldun á flóknum málefnum, auk þess að segjast tala fyrir hinn almenna borgara, alþýðuna í landinu og tala fyrir innlendri framleiðslu. Slíkir flokkar hafa efasemdir um fjölmenningu og þeir greina skýrt á milli „okkar“ og „hinna,“ bjóða einfaldar lausnir við flóknum úrlausnarefnum og kippa sér ekki upp við innri mótsagnir (Jakob Bjarnar Grétarsson, 2015). Eiríkur segir ekki auðvelt að skilgreina fyrirbærið þjóðernispopúlisma:

Þjóðernispopúlískar hreyfingar eru enda allskonar, hafa oft ólíkar skoðanir á hinu og þessu, oft mjög breytilegar frá einu landi til annars og byggja oft á aðstæðum í hverju landi fyrir sig sem geta verið æði ólíkar, hverfast því oft um jafnvel gagnstæða hagsmuni milli landa. Þjóðernispopúlismi er þess heldur þunn hugmyndafræði, ekki heilsteypt kenningakerfi eins og frjálshyggja eða félagshyggja, heldur frekar aðferð í stjórnmálastarfi (Jakob Bjarnar Grétarsson, 2015).

Í þessum kafla var gerð samantekt um þróun og stöðu þjóðernispopúlisma á Íslandi og birtingarmyndir hans á opinberum vettvangi skoðaðar. Þjóðernispopúlismi er ásamt þjóðernishyggju og útilokandi þjóðernishyggju einn undirliggjandi þátta þegar greina á menningarlegan rasisma. Segja má að þegar stjórnmálahreyfing er orðin þjóðernispopúlísk, beitir hún orðræðu menningarlegs rasisma í áróðri og stefnu sinni og nýtir sér þar með tiltekið andrými í samfélaginu til þess að komast til valda eða viðhalda völdum. Í framhaldinu eru heildarniðurstöður verkefnisins kynntar í næsta kafla.

9. NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla eru niðurstöður verkefnisins kynntar. Rannsóknarspurningin sem varpað var fram í upphafi greinargerðarinnar er:

Hvað er menningarlegur rasismi og hvernig má greina hann í orðræðu á sviði íslenskra stjórn mála, í tengslum við múslima og íslam?

Fyrri hluti spurningar snýst um að svara því hver merking hugtaksins *menningarlegur rasismi* er, og að skilgreina og staðsetja fyrirbærið með öðrum helstu hugtökum og kenningum innan stjórnmálafræðinnar.

Menningarlegur rasismi er ný og lítt þekkt tegund af rasisma sem hefur komið fram á sjónarsviðið á síðustu árum, er beintengd við þjóðernispopúlisma og grundvölluð á útlendingahræðslu, útilokandi þjóðernishyggju og íslamófóbíu á Vesturlöndum. Þetta er fyrirbæri sem skiptir kynþáttum hefðbundins rasisma út fyrir menningu, og gengur út á að aðgreina fólk, þjóðir og þjóðfélagshópa eftir ólíkum menningarlegum uppruna og trúarbrögðum. Hefðbundinn „líffræðilegur“ rasismi hefur verið á undanhaldi og nýtur ekki viðurkenningar lengur eftir að grundvallarforsendur hans voru afsannaðar með nútímavísindum. Í staðinn hafa sambærilegir fordómar, og ótti við hið óþekkta og framandi, tekið á sig nýjar myndir og form. Þessi nýja tegund rasisma breiðist út með duldem hætti í skjóli leyndarhyggju og hefur aðlagast breyttri heimsmynd og tíðaranda. Menningarlegur rasismi hefur þannig hlotið ákveðna ómeðvitaða „viðurkenningu“ og fengið byr undir báða vængi upp á síðkastið. Á Vesturlöndum er hann þannig beintengdur við íslamófóbíu, andstöðu gegn innflytjendum og almennri andstöðu gegn fjölmenningu. Um er að ræða eðlishyggju á grundvelli menningar sem er notuð til að mismuna þjóðfélagshópum eftir menningarlegum einkennum. Fullyrt er að ólíkir menningarheimar séu ósamrýmanlegir, en stundum er stigið skrefinu lengra og því haldið fram að átök á milli þessara heima séu óumflýjanleg og standi nú yfir.

Seinni hluti rannsóknarspurningarinnar felst í því að athuga hvernig mætti greina menningarlegan rasisma í orðræðu á sviði stjórnmála á Íslandi. Niðurstöður fræðilegrar greiningar voru dregnar saman í rannsóknarviðmið fyrir orðræðugreiningu; fimm skilyrði sem skilgreina menningarlegan rasisma og birtingarmyndir hans í orðræðunni. Einnig var gerður greinarmunur á tveimur stigum menningarlegs rasisma, *mildum* og *sterkum*, og þessi stig skilgreind.

Skilyrðin fimm eru:

- *Menning í stað kynþáttar*
- *Andstaða við fjölmenningu*
- *Menningarleg eðlishyggja*
- *Menningarleg mismunur*
- *Afsakandi leyndarhyggja*

Niðurstöður úr orðræðugreiningu á rannsóknartímabilinu 1. janúar 2013 til 1. júní 2015, þar sem þessum rannsóknarviðmiðum var beitt, voru eftirfarandi:

Tvímælalaust var hægt var að greina menningarlegan rasisma í orðræðu á sviði stjórnmalanna í allnokkrum tilvikum, þar sem flest af skilyrðunum fimm voru uppfyllt og dæmi voru um *sterkan* menningarlegan rasisma. Ákveðin mál stóðu upp úr, þar sem ítrekað bar á umræddum tilvikum. Það eru helst moskumálið, byssumálið, hugmyndir Ásmundar Friðrikssonar um bakgrunnsrannsókn á múslimum – sem fleiri stjórnmalamenn tjáðu sig um – og umræða í kringum umdeilda skipan Gústafs Níelssonar í mannréttindaráð Reykjavíkur.

Eftirfarandi eru dæmi um niðurstöður sem beiting rannsóknarviðmiðanna á niðurstöður orðræðugreiningar skilaði:

Í orðræðu Emils Arnar Kristjánssonar um kristin gildi og sjaríalög má greina menningarlega eðlishyggju sem uppfyllir þriðja skilyrðið, og „yfirburðahyggju,“ sem telst til *sterks* menningarlegs rasisma.

Ólafur F. Magnússon lætur í ljós eitt bersýnilegasta dæmið um menningarlegan rasisma í þessari rannsókn. Ummæli hans um mögulega mosku í Reykjavík eru opinská og afdráttarlaus, og uppfylla öll fimm skilyrði þessarar rannsóknar um menningarlegan rasisma. Ólafur sýnir af sér „yfirburðahyggju“ og þar með *sterkan* menningarlegan rasisma, með því að hefja ásatrúarhof og íslenska þjóðmenningu upp yfir mosku og íslam.

Í moskumálinu sjálfu má finna ýmis dæmi um menningarlegan rasisma. Upphafleg yfirlýsing Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur um að afturkalla bæri lóðarúthlutun borgarinnar undir mosku, uppfyllir fjögur skilyrði af fimm fyrir menningarlegum rasisma. Hún talar fyrir menningarlegri mismunur, eðlishyggju og andstöðu við fjölmenningu. Hún afsakar einnig skoðanir sínar sem hún telur að teljist ekki til fordóma, með því að segja að þær byggi frekar á þekkingu hennar á málinu og reynslu erlendis frá, fremur en þekkingarleysi. Þá segist hún styðja trúfrelsi, þrátt fyrir að vera andsnúin því að múslimar byggi bænahús hér á

landi. Þessi dæmi um ummæli í tengslum við málið á opinberum vettvangi sýna fram á *mildan* menningarlegan rasisma.

Eygló Harðardóttir sýnir af sér í viðtölum vott af afsakandi leyndarhyggju og andstöðu við fjölmenningu, þar sem hennar orðræða snýst um að taka verði „umræðuna“ um „ágreiningsmálin“ sem fylgja aukinni fjölmenningu. Hægt er að túlka þessi ummæli Eyglóar á þann hátt að þau uppfylli annað og fimmta skilyrðið fyrir menningarlegum rasisma, en þó er það umdeilanlegt.

Ummæli Brynjars Níelssonar uppfylla án vafa annað og þriðja skilyrðið um menningarlegan rasisma. Hann tjáir andstöðu við fjölmenningu og lætur í ljós menningarlega eðlishyggju með því að gefa í skyn að íslam sé ósamrýmanlegt „vestrænni hugmyndafræði“ og menningu. Ummæli hans bera tvímælalaust vott um *mildan* menningarlegan rasisma.

Umdeilanlegt er hvort málflutningurinn í byssumálinu uppfylli eitt af skilyrðunum fimm, en mörg af einkennum menningarlegs rasisma eru til staðar. Eingöngu er talað um ógnina sem Íslandi stafar af íslömskum hryðjuverkasamtökum, en ekki af íslam eða múslimum sem slíkum. Dregnar eru upp grófar staðalímyndir af íslömskum hryðjuverkamönnum og margar langsóttar staðhæfingar settar fram. Einblínt er á ógn við þjóðaröryggi, en deila má um hvort að ógnin sem talað er um, sé beint gegn íslenskri og/eða „vestrænni“ menningu og gildum almennt.

Með hugmyndum sínum og málflutningi, m.a. í ræðustól Alþingis, um nauðsyn bakgrunnskoðunar á múslimum, uppfyllir Ásmundur Friðriksson fjögur skilyrði af fimm fyrir menningarlegum rasisma. Þetta er menningarleg mismunur og eðlishyggja, sem er keimlík orðræðu hefðbundins rasisma. Hann beitir einnig „tökum umræðuna“ rökunum þegar hann segist fagna umræðunni sem hefur sprottið upp í samfélaginu um forvirkar rannsóknarheimildir. Ásmundur lætur tvímælalaust í ljós skoðanir sem teljast til *milds* menningarlegs rasisma, en umdeilanlegt er hvort hann hafi sagt eitthvað sem túlka megi sem „yfirburðahyggju“ og *sterkan* menningarlegan rasisma.

Orðræða Gústafs Níelssonar er með bersýnilegri dæmum um menningarlegan rasisma í þessari rannsókn. Hann uppfyllir tvímælalaust öll skilyrðin fimm og lætur í ljós skoðanir sem flokkast sem *sterkur* menningarlegur rasismi.

Niðurstaða greinargerðarinnar er sú að menningarlegur rasismi, eins hann er skilgreindur í þessari rannsókn, viðgengst í umræðu tengdum ákveðnum málum, á sviði stjórn mála á Íslandi, a.m.k. á því tímabili sem tekið var til skoðunar.

Þjóðernishyggja er grundvallarhugtak og rauður þráður í íslenskri stjórnmálamenningu. Jafnvel er hægt að halda því fram að engin stjórnmálaumræða á Íslandi sé ósnert að þjóðernishyggju. Útilokandi þjóðernishyggja hefur orðið áberandi í ákveðnum málum, og er nátengd uppgangi þjóðernispopúlisma á síðustu árum. Mikil ábyrgð fylgir því jafnan að viðhalda meðvitað sameiginlegri þjóðarsögu og nýta þjóðernishyggju sem aðferð til að kynda undir pólarísingu innan samfélagsins og á milli þjóðar og alþjóðasamfélagsins. Ábyrgðin hvílir ekki hvað síst á þeim sem taka til máls á opinberum vettvangi, á sviði stjórnmálanna og í útbreiddum fjölmiðlum.

Rannsóknir hafa sýnt að lýðskrum og popúlismi nærast í skugga efnahagslegra þrenginga og að viðhorf til innflytjenda hafa breyst eftir efnahagshrunið. Þekkingarfræðileg tengsl eru á milli þjóðernishyggju, þjóðernispopúlisma og öfga sem geta ógnað lýðræði og stöðugleika í samfélaginu, fái þessar stefnur að þróast óáreittar og taka á sig öfgakenndar myndir. Ein helsta niðurstaða ransóknarinnar er að einn þáttur í uppgangi slíkra stjórnmálaaðferða og stjórnmálaafla, er útbreiðsla menningarlegs rasisma innan samfélags. Þegar stjórnmálahreyfing er orðin þjóðernispopúlísk beitir hún menningarlegum rasisma í orðræðu sinni, áróðri og stefnu og leitast þannig við að komast til valda eða viðhalda völdum.

Útilokandi þjóðernishyggja er nátengd uppgangi þjóðernispopúlisma, sem birtist í andstöðu við fjölmenningu og andúð á innflytjendum – þá aðallega múslimum – í gegnum þau mál sem tekin voru til skoðunar í þessari greinargerð. Þessi orðræða virðist á síðustu árum, sérstaklega eftir efnahagsþrengingarnar í tengslum við hrunið 2008, hafa teygst sig inn á svið stjórnmálanna. Segja má að orðræðan sé orðin þjóðernispopúlísk þegar stjórnmálamenn nýta sér tiltekið andrými í samfélaginu til þess að komast til áhrifa, einkum ef byggt er á útilokandi þjóðernishyggju. Goðsögnina um yfirburðaljóðfélag sem íslensk þjóðernishyggja og stjórnmálamenning hafa snúist um áratugum saman, er hægt að tengja við þá „yfirburðahyggju“ sem hér hefur verið skilgreind sem *sterkur* menningarlegur rasismi.

10. LOKAORÐ

Misserisverkefni á Bifröst eru ávallt ögrandi og lærdómsrík þolraun sem skila mikilli þekkingu og reynslu til nemenda. Misserishópur U ákvað að velja krefjandi viðfangsefni sem tengist stjórnámálum líðandi stundar og skilgreina umfangsmikið og nýtt hugtak, sem fáir þekkja og ekki hefur verið fjallað um áður á íslensku. Við upphaf verkefnisins var ljóst að mikil vinna væri fyrir höndum. Með þessari greinargerð vonum við að við höfum náð að tileinka okkur þá aðferðafræði sem lagt var upp með og auðnast að fjalla um og svara rannsóknarspurningu verkefnisins. Það er því von höfunda að verkefnið hafi rannsóknargildi og stuðli að frekari rannsóknum íslenskra fræðimanna á þessu sviði í framtíðinni.

11. HEIMILDASKRÁ

- Aðalsteinn Kjartansson. (2015, 14. janúar). „Boðinn og búinn að eiga fund með múslimum.“ *Visir.is*. Sótt 22. júní 2015 af <http://www.visir.is/-bodinn-og-buinn-ad-eiga-fund-med-muslimum-/article/2015150119554>
- Aðalsteinn Kjartansson & Jakob Bjarnar Grétarsson. (2015, 20. janúar). Segir Ísland síðasta vígi kristinna manna. *Visir.is*. Sótt 23. júní 2015 af <http://www.visir.is/framsokn-skipar-gustaf-sem-varamann-i-mannrettindarad-borgarinnar/article/2015150129860>
- Afsaruddin, A. (2011). *Islam, The State, and Political Authority: Medieval Issues and Modern Concerns*. New York: Palgrave Macmillan.
- Albertazzi, D. & McDonnell, D. (2008). *Twenty-First Century Populism*. Basingstoke: Palgrave MacMillan.
- Almenn hegningarlög* nr. 40/1940.
- Appiah, K. A. (1995). The Uncompleted Argument: DuBois and the Illusion of Race. Í L. Bell og D. Blumenfeld (ritstjórar), *Overcoming Racism and Sexism*. Lanham, MD: Rowman & Littlefield.
- Arnar Páll Hauksson. (2014, 21. október). 150 hríðskotabyssur fyrir lögreglustjórana. *RUV.is*. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.ruv.is/frett/150-hridskotabyssur-fyrir-logreglustjorana>
- Atli Már Gylfason & Hjálmar Friðriksson. (2014, 21. október). Lögreglan vopnast með leynd. *DV*, bls. 8.
- Atli Þór Fanndal. (2014, 24. október). Af elítum, hrægömmum og óttaslegnum Íslendingum. *ThorFanndal.com*. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.thorfanndal.com/2014/10/24/af-elitum-hraegommum-og-ottaslegnum-islendingum>
- Ásmundur Friðriksson. (2014-2015). Störf þingsins: Forvirkar rannsóknarheimidir. *Alþingistíðindi B-deild*, Sótt 24. júní 2015 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/144/rad20150217T133956.html>
- Ásmundur Friðriksson. (2015). „Þeir eru ekki aðeins komnir til Danmerkur, þeir eru að spígspora hér í bænum.“ *Eyjan.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2015/03/02/their-eru-ekki-adeins-komnir-til-danmerkur-their-eru-ad-spigspora-her-i-baenum>
- Baldur Eiríksson. (2014, 18. júlí). Nýtt líf Karls. *DV*, bls. 28-31.
- Beller, S. (2007). *Antisemitism: A Very Short Introduction*. Oxford: Oxford University Press.
- Berezin, M. (2006). Xenophobia and the New Nationalisms. Í D. Gerard og K. Krishan (ritstjórar), *The SAGE Handbook of Nations and Nationalism*, (bls. 273-284). London; Thousand Oaks: SAGE Publications.

- Berglind Eygló Jónsdóttir. (2009). *Ný-rasismi í reynd*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Stjórnmálafræðideild.
- Berglind Eygló Jónsdóttir. (2010). Ný-rasismi í reynd. *Acta Critica*, 1(1), bls. 13-29.
- Betz, H. G. (2008). Islam and the Far Right. Í P. Davies og P. Jackson (ritstjórar), *The Far Right in Europe: An Encyclopedia*, (bls. 105-120). Oxford: Greenwood World Publishing.
- Betz, H. G. & Immerfall, S. (1998). *The New Politics of the Right: Neo-Populist Parties and Movements in Established Democracies*. London: Macmillan.
- Birgir Hermannsson. (2005). *Understanding Nationalism: Studies in Icelandic Nationalism 1800-2000*. Stokkhólmur: Stockholm University.
- Birgitta Jónsdóttir. (2014-2015). Störf þingsins: Forvirkar rannsóknarheimildir. *Alþingistíðindi B-deild*, Sótt 24. júní 2015 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/144/rad20150226T105544.html>
- Bjarki Ármannsson. (2014, 29. maí). Segir frásögn Guðrúnar Bryndísar ósanna. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/segir-frasogn-gudrunar-bryndisar-osanna/article/2014140528770>
- Bjarney Friðriksdóttir. (2014). *Greining: Hatturorðræða í ummælakerfum íslenskra netfréttamiðla*. Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.visir.is/assets/pdf/XZ1584812.PDF>
- Bjørklund, T. (2008). Scandinavia and the Far Right. Í P. Davies. og P. Jackson (ritstjórar), *The Far Right in Europe: An Encyclopedia*, (bls. 147-163). Oxford: Greenwood World Publishing.
- Blum, L. (2002). *I'm not a Racist, But...The Moral Quandary of Race*. Ithaca, NY: Cornell University Press.
- Borgarstjórn Reykjavíkur. (2015, 20. janúar). *Fundargerð borgarstjórnarfundar*. Reykjavík: Reykjavíkurborg. Sótt 22. júní 2015 af <http://reykjavik.is/fundargerð/borgarstjorn-2012015>
- Bunzl, M. (2005). Between Anti-Semitism and Islamophobia: Some Thoughts on the New Europe. *American Ethnologist*, 32(4), bls. 499-508.
- Carter, E. (2005). *The Extreme Right in Western Europe*. Manchester: Manchester University Press.
- Council of Europe. (1997). *Recommendation No R (97) 20 of the Committee of Ministers to Member States on „Hate Speech“*. Strassbourg: European Parliament. Sótt 22. júní 2015 af [http://www.coe.int/t/dghl/standardsetting/hrpolicy/other_committees/dh-lgbt_docs/CM_Rec\(97\)20_en.pdf](http://www.coe.int/t/dghl/standardsetting/hrpolicy/other_committees/dh-lgbt_docs/CM_Rec(97)20_en.pdf)
- Darwin, C. (1981[1871]). *The Descent of Man, and Selection in Relation to Sex*. Princeton; Chichester: Princeton University Press.

- Davies, P. & Jackson, P. (ritstjórar)(2008). *The Far Right in Europe: An Encyclopedia*. Oxford: Greenwood World Publishing.
- Davíð Már Stefánsson. (2014, 23. október). Segir umræðuna á villigötum. *Morgunblaðið*. Sótt 21. júní 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/10/23/vopnunum_vonandi_aldreif_beitt
- Day, G. & Thompson, A. (2004). *Theorizing Nationalism*. New York: Palgrave Macmillan.
- Delanty, G. & Kumar, K. (ritstjórar)(2006). *The SAGE Handbook of Nations and Nationalism*. London; Thousand Oaks: SAGE Publications.
- Dryzek, J. S., Honig, B. & Philips, A. (ritstjórar)(2006). *The Oxford Handbook of Political Theory*. Oxford; New York: Oxford University Press.
- Eiríkur Bergmann. (2008). Íslenskt þjóðerni og óttinn við innflytjendur. *Ritið*. Skoðað 22. júní 2015 á http://starfsmenn.bifrost.is/Files/Skra_0028228.pdf
- Eiríkur Bergmann. (2009). Er Ísland fullvalda? Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir. *Rannsóknir í félagsvísindum X*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Eiríkur Bergmann. (2011, 4. nóvember). Þjóðleg gildi og andstaðan við innflytjendur. *Fréttatíminn*. Sótt 24. júní 2015 af <http://timarit.is/files/28225680.pdf>
- Eiríkur Bergmann. (2011). *Sjálfstæð þjóð: Trylltur skríll og landráðalýður*. Reykjavík: Veröld.
- Eiríkur Bergmann. (2014a, 30. maí). Popúlistar streyma á Evrópuþingið. *Fréttatíminn*, bls. 12-13.
- Eiríkur Bergmann. (2014b). *Iceland and the International Financial Crisis: Boom, Bust and Recovery*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Eiríkur Bergmann. (2015). Populism in Iceland: Has the Progressive Party turned populist? *Stjórnmal & Stjórnisýsla*, 11, bls. 33-54. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- Erla Hlynisdóttir. (2010, 5. október). Fasiskir fánar og jarðvegur fyrir lýðskrumara. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/fasiskir-fanar-og-jardvegur-fyrir-lydskrumara/article/2010661763107>
- Erla Karlsdóttir. (2014, 23. október). Elín Hirst um byssumálið: „Það er við stærri ógnir að etja en nokkru sinni fyrr.“ *DV.is*. Sótt 21. júní 2015 <http://www.dv.is/frettir/2014/10/23/elin-hirst-um-byssumalid-thad-er-vid-staerri-ognir-ad-etja-en-nokkru-sinni-fyrr>
- Eva Heiða Önnudóttir & Njörður Sigurjónsson. (2008). *Kynþáttahyggja og viðhorf til innflytjenda á Íslandi*. Bifröst: Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst. Sótt 21. júní 2015 af http://www.rannsoknamidstod.bifrost.is/Files/Skra_0032198.pdf

- Evans, B. (2008). The Ideology of the Far Right. Í P. Davies og P. Jackson (ritstjórar), *The Far Right in Europe: An Encyclopedia*, (bls. 59-73). Oxford: Greenwood World Publishing.
- Eyjan. (2013). Vill afsökunarbeiðni frá Margréti vegna ásakana um útlendingahatur í Framsókn. *Eyjan.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2013/12/19/adstodarmadur-sigmundar-vill-afsokunarbeidni-fra-margreti-vegna-asakana-um-utlendingahatur-i-framsokn>
- Eyjan. (2014a, 8. júní). Sveinbjörg grét þegar hún sá skopmyndina af sér. *Eyjan.is*. Sótt 23. júní 2015 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2014/06/08/sveinbjorg-gret-thegar-hun-sa-skopmyndina-af-ser>
- Eyjan. (2014b, 4. júní). Eygló: Tökum ekki á málinu með því að þagga það niður. *Eyjan.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2014/06/04/eyglo-tokum-ekki-a-malinu-med-thvi-ad-thagga-thad-nidur>
- Eyjan. (2014c, 1. nóvember). Davíð: Þjóðin hætt komin þegar óaldarlýður gerði árásir á þinghúsið. *Eyjan.is*. Sótt 23. júní 2015 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2014/11/01/david-thjodin-haett-komin-thegar-oaldarlydur-gerdi-arasir-gerdi-arasir-a-thinghusid>
- Eyjan. (2015, 22. apríl). Ný þjóðaröryggisstefna: Hryðjuverkaógn hækkuð um einn flokk. *Eyjan.is*. Sótt 22. júní 2015 af <http://eyjan.pressan.is/frettir/2015/04/22/ny-thjodaroryggisstefna-hrydjuverkaogn-haekkud-um-einn-flokk>
- Fanney Birna Jónsdóttir. (2014, 30. maí). Stóru málin: Áhyggjur af nauðungarhjonaböndum múslima á Íslandi. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/storu-malin--ahyggjur-af-naudungarhjonabondum-muslima-a-islandi/article/2014140539871>
- Fanney Birna Jónsdóttir. (2015, 14. janúar). Óþarft að hækka vástig. *Visir.is*. Sótt 25. júní 2015 af <http://www.visir.is/otharft-ad-haekka-vastig/article/2015701149959>
- Félagsvísindastofnun. (e.d.). *Íslenska kosningarannsóknin*. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt 22. júní 2015 af http://fel.hi.is/islenska_kosningarannsoknin
- Forsætisráðuneytið. (2008). *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/2904>
- Foucault, M. (1972). *The Archaeology of Knowledge and the Discourse on Language*. New York: Pantheon Books.
- Freyr Bjarnason. (2014, 27. september). Fasisminn klæðir sig í felubúning. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/fasisminn-klaedir-sig-i-felubuning/article/2014709279945>
- Garðar Örn Úlfarsson. (2013, 28. janúar). Getum verið áminnt fyrir kynþáttahyggju. *Fréttablaðið*, bls. 2.

- Gill, R. (2000). Discourse Analysis. Í M. W. Bauer og G. Gaskell (ritstjórar), *Qualitative Research with Text, Image and Sound: A Practical Handbook* (bls. 172-190). London: SAGE Publications.
- Goodwin, M. (2008). The Far Right in the Twenty-First Century. Í P. Davies og P. Jackson (ritstjórar), *The Far Right in Europe: An Encyclopedia* (bls. 93-103). Oxford: Greenwood World Publishing.
- Griffin, R. (2008). The Origins of the Far Right. Í P. Davies og P. Jackson (ritstjórar), *The Far Right in Europe: An Encyclopedia* (bls. 39-58). Oxford: Greenwood World Publishing.
- Guðlaugur Þór Þórðarson. (2014-2015). Störf þingsins: Forvirkar rannsóknarheimildir. *Alþingistiðindi B-deild*, Sótt 24. júní 2015 af <http://www.althingi.is/altext/raeda/144/rad20150226T103301.html>
- Guðmundur Hálfðánarson. (2001). *Íslenska þjóðrikið: Uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Guðmundur Hálfðánarson. (2014). Samstaða þjóðarinnar er goðsögn. *RÚV.is*. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.ruv.is/frett/samstada-thjodarinnar-er-godsogn>
- Guðni Th. Jóhannesson. (2010). *Gunnar Thoroddsen: Ævisaga*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Guðni Th. Jóhannesson. (2014). *Þjóðrembur í valdastólum og trítílóðir spekingar: Hvers vegna er gjá milli söguskoðunar valdhafa og fræðasamfélagsins?* Fyrirlestur á Hugvísindapingi. Reykjavík: Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Sótt 24. júní 2015 af http://gudnith.is/frettir/tritilodir_spekingar_a_hugvísindapingi
- Guðrún Bryndís Karlsdóttir. (2014, 28. maí). Er þetta Framsókn framtíðarinnar? *Kvennablaðið*. Sótt 24. júní 2015 af <http://kvennabladid.is/2014/05/28/er-thetta-framsokn-framtidarinnar>
- Guðrún Pétursdóttir. (2000, 30. mars). Fordómar og staðalímyndir. *Morgunblaðið*, bls. 50.
- Gunnar Atli Gunnarsson. (2014, 11. júlí). Nýr lágpunktur í íslenskri stjórnmálaumræðu. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/nyr-lagpunktur-i-islenskri-stjornmalaumraedu/article/2014140719756>
- Gunnar Bragi Sveinsson. (2014-2015). Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland. *Alþingistiðindi B-deild*, Sótt 24. júní 2015 af <http://althingi.is/altext/raeda/144/rad20150421T183523.html>
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2007). *Íslenska stjórnkerfið* (2. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Smári Egilsson. (2015). Ísland þarf að veita 500 flóttamönnum dvalarleyfi á ári. *Fréttatíminn*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.frettatiminn.is/island-tharf-ad-veita-500-flottamonnum-dvalarleyfi-ari>

- Gústaf Nielsson. (2014, 24. október). Pírati með rífið segl. *Morgunblaðið*, bls. 23.
- Gústaf Nielsson. (2015, 14. febrúar). Brennimerktur, bannfærður og útskúfaður. *Morgunblaðið*, bls. 27.
- Hainsworth, P. (2000). Introduction: The Extreme Right. Í Hainsworth, P. (ritstjóri), *The Politics of the Extreme Right: From the Margins to the Mainstream*. London: Pinter.
- Halla Harðardóttir. (2015). Segir Framsókn sýna einkenni þjóðernispopúlisma. *Fréttatíminn*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.frettatiminn.is/segir-framsokn-syna-einkenni-thjodernispopulisma>
- Harrison, S. & Bruter, M. (2011). *Mapping Extreme Right Ideology: An Empirical Geography of The European Extreme Right*. New York: Palgrave Macmillan.
- Helgi Þorláksson. (2014). *Sagan í frysti: Um samstöðu, mikilmenni og frelsi*. Fyrirlestur á Hugvísindafingi. Reykjavík: Hugvísindasvið Háskóla Íslands.
- Hjörtur Hjartarson. (2014, 4. júní). „Úthugsað herbragð sem heppnaðist býsna vel.“ *Visir.is*. Sótt 14. júní 2015 af <http://www.visir.is/-uthugsad-herbragd-sem-heppnadist-bysna-vel-/article/2014140609544>
- Hjörtur Hjartarson. (2014, 15. september). Skrumskæla sannleikann og ala á ótta. *Visir.is*. Sótt 23. júní 2015 af <http://www.visir.is/skrumskaela-sannleikann-og-ala-a-otta/article/2014140919268>
- Hrund Þórsdóttir. (2014, 29. maí). Hættu við að lýsa yfir fullkomnu vantrausti á Sveinbjörgu. *Visir.is*. Sótt 24. júní af <http://www.visir.is/haettu-vid-ad-lysa-yfir-fullkomnu-vantrausti-a-sveinbjorgu/article/2014140528798>
- Hulda Þórisdóttir. (2012). The Left-Right Dimension in The Minds of Icelandic Voters 1987-2009. *Stjórnmal & Stjórnsýsla*, 2, 199-220. Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt 22. júní 2015 af <http://uni.hi.is/huldat/files/2013/06/Left-right-axis-2012-Stjornmal-stjornsysla.pdf>
- Hulda Þórisdóttir. (2014, 24. maí). Afstaða oddvita til mosku gæti aukið fylgi. *RUV.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.ruv.is/frett/afstada-oddvita-til-mosku-gaeti-aukid-fylgi>
- Huntington, S. P. (1993). Clash of Civilizations. *Foreign Affairs*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.foreignaffairs.com/articles/48950/samuel-p-huntington/the-clash-of-civilizations>
- Huntington, S. P. (2003[1996]). *The Clash of Civilizations and the Remaking of the World Order*. New York: Simon & Schuster.
- Huntington, S. P. (2009, 28. október). The Hispanic Challenge. *Foreign Policy*. Sótt 24. júní 2015 af <http://foreignpolicy.com/2009/10/28/the-hispanic-challenge>
- Ignazi, P. (2006). *Extreme right parties in Western Europe*. Oxford; New York: Oxford University Press.

- Ingí Freyr Vilhjálmsson. (2014, 30. maí). Framsókn í evrópsku ljósi. *DV.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.dv.is/leidari/2014/5/30/framsokn-i-evropsku-ljosi-3ZEY0W>
- Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir. (2015, 1. apríl). *Stundin*. Sótt 24. júní 2015 af <http://stundin.is/frett/islendingar-gegn-muslimum>
- Innanríkisráðuneytið. (2015). *Greinargerð um eflingu viðbúnaðar lögreglunnar*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/Greinagerd-til-IRR-12.-mars-2015.pdf>
- Íslensk málstöð. (e.d.). *Lýðhyggja*. Reykjavík: Árnastofnun. Sótt 23. júní 2015 af <http://ordabanki.hi.is/wordbank/terminfo?idTerm=453490&mainlanguage=IS>
- Jakob Bjarnar Grétarsson. (2014a, 26. maí). Framsókn prufukeyrir andúð á innflytjendum. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/framsokn-prufukeyrir-andud-a-innflytjendum/article/2014140529228>
- Jakob Bjarnar Grétarsson. (2014b, 3. júní). Moskuandstæðingar lýsa yfir stuðningi við Framsóknarflokkinn. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/moskuandstaedingar-lysa-yfir-studningi-vid-framsoknarflokkinn/article/2014140609716>
- Jakob Bjarnar Grétarsson. (2015, 23. júní). Prófessor segir Framsókn bera flest einkenni þjóðernispopúlisma. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/professor-segir-framsokn-bera-flest-einkenni-thjodernispopulisma/article/2015150629675>
- James, M. (2012). Race. Í Zalta, E. N. (ritstjóri), *The Stanford Encyclopedia of Philosophy*. Sótt 24. júní 2015 af <http://plato.stanford.edu/entries/race/#DoRacExiConPhiDeb>
- Jóhann Hauksson. (2011). *Þræðir valsins: Kunnigjavelði, aðstöðubrask og hrún Íslands*. Reykjavík: Veröld.
- Jóhann M. Hauksson. (1999). *Kynþáttahyggja*. Reykjavík: Mál og menning.
- Jóhann Páll Jóhannsson. (2015, 7. mars). „Fólkið í landinu“ og vondu útlendingarnir. *Stundin*. Sótt 24. júní 2015 af <http://stundin.is/frett/folkid-i-landinu-og-vondu-utlendingarnir>
- Jóhannes Stefánsson. (2013, 10. júlí). „Múslimar eru að dreifa sér um heiminn og við eigum að halda þeim í skefjum.“ *Visir.is*. Sótt 23. júní 2015 af <http://www.visir.is/-muslimar-eru-ad-dreifa-ser-um-heiminn-og-vid-eigum-ad-halda-theim-i-skefjum-/article/2013130719925>
- Jón Bjarki Magnússon. (2014, 23. október). Löggur með vélbyssur í stað íslenskra hermanna. *DV.is*. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.dv.is/frettir/2014/10/23/loggur-med-velbyssur-i-stad-islenskra-hermanna>

- Jóna Aðalheiður Pálmadóttir & Iuliana Kalenikova. (2013). *Hatursorðræða: Yfirlit yfir gildandi lög og reglur – ábendingar til framtíðar*. Reykjavík: Mannréttindaskrifstofa Íslands. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.humanrights.is/static/files/Utgafa/hatursordraeda-yfirlit-yfir-gildandi-log-og-reglur-abendingar-til-framtidar.pdf>
- Karl Garðarson. (2014-2015). Störf þingsins: Byssumálið. *Alþingistiðindi B-deild*, Sótt 24. júní 2015 af <http://www.althingi.is/altxt/raeda/144/rad20141022T150706.html>
- Kershaw, I. (1998). *Hitler 1889-1936: Hubris*. London: Penguin Books.
- Kjarninn. (2015, 24. febrúar). Ríkislögreglustjóri: Hætta á hryðjuverkum á Íslandi í meðallagi. *Kjarninn*. Sótt 22. júní 2015 af <http://kjarninn.is/2015/02/rikislogreglustjori-haetta-a-hrydjuverkum-a-islandi-i-medallagi>
- Kjartan Atli Kjartansson. (2014a, 23. maí). Oddviti Framsóknar vill afturkalla lóð til múslima. *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/oddviti-framsoknar-vill-afturkalla-lod-til-muslima/article/2014140529463>
- Kjartan Atli Kjartansson. (2014b, 27. maí). „Ég túlka þögn forystunnar þannig að ég eigi að fá að sigla þessu skipi í höfn“ *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/-eg-tulka-thogn-forystunnar-thannig-ad-eg-eigi-ad-fa-ad-sigla-thessu-skipi-i-hofn-/article/2014140529011>
- Kjartan Atli Kjartansson. (2014c, 1. júní). „Harkalega ráðist á oddvita flokksins í borginni.“ *Visir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/-harkalega-radist-a-oddvita-flokksins-i-borginni-/article/2014140609979>
- Kristín Björnsdóttir. (2013). Orðræðugreining. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna*, (bls. 269-297). Akureyri: Ásprent Stíll.
- Kristín Elfa Guðnadóttir. (2012, 21. mars). Ég er rasisti. *Fréttablaðið*, bls. 16.
- Kristín Sigurðardóttir. (2014, 27. nóvember). Vilja hriðskotabyssur. *Ríkisútvarpið*.
- Kristján Þór Sigurðsson. (2014). Moskusmálið 2013: Ótti og andúð gegn byggingu mosku. Í Helga Ólafsson og T. M. Heijstra, *Rannsóknir í félagsvísindum XV*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2014. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 21. júní 2015 af http://skemman.is/stream/get/1946/19970/45846/1/Moskum%C3%A1li%C3%B0_2013_F%C3%A9lags-_og_mannv%C3%ADsindadeild.pdf
- María Lilja Þrastardóttir. (2014, 17. október). Mér bregður þegar bjallan hringir á þinginu. *DV*, bls. 36.
- Mbl. (2014a, 1. júní). Úrslit úr stærstu sveitarfélögum. Sótt 24. júní 2015 af http://www.mbl.is/frettir/kosningar/svf_results
- Mbl. (2014b, 21. júní). Vinstri-hægri ásinn enn marktækur. *Mbl.is*. Sótt 24. júní 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/06/21/vinstri_haegri_enn_marktaekt

- Mbl. (2015a, 20. febrúar). Vilja fá hælisleitendur framselda. *Mbl.is*. Sótt 22. júní 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/02/20/haelisleitandi_hotadi_logreglunni/
- Mbl. (2015b, 23. febrúar). Hælisleitendur fylgjandi IS. *Mbl.is*. Sótt 22. júní 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/02/23/haelisleitandi_fylgjandi_is/
- Mbl. (2015c, 23. febrúar). Óheppilegt að þeir gangi lausir. *Mbl.is*. Sótt 22. júní 2015 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/02/23/oheppilegt_ad_their_gangi_lauser_2/
- Merriam-Webster. (2015). *Racialism*. Sótt 22. júní 2015 af <http://www.merriam-webster.com/dictionary/racialism>
- Michaels, W. B. (1995). *Our America: Nativism, Modernism and Pluralism*. Durham, N.c.: Duke University Press.
- Miller, D. (2006). Nationalism. Í J. S. Dryzek, B. Honing og A. Philips (ritstjórar), *The Oxford Handbook of Political Theory*, (bls. 529-563). Oxford; New York: Oxford University Press.
- MMR: Markaðs- og miðlarannsóknir. (2014). *Fleiri hlyntir því að Þjóðkirkjan reisi trúarbyggingar en önnur trúfélög*. Sótt 22. júní 2015 af <http://www.mmr.is/frettir/birtar-nieurstoeur/424-fleiri-hlyntir-thvi-adh-thjodhkirkjan-reisi-truarbyggingar-en-oennur-trufeloeg>
- Mudde, C. (2007). *Populist Radical Right Parties in Europe*. Cambridge, UK: Cambridge University Press
- Norris, P. (2005). *Radical Right: Voters and Parties in the Electoral Market*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Oxford English Dictionary Online. (2015). *Racialism*. Sótt 22. júní 2015 af <http://www.thefreedictionary.com/racialism>
- Ólafur F. Magnússon. (2013a, 10. júlí). Samfylkingarflokkarnir og moska í Reykjavík. *Morgunblaðið*, bls. 21.
- Ólafur F. Magnússon. (2013b, 17. júlí). Reykjavík 2013 og Vestmannaeyjar 1627. *Morgunblaðið*, bls. 25.
- Ólafur F. Magnússon. (2013c, 21. ágúst). Orð Adams Bandaríkjaforseta um íslam. *Morgunblaðið*, bls. 20.
- Ólafur Ragnar Grímsson. (1978). *Icelandic Nationalism: A Dissolution Force in the Danish Kingdom and a Fundamental Cleavage in Icelandic Politics. A draft framework for historical analysis*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Ólafur Ragnar Grímsson. (2006). *Útrásin: uppruni - einkenni - framtíðarsýn*. Erindi í fyrirlestrarröð Sagnfræðingafélags Íslands. Reykjavík: Forseti Íslands. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.forseti.is/media/files/06.01.10.Sagnfrfel.pdf>
- Ólafur Ragnar Grímsson. (2014). *Nýársávarp forseta Íslands*. Sótt 21. júní 2015 af http://www.forseti.is/media/PDF/2014_01_01_Aramotaavarp.pdf
- Ríkislögreglustjóri. (2015a, 20. febrúar). *Mat Ríkislögreglustjóra á hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum*. Reykjavík: Greiningardeild Ríkislögreglustjóra. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2015/02/Mat-r%C3%ADkisl%C3%B6greglustj%C3%B3ra-%C3%A1-h%C3%A6ttu-af-hry%C3%B0juverkum-og-%C3%B6%C3%B0rum-st%C3%B3rfelldum-%C3%A1r%C3%A1sum.pdf>
- Ríkislögreglustjóri. (2015b). *Greinargerð um eflingu viðbúnaðar lögreglunnar*. Reykjavík: Greiningardeild ríkislögreglustjóra. Sótt 24. júní 2015 af: <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2015/Greinagerd-til-IRR-12.-mars-2015.pdf>
- RÚV. (2010, 9. desember). Tvö félög en aðeins eitt bænahús. *RUV.is* Sótt 24. júní 2015 af <http://www.ruv.is/frett/tvo-felog-en-adeins-eitt-baenahus>
- RÚV. (2014, 29. apríl). Framsókn býður fram með flugvallarvinum. *RUV.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://beta.ruv.is/frett/framsokn-bydur-fram-med-flugvallarvinum>
- RÚV. (2015, 13. janúar). Vill skoða bakgrunn allra. *RUV.is*. Sótt 25. júní 2015 af <http://www.ruv.is/frett/vill-skoda-bakgrunn-allra>
- Said, E. W. (2003[1979]). *Orientalism*. London: Penguin Books.
- Schiffer, S. & Wagner, C. (2011). Anti-Semitism and Islamophobia: New Enemies, Old Patterns. *Race & Class*, 52(3), bls. 77-84.
- Schiffrin, D., Tannen, D. & Hamilton, H. E. (ritstjórar)(2001). *The Handbook of Discourse Analysis*. Oxford: BlackWell.
- Schwandt, T. A. (1994). Constructivist, Interpretivist Approaches to Human Inquiry. Í Denzin, N. K. & Lincoln, Y. S. (ritstjórar), *Handbook of Qualitative Research*, (bls. 118-137). Thousand Oaks, CA: SAGE Publications.
- Scott, J. W. (2007). *The Politics of the Veil*. Princeton, NJ: Princeton University Press.
- Shelby, T. (2012). Race. Í David M. E. (ritstjóri), *The Oxford Handbook of Political Philosophy* (bls. 336-353). Oxford; New York: Oxford Univeristy Press.
- Sighvatur Björgvinsson. (2014). Þegar þekkinguna brestur. *DV*, bls. 22.

- Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. (2013). *Ávarp forsætisráðherra 17. júní 2013*. Forsætisráðuneyti. Sótt 21. júní 2015 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/radherra/raedur-greinar-sdg/nr/7625>
- Skenderovic, D., Späti, C. og Wildmann, D. (2014). Past and present expressions of Islamophobia: an introduction. Í *Patterns of Prejudice*, 48:5, bls. 437-441. Sótt 12. febrúar 2015 af: <http://www.tandfonline.com/doi/full/10.1080/0031322X.2014.966959#.VN1HW-aJTQM>
- Smedley, A. (2002). Science and the Idea of Race: A Brief History. Í J. M. Fish. (ritstjóri), *Race and Intelligence: Separating Science from Myth*. Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates.
- Sólrún Lilja Ragnarsdóttir. (2015, 6. febrúar). Vill ekki sjá múslimum útrýmt eins og gyðingum. *DV.is*. Sótt 23. júní 2015 af <https://www.dv.is/folk/2015/2/7/gustaf-sa-ljosid-VEGNL1>
- Stefán Árni Pálsson. (2015, 16. janúar). Ásmundur fundaði með formanni Félags múslima: „Áttum hreinskiptið samtal um skrif mín.“ *Vísir.is*. Sótt 25. júní 2015 af <http://www.visir.is/asmundur-fundadi-med-formanni-felags-muslima---attum-hreinskiptid-samtal-um-skrif-min-/article/2015150119181>
- Stefán Rafn Sigurbjörnsson. (2015, 6. febrúar). Kannar heimildir. *Fréttablaðið*, bls. 12.
- Sunna Valgerðardóttir. (2014, 29. maí). Forsætisráðherra segir alla fædda jafna. *Útvarpið*.
- Sunna Valgerðardóttir. (2015, 14. janúar). Segir ekki koma til greina að rannsaka bakgrunn fólks eftir trúarskoðunum. *RÚV*.
- Sveinn Arnarsson. (2015, 22. Apríl). Vilja getað vopnað alla lögreglumenn, *Fréttablaðið*, bls. 8.
- SP: Sameinuðu þjóðirnar. (1951). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna*. New York: Sameinuðu þjóðirnar.
- SP: Sameinuðu þjóðirnar. (1965). *Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis*. New York: Sameinuðu þjóðirnar.
- Una Sighvatsdóttir. (2013, 24. febrúar). Tillaga um kristin gildi felld út. *Mbl.is*. Sótt 23. júní 2013 af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/02/24/tillaga_um_kristin_gildi_felld_ut
- Utanríkisráðuneytið. (e.d.). *Xenophobia*. Hugtakasafn þýðinamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins. Sótt 23. júní 2015 af: <http://www.hugtakasafn.utn.stjr.is/leit-nidurstodur.adp?leitarord=xenophobia&tungumal=oll&ordrett=o>
- Viðskiptaráð. (2006). *Ísland 2015*. Reykjavík: Viðskiptaráð. Sótt 24. júní 2015 af http://www.vi.is/%C3%BAtg%C3%A1fa/sk%C3%BDrslur/2006_02_08%20Island_2015.pdf
- Vigdís Hauksdóttir. (2011, 10. nóvember). Trúverðugleiki Háskólans á Bifröst. *Mbl.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1399564>

- Vilhjálmur Árnason. (2014-2015). Störf þingsins: Byssumálið. *Alþingistíðindi B-deild*, Sótt 24. júní 2015 af <http://www.althingi.is/altext/upptokur/raeda/?raeda=rad20141022T152502>
- Vísir. (2010, 9. desember). Félögum múslima gert að sameinast um eina mosku. *Vísir.is*. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.visir.is/felogum-muslima-gert-ad-sameinast-um-einamosku/article/2010197541262>
- Vísir. (2014, 30. maí). Segir Ísland síðasta vígi kristinna manna. *Vísir.is*. Sótt 23. júní 2015 af <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP27350>
- Vísir. (2015b, 16. janúar). Ásmundur fundaði með formanni félags múslima: „Áttum hreinskiptið samtal um skrif mín.“ Sótt 22. júní 2015 af <http://www.visir.is/asmundur-fundadi-med-formanni-felags-muslima---attum-hreinskiptid-samtal-um-skrif-min-/article/2015150119181>
- Þingflokkur Framsóknarflokksins. (2011). *Yfirlýsing frá þingflokki framsóknarmanna: Villandi og meiðandi umfjöllun*. Reykjavík: Framsóknarflokkurinn. Sótt 24. júní 2015 af <http://www.mbl.is/media/28/3928.pdf>
- Þorsteinn Pálsson. (2013, 2. nóvember). Þjóðernispopúlismi í Evrópu. *Fréttablaðið*, bls. 18.
- Þóra Kristín Ásgeirsdóttir. (2015, 22. janúar). Kvöldfréttir - Ætlar ekki að tjá sig um gagnrýni. *Stöð 2*.
- Þórður Snær Júlíusson. (2013, 4. nóvember). Fór stystu leið á þing sem hægt er að fara. *Kjarninn*, bls. 38-44. Sótt 24. júní 2015 af http://kjarninn.is/kerfi/wp-content/uploads/2013/12/2013_12_19.pdf
- Þórunn Elísabet Bogadóttir. (2015, 21. janúar). Framsókn viðurkennir mistök, skipan Gústafs dregin til baka. *Kjarninn*. Sótt 25. júní 2015 af <http://kjarninn.is/2015/01/draga-skipun-gustafs-i-mannrettindarad-til-baka>
- Ægir Þór Eysteinnsson. (2015, 21. janúar). Borgarstjóri: „Sat hjá því ég þekki til Gústafs og málflutnings hans.“ *Kjarninn*. Sótt 22. júní 2015 af <http://kjarninn.is/2015/01/borgarstjori-sat-hja-thvi-eg-thekki-til-gustafs-og-malflutnings-hans>

12. LISTI YFIR HELSTU HUGTÖK

- Íslamófóbía
- Líffræðilgur rasismi
- Menningarlegur rasismi
- Ný-rasismi
- Popúlismi
- Rasismi
- Útlendingahræðsla
- Þjóðernishyggja
- Þjóðernispopúlismi
- Öfgahægri

13. VIÐAUKAR

13.1 Öflun rannsóknargagna

Efnisflokkar

- Atvinnu- og kjaramál
- Dóms- og réttarfarsmál
- Efnahags- og skattamál
- Félagasmál
- Heilbrigðismál
- Húsnæðis- og skipulagsmál
- Jafnréttismál
- Lögreglumál
- Stjórnsmál og stjórnsýsla
- Trúmál
- Utanríkis- og varnarmál
- Ýmislegt

Leitarniðurstöður eftir leitarorðum

- Hryðjuverk* (2379 leitarniðurstöður)
- ISIS* (299 leitarniðurstöður)
- Islam* (215 leitarniðurstöður)
- Íslam* (1542 leitarniðurstöður)
- Kynþáttahyggi* (34 leitarniðurstöður)
- Menningarheim* (216 leitarniðurstöður)
- Moska (396 leitarniðurstöður)
- Mosku (1491 leitarniðurstöður)
- Múslim* (2414 leitarniðurstöður)
- Rasism* (365 leitarniðurstöður)
- Þjóðernishyggi* (268 leitarniðurstöður)
- Þjóðernispopúlism* (60 leitarniðurstöður)
- Þjóðremb* (138 leitarniðurstöður)

Þemagreining og fjöldi leitarniðurstaðna (fjöldi í sviga)

- Alþingskosningar 2013 og árið 2013/Aðdragandi moskumálsins (2 leitarniðurstöður)
- Dæmi um ummæli stjórnmalamanna og annarra áhrifamanna (56 leitarniðurstöður)
- Hugmyndir Ásmundar Friðrikssonar um bakgrunnskoðun (27 leitarniðurstöður)
- Hugmyndir um fjölgun hríðskotabyssa hjá lögreglunni (39 leitarniðurstöður)
- Moskumálið (139 leitarniðurstöður)
- Skipun Gústafs Níelssonar í mannréttindaráð Reykjavíkur (10 leitarniðurstöður)

Fjölmiðlar

Sjónvarp/Útvarp

- Bylgjan
- Sjónvarpið
- Stöð 2
- Rás 1
- Rás 2
- Rás 1 og 2
- Skjár Einn
- Talstöðin
- Visir.is – sjónvarp
- Vb.is – sjónvarp
- Xið 977

Blöð

- DV
- Fréttablaðið
- Morgunblaðið
- Viðskiptablaðið
- Miðjan Kópavogur
- Fréttatíminn
- Stundin

Sérblöð

- Bændablaðið
- Fiskifrétir
- 24 stundir/Blaðið
- Útvegsblaðið
- Auglýsingablaðið
- Finnur
- Sóknarfæri
- Monitor
- Hestafrétir
- Tíminn
- Kauphallarblaðið
- Ævintýralandið Kjarninn
- Kópavogsblaðið
- Miðjan
- Sleggjan
- Hringbraut

Netmiðlar

- eyjan.is
- mbl.is
- pressan.is
- vb.is
- visir.is
- dv.is
- ruv.is
- frettatiminn.is
- kjarninn.is
- stundin.is

13.2 Lagarammi og alþjóðasamningar

Í þessum viðauka er fjallað um lagaramma og alþjóðasamninga sem tengjast hatursorðræðu og kynþáttamisrétti, en Ísland er aðili að samningi Sameinuðu þjóðanna, þar sem lagt er blátt bann við kynþáttamisrétti. Fyrst verður fjallað um þær skilgreiningar á hatursorðræðu sem alþjóðasamfélagið hefur stuðst við, næst um alþjóðasamning um bann við kynþáttamisrétti og að lokum ákvæði í almennum hegningarlögum sem fjallar um bann við hatursorðræðu.

13.2.1 Hatursorðræða

Fjallað er um hatursorðræðu (e. *hate speech*) í skýrslu Jónu Aðalheiðar Pálmadóttur og Iuliana Kalenikova sem gefin var út af Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2013. Samkvæmt skýrslunni er hugtakið flókið og fram kemur að ekki sé til ein alþjóðlega viðurkennd skilgreining á því. Þróunin hafi engu að síður orðið sú að í löggjöf, dómaframkvæmd og fræðaskrifum, hafi skaði og hætta sem stafi af ákveðinni tjáningu verið talin til hatursorðræðu. Mannréttindadómstóll Evrópu hafi einnig fjallað um hatursorðræðu án þess þó að skilgreina hana sérstaklega, en hafi vísað til hennar sem „hvers konar tjáningar, munnlegrar eða skriflegrar, sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir hatur sem byggir á umburðarleysi, einnig vegna trúarbragða“ (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir & Iuliana Kalenikova, 2013, bls. 8). Í tilmælum Ráðherraráðs Evrópuráðsins frá árinu 1997 er einnig að finna skilgreiningu á hatursorðræðu. Þar segir:

Öll tjáning sem dreifir, hvetur til, stuðlar að eða réttlætir kynþáttahatur, útlendingahatur, gyðingahatur eða annars konar hatur sem byggist á umburðarleysi, þar á meðal umburðarleysi sem er tjáð með herskárri/óvæginni þjóðræknisstefnu/þjóðernishyggju eða þjóðhverfum sjónarmiðum, mismunun og fjandskap gegn minnihlutahópum, farandverkafólki og fólki af erlendum uppruna (Council of Europe, 1997).

Í skýrslu Jónu Aðalheiðar og Kalenikova kemur fram að á meðan einstaklingur haldi hugsunum sínum fyrir sig, hafi þær ekki áhrif á neina aðra en hann sjálfan. Um leið og hugsanir séu settar í orð eða hrint í framkvæmd aukast líkurnar á því að þessar hugsanir hafi afleiðingar. Það sé því ávallt mikilvægt að taka orð alvarlega og bregðast við, þegar orðin hætta að snúast um jákvæða tjáningu eða sköpun og svívirða og meiða aðra einstaklinga. Þær telja að það sem geri hatursorðræðu og hatursáróður sérstakan séu skilaboðin sem gerandinn sendi til þolenda um stöðu þeirra í þjóðfélaginu. Orðræða, líkt og margt annað í samfélaginu,

komist upp í vana, og þegar breyta þurfi viðhorfum samfélags, boðum og bönnum, séu orðin fyrst til þess. Þær segja:

Hatursorðræða og annars konar áróður á sér stað í öllum samfélögum í mismiklum mæli og af mismiklu kappi. Hatursorðræða hefur áhrif á og grefur undan rétti annarra til jafnréttis og þess að þurfa ekki að þola mismunun. Hatursorðræða sem látin er óáreitt getur haft hrikalegar afleiðingar. Hún til að mynda elur á fordómum og það getur svo leitt til haturs. Slíkt hatur getur með tímanum grafið undan rótum samfélagsins og myndað gjá á milli hópa þess og leitt til samfélagsrofs (Jóna Aðalheiður Pálmadóttir & Iuliana Kalenikova, 2013, bls. 8).

13.2.2 Bann við hatursorðræðu og kynþáttamisrétti

Fyrir utan bann við mismunun í löggjöf og stjórnarskrá á grundvelli kynþáttar, kynferðis og trúar, er Ísland aðili að Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1951 þar sem lagt er bann við allri mismunun, sem og Alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis frá árinu 1965. Í 2. grein Mannréttindayfirlýsingarinnar segir m.a.: „Hver maður skal eiga kröfu á réttindum þeim og því frjálsræði, sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari, og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, eigna, ættarnis eða annarra aðstæðna.“

Í 1. gr. Alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis, kemur fram „að kynþáttamisrétti merki hvers kyns aðgreiningu, útilokun, takmörkun eða forgang sem byggður er á kynþætti, litarþætti, ættarni eða þjóðernis- eða þjóðlegum uppruna sem hefur það markmið eða þau áhrif að koma í veg fyrir eða hamla að hægt sé að fá viðurkennd eða geta notið eða framfylgt á jafnræðisgrundvelli, mannréttindum og grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála eða öðrum opinberum vettvangi.“ Í 2. gr. kemur fram að aðildarríki samningsins „fordæmi kynþáttamisrétti og skuldbinda sig til að fylgja eftir tafarlaust með öllum viðeigandi ráðum stefnu um afnám kynþáttamisréttis í öllum myndum og til að efla skilning á milli allra kynþátta.“ Í 3. gr. kemur fram að aðildarríkin „fordæmi sérstaklega aðgreiningu kynþátta og kynþáttaaðskilnað og skuldbinda sig til að hindra, banna og uppræta alla iðkun af slíkum toga innan lögsögu sinnar.“ Í 4. gr. kemur fram að aðildarríkin „fordæmi allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarþætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahaturs og misréttis í hvers konar mynd, og skuldbinda sig til að gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til þess að uppræta alla hvatingu til eða aðgerðir vegna slíks misréttis“ (SÞ, 1951; SÞ, 1965).

Eftir fullgildingu samningsins árið 1973 var ákvæði sem bannar hatursorðræðu tekið upp í almenn hegningarlög nr. 40/1940. Orðinu kynhneigð var jafnframt bætt inn í ákvæðið árið 1996. Ákvæðið í gr. 233 almennra hegningarlaga er svohljóðandi: „Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum“ (Almenn hegningarlög nr. 40/1940).

13.3 Rannsóknir og viðhorfskannanir

Í þessum viðauka er fjallað um rannsóknir og kannanir á viðhorfi til innflytjenda á Íslandi og afstöðu kjósenda til trúarbygginga. Í fyrsta lagi eru niðurstöður rannsóknar Evu Heiðu Önnudóttur, stjórn málafræðings og Dr. Njarðar Sigurjónssonar frá árinu 2008 kynntar. Í öðru lagi er fjallað um viðhorfskönnun MMR um afstöðu til trúarbygginga á Íslandi frá árinu 2014. Í þriðja lagi er fjallað um rannsókn Huldu Þórisdóttur frá árinu 2012, sem byggir á gögnum úr Íslensku kosningarrannsókninni, um mögulegan jarðveg fyrir populískt stjórn málafl á Íslandi. Að lokum er sagt frá skýrslu eftir Bjarneyju Friðriksdóttur, þar sem umræðan sem skapaðist um byggingu mosku í tengslum við sveitarstjórnarkosningarnar 2014, er skoðuð.

13.3.1 Viðhorf til innflytjenda

Í rannsókn Evu Heiðu Önnudóttur og Njarðar Sigurjónssonar, *Kynþáttahyggja og viðhorf til innflytjenda á Íslandi*, frá árinu 2008, kemur fram að Íslendingar hafi almennt jákvæða afstöðu til innflytjenda í samanburði við aðrar þjóðir. Afstaðan hafi þó orðið neikvæðari á síðstu árum, á sama tíma og innflytjendum hafi fjölgað á Íslandi. Konur og yngri fólk hafi jákvæðari afstöðu til innflytjenda, en karlar og þeir sem eldri eru, hafi neikvæðari afstöðu. Þeir sem búi utan höfuðborgarsvæðisins og þeir sem starfi við iðnaðarstörf eða ósérhæfð störf, hafi neikvæðari afstöðu til innflytjenda, en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og eru í öðrum störfum. Árið 2008 telja 40% að leyfa eigi mörgum sem eru af sama kynþætti eða svipuðum menningarlegum uppruna, þ.e. hvítum, að flytjast til Íslands. Árið 2005 var það um helmingur. Um fjórðungur svarenda telja árið 2008 að leyfa eigi mörgum að flytjast til Íslands sem eru af öðrum kynþætti eða menningarlegum uppruna, eða frá fátækari löndum utan Evrópu. Árið 2005 var hlutfallið 30% í báðum tilfellum.

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að í öllum tilfellum voru Íslendingar með þeim jákvæðustu um að leyfa mörgum að flytja til landsins í samanburði við aðrar þjóðir. Fram kemur jafnframt að úr jákvæðni Íslendinga dró á árunum 2005-2008. Það styrkir þá

kenningu að ekki sé um hefðbundinn líffræðilegan rasima að ræða, heldur fremur menningarlegan, þar sem fram kemur að í meirihluta tilvika telja svarendur að kynþættir hafi ekki mismunandi líkamlega eða andlega getu, heldur virðast svarendur miklu frekar tengja þá við ólíka menningu. Í rannsókninni kemur fram að Íslendingar hafi frekar verið á því að það væri gott fyrir efnahag Íslands að fólk frá öðrum löndum flytjist til landsins. Svarendur voru einnig á því því innflytjendur auðgi íslenskt menningarlíf og geri Ísland betri stað til að búa á. Um 40% telja að Íslendingar eigi að njóta forgangs að atvinnu þegar störf eru af skörnum skammti og 56% telja innflytjendur í samkeppni við Íslendinga um störf á vinnumarkaði og að þeir lækki meðallaun á Íslandi. Útbreidd skoðun meðal svarenda er að betra sé fyrir þjóðfélagið í heild að innflytjendur við haldi ekki sínum siðum og hefðum, heldur tileinki sér siði innanlands. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins voru frekar á þessari skoðun samanborið við borgarbúa. Svarendur telja almennt að innflytjendur séu ekki alvarleg ógn við þjóðareinkenni Íslendinga. Þeir telja auk þess ekki skipta miklu máli hvort fólk í hjónabandi sé af sama þjóðerni eða ekki (Eva Heiða Önnudóttir & Njörður Sigurjónsson, 2008, 9).

Hafa ber í huga að rannsóknin er gerð stuttu fyrir efnahagshrunið 2008, þegar andrýmið í samfélaginu var talsvert annað en það hefur verið eftir hrun og því gætu niðurstöðurnar orðið aðrar, væri sambærileg rannsókn framkvæmd nú. Eftir því sem næst verður komist, hefur ekki verið framkvæmd nýrri viðlíka heildræn rannsókn um viðhorf til innflytjenda. Í ljósi þess að töluverð umræða hefur verið á síðustu misserum um hversu marga flóttamenn frá stríðshrjáðum svæðum í Sýrlandi Ísland eigi að taka á móti, má telja líklegt að miðað við viðhorfsskönnun Evu Heiðu og Njarðar geti mikil andstaða myndast gegn þeim hugmyndum að fjölga mikið þeim sem boðið er vernd eða fengju stöðu flóttamanns og þar með dvalarleyfi á Íslandi af mannúðarástæðum.

Í greiningu Gunnars Smára Egilssonar, blaðamanns, sem britist í Fréttatímanum 18. maí 2015 um flóttamannavandann á Miðjarðarhafinu og skyldur Evrópubúa til að takast á við vandann, telur Gunnar að allt að 500 flóttamönnum ætti að veita hér hæli. Reiknað sé með að meira en 700 þúsund manns sækji um hæli í löndum Evrópusambandsins á þessu ári og að hans mati eru engar sýnilegar hindranir gagnvart því að íslensk stjórnvöld bregðist við vandanum og skipi sér í flokk með Svíþjóð og Sviss, þeim löndum sem best standi sig gagnvart flóttamönnum, enda væri það sómasamleg utanríkisstefna fyrir þjóð sem tekur upphaf sitt til flóttamanna (Gunnar Smári Egilsson, 2015).

13.3.2 Afstaða til trúarbygginga

Í þessum kafla er fjallað um niðurstöður könnunar MMR um afstöðu kjósenda til trúarbygginga. Markaðs- og miðlarannsóknir könnuðu í október 2014 afstöðu Íslendinga til trúarbygginga og að trúfélög fái að byggja trúarbyggingar. Niðurstöður könnunarinnar voru þær að meirihluti svarenda var hlynntur því að þjóðkirkjan fái að byggja trúarbyggingar á Íslandi, eða um 65% svarenda. Af þeim sem tóku afstöðu voru 64,4% fylgjandi því að Þjóðkirkjan fái að byggja og 9,5% voru því andvíg. Skiptar skoðanir voru á því hvort önnur trúfélög ættu að fá að byggja. 49,2% sögðust vera fylgjandi því að Ásatrúarfélagið fái að byggja, 36,5% voru fylgjandi því að Búddistafélagið fái að byggja, 31% voru fylgjandi því að Rússneska rétttrúnaðarkirkjan fái að byggja og 29,7% voru fylgjandi því að Félag múslima á Íslandi fái að byggja. Fæstir voru þannig fylgjandi því að heimila Félagi múslima að byggja mosku, en 42,4% voru andvíg því að Félag múslima fái að byggja mosku (MMR, 2014).

Þegar niðurstöður eru greindar eftir stjórnmálaskoðunum svarenda, kemur í ljós að skiptar skoðanir eru meðal fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk viðkomandi styður. Af þeim sem styða Framsóknarflokkinn voru 79,2% fylgjandi því að þjóðkirkjan fái að byggja kirkju og 67% stuðningsmanna Sjálfstæðisflokksins. Svo virðist vera sem kjósendur ríkisstjórnarflokkanna geri frekar greinarmun á þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum, en þeir sem styðja hina flokkana. Í þessum tveimur flokkum var einnig mest andstaða við að Félag múslima á Íslandi fái að reisa mosku, 15,3% framsóknarfólks var því fylgjandi, en 12,5% sjálfstæðismanna voru því fylgjandi. 70,8% þeirra sem studdu Samfylkinguna sögðust vera fylgjandi því að Þjóðkirkjan fái að byggja trúarbyggingar á Íslandi og 52,6% voru fylgjandi því að Félag múslima á Íslandi fái að byggja trúarbyggingar. Munurinn var minni á meðal stuðningsmanna annarra flokka. Hlutfall þeirra sem voru fylgjandi því að þjóðkirkjan fái að byggja kirkjur var hærra á meðal þeirra sem eldri eru, en á meðal þeirra sem yngri eru. Af þeim sem tóku afstöðu og tilheyrðu aldurshópnum 68 ára og eldri, sögðust 76,4% vera fylgjandi því að þjóðkirkjan fái að byggja, borið saman við 51,2% þeirra sem tilheyrðu yngsta aldurshópnum, 18-29 ára. Hlutfall þeirra sem voru fylgjandi því að Félag múslima á Íslandi fái að byggja mosku, var hærra á meðal þeirra sem yngri eru, en á meðal þeirra sem eldri eru. Af þeim sem tóku afstöðu og tilheyrðu yngsta aldurshópnum sögðust 36% vera fylgjandi því að Félag múslima á Íslandi fái að byggja, borið saman við 22,2% í elsta aldurshópnum, 68 ára og eldri (MMR, 2014).

13.3.3 Jarðvegur fyrir popúlískt framboð

Rannsókn Huldu Þórisdóttur, stjórnmálasálfræðings, frá árinu 2012, *The left-right dimension in the minds of Icelandic voters 1987-2009*, byggir á megindlegum gögnum úr Íslensku kosningarannsókninni sem gerð hefur verið frá árinu 1983. Könnuð var afstaða til nokkurra afgerandi þátta í íslenskum stjórnmálum; alþjóðamála, umhverfismála og jöfnuðar, sem og huglægt mat kjósenda hvar á vinstri-hægri skalanum þeir staðsetji sig. Meðal þeirra þátta sem voru skoðaðir, er afstaða til svokallaðrar verndarhyggju, þar sem afstaða til innflytjenda, sem og vaxtar og viðgangs höfuðborgarinnar er í mikilvægum sessi. Meðal niðurstaðna var að málefni í flokki efnahagslegs jöfnuðar voru mikilvægust kjósendum Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs (VG) og umhverfismál réðu mestu um afstöðu kjósenda VG og Bjartrar framtíðar. Í flokki alþjóðahyggju voru kjósendur Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar helst fylgjandi, en áhrifamesti þátturinn fyrir kjósendur Framsóknarflokksins var andstaða við málefni tengdri alþjóðahyggju. Kjósendur Framsóknarflokksins voru fylgjandi málefnum innan verndarhyggjunnar en andstaða við þann málefnaflokk var áberandi hjá stuðningsmönnum Samfylkingarinnar (Félagsvísindastofnun HÍ, e.d.; Mbl, 2014b).

Í viðtali við RÚV stuttu fyrir sveitarstjórnarkosningar 2014 segist Hulda telja að útspil á borð við yfirlýsingu oddvita Framsóknarflokksins, um að afturkalla eigi úthlutun lóðar fyrir mosku, sé þess eðlis að það gæti aflað flokksnum töluverðs fylgis, sérstaklega þeim kjósendum sem hafi áhyggjur af innflytjendamálum. Tilraunir Frjálslynda flokksins til að taka upp harða stefnu í innflytjendamálum í kosningabaráttunni 2007 hafi ekki gefist vel, flokkurinn hafi orðið „hálf eitruður“ og aðrir flokkar neitað að vinna með honum. Hulda bendir á að samkvæmt niðurstöðum nýlegra kannana telji allt að 20% kjósenda að innflytjendur séu alvarleg ógn við þjóðareinkenni Íslendinga. Hulda segir:

Það er augljóslega til hópur kjósenda sem hefur af þessu miklar áhyggjur og ekkert óeðlilegt að svona yfirlýsingar gætu hugsanlega, ef þetta er nógu stórt mál fyrir fólki, fylkt því að þeim flokki. Það hefur í rauninni verið ákveðinn ráðgáta í íslenskum stjórnmálum hvers vegna það hefur aldrei þrífist flokkur sem ber mál sem þessi á borð og jafnan vekur þetta furðu til dæmis erlendra stjórnmálafræðinga, að það sé enginn slíkur flokkur á Íslandi (Afstaða oddvita til mosku..., 2014, 24. maí).

Niðurstöðurnar sýna þannig að mögulegur jarðvegur er fyrir öfgahægriflokk í flóru íslenskra stjórnmálaflokka, þrátt fyrir að slíkt framboð hafi ekki enn komið fram með afgerandi hætti (Hulda Þórisdóttir, 2012; Hulda Þórisdóttir, 2014).

13.3.4 Greining á hatursorðræðu

Sumarið 2014 að loknum sveitarstjórnarkosningum stóð Mannréttindaráð Reykjavíkur að orðræðugreiningu á netmiðlum, hver helstu einkenni umræðunnar væru í ummælakerfum netfréttasíðna og hvort hægt væri að skilgreina hana sem hatursorðræðu. Höfundur skýrslunnar er Bjarney Friðriksdóttir, doktorsnemi í Evrópulöggjöf. Meðal efnisflokka sem skoðaðir voru, var bygging mosku í Reykjavík, hælisleitendur/flóttafólk og fólk af erlendum uppruna/innflytjendur. Skoðuð var sérstaklega umræðan sem skapaðist um byggingu mosku í tengslum við kosningarnar í lok maí og fram í júlí 2014. Niðurstaða greiningarinnar var að algengast væri að fordómafull ummæli hafi verið sett fram í garð múslima. Ummæli sem einkennast af kynþáttafordómum, þjóðernishyggju og ný-rasisma séu einnig algeng.

Niðurstaða greiningarinnar um innflytjendur var enn fremur að í umræðunni hafi verið að finna nokkur ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatursorðræða samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga, en óvíst sé hvort ákært yrði fyrir ummælin. Fjöldi ummæla hafi einkennst af þjóðernishyggju, kynþáttafordómum og ný-rasisma. Á milli 25-30% ummælanna hafi einkennst af:

...alhæfingum um hópa fólks af ákveðnu þjóðerni eða endurspegla neikvæð viðhorf gagnvart því að fólk af erlendum uppruna setjist að á Íslandi. Margir þátttakendur draga ályktanir um alla af ákveðnu þjóðerni byggt á sögum af einstaklingum og alhæfa út frá því. Neikvæð viðhorf sem birtast eru meðal annars ummæli um frekju í útlendingum, að lönd séu á niðurleið af því að þau leyfi innflytjendum að koma þangað og að það séu margvísleg vandamál sem séu bara einangruð við þessa hópa (Bjarney Friðriksdóttir, 2014, bls. 11).

Í greiningunni um flóttafólk og hælisleitendur var ekki að finna ummæli sem gætu flokkast sem hatursorðræða skv. hegningarlögum og meirihluti þeirra sem tekur þátt í umræðunni vill að sýnd sé mannúð við móttöku hælisleitenda, þeim sé veitt vernd og að lögum sé fylgt. Bjarney segir að margir hafi í umræðunni lýst sig mjög ósammála stefnu stjórnvalda og útlendingastofnunar og segjast skammast sín fyrir að vera Íslendingar vegna framkomu stjórnvalda. Á milli 10-20% ummælanna eru neikvæð í garð hælisleitenda og flóttafólks. Ummæli þeirra einkennast m.a. af þjóðernishyggju, kynþáttafordómum og ný-rasisma (Bjarney Friðriksdóttir, 2014, 14).

Bjarney segir að í greiningu á umræðum um byggingu mosku í Reykjavík hafi verið að finna nokkur ummæli sem hugsanlega gætu verið skilgreind sem hatursorðræða. Langflestir sem taki þátt í umræðunni séu þó fylgjandi byggingu moskunnar. Fyrir hver

ummæli sem einkennist af þjóðernishyggju, ný-rasima eða fordómum gagnvart múslimum, þar sem moskunni er mótmælt, eru þrír til fjórir sem svari með með rökum og lýsi sig fylgjandi bygginu mosku. Hluti af umræðunni sé um hvort viðhorf þeirra sem eru á móti því að múslimar búi á Íslandi og að hér verði byggð moska flokkist sem kynþáttafordómar. Fólk sem vill ekki múslima til Íslands mótmælir því að vera kallað rasistar, að það geti ekki talist til rasisma þar sem um trúarbrögð er að ræða. Bjarney segir að „algengustu tegundir ummæla þeirra sem eru á móti byggingu mosku á Íslandi séu eftirfarandi:“

- Ísland er kristið land og múslimar geti bara byggt moskur í sínum löndum.
- Ef við megum byggja kirkju í þeirra löndum þá mega þeir byggja mosku hér.
- Settur er fram hræðsluáróður um að múslimar séu að fara að yfirtaka Ísland og Evrópu.
- Að íslam feli í sér heimsyfirráðastefnu og múslimar ætli sér að taka yfir heiminn.
- Settar eru fram slóðir á myndbönd sem eiga að vera sönnun þess að múslimar séu hryðjuverkamenn.
- Mikið er talað um að við verðum að horfa til nágrannalandanna varðandi reynslu þeirra án þess að segja nákvæmlega hver sú reynsla er.
- Settar eru fram alhæfingar um múslima byggðar á ranghugmyndum og neikvæðum staðalímyndum.
- Algengar fullyrðingar eru að múslimar séu ofbeldisfullir og að íslam sé öfgatrú.
- Að allir múslimar séu nauðgarar.
- Að það sé öðruvísi kvenfyrirlitning í íslam og ef að moska verði leyfð fylgi því bara glæpir.
- Erfitt sé að verja trúarbrögð sem ala á barnaníð og ofbeldi.
- Að múslimar séu ógn við vestræn samfélög.
- Að íslam samræmist bara ekki vestrænni menningu.
- Múslimar drepi kristna og kveiki í kirkjum.
- Að fólk eigi að taka upp siði Íslands (Bjarney Friðriksdóttir, 2014, bls. 16-17).

Vegna greiningar á umræðu um moskumálið í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna var að mati Bjarneyjar að finna nokkur ummæli sem gætu verið skilgreind sem hatursorðræða skv. hegningarlögum. Í 20-25% tilfella var andstöðu lýst við byggingu moskunnar. Bjarney segir: „Helsta stefið í þeim ummælum er að það sé hættulegt að leyfa byggingu mosku af því að það muni leiða til þess að múslimum fjölgi óskaplega mikið og þeir taki yfir landið. Mikið af þessum ummælum lýsa miklum fordómum gagnvart múslimum, byggðum á ranghugmyndum, órökstuddum fullyrðingum og alhæfingum um múslima og íslam.“

Bjarney segir að umræðan um byggingu mosku í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga hafi verið mun grófari en áður og fjölmörg ummæli um að það eigi að reka múslima burt úr landinu eða ekki leyfa þeim að koma hingað. Í niðurstöðum greiningarinnar segir:

Helsta ástæða þessa munar er líklega sú að í tengslum við seinni umræðuna voru margir einstaklingar sem gegna, eða voru að sækjast eftir, opinberum valdastöðum í samfélaginu sem tjáðu sig með neikvæðum hætti um byggingu mosku í Reykjavík. Sú orðræða, ásamt þögn ýmissa valdamikilla aðila, kann að hafa verið túlkueð sem svo að það væri búið að gefa samfélagslegt samþykki fyrir því að setja slíkar skoðanir fram á opinberum vettvangi (Bjarney Friðriksdóttir, 2014, bls. 18-20).

Í umræðunni er fólk sakað um föðurlandssvik og þeir sem vilji að mannréttindi og stjórnarskrá séu virt séu kallaðir „rétttrúnaðarsinnar“ eða „skoðanalöggur.“ Í mörgum þessara ummæla birtist mjög einföld sýn á íslenskt samfélag líkt og allir Íslendingar séu með sameiginlegt gildismat og aðhyllist kristna trú og að það sé svo mikill menningarmunur á milli Íslendinga og múslima að það megi ekki leyfa múslimum að búa hér. Í tengslum við umræðuna voru settar fram líflátshótanir gagnvart einum forsvarsmanna Félags múslima á Íslandi. Í fréttum af því máli voru einnig settar fram persónulegar hótanir gagnvart honum og árásir gerðar á persónu hans (Bjarney Friðriksdóttir, 2014, bls. 18-20).

13.4 Átök menningarheima

Kenning Samuel P. Huntington um „átök menningarheima“ *The Clash of Civilizations*, sem hann lagði fyrst fram í samnefndri tímaritsgrein árið 1993 og seinna í bók (Huntington, 1993 og 2003[1996]), er grundvallarhugmynd í umræðunni um íslamófóbíu og menningarlegan rasisma. Huntington skipti heiminum í átta menningarheima og hélt því fram að helsta uppspretta átaka í heiminum eftir lok Kalda stríðsins yrði togstreita á milli þessara menningarheima. Í greiningu Huntington fer mest fyrir tveimur menningarheimum sérstaklega; Vesturlöndum annars vegar, þar kristin trú er ríkjandi, og Mið-Austurlöndum hinsvegar, þar sem íslam er ríkjandi. Þessir „ólíku“ heimar eiga að standa í miklum óumflýjanlegum átökum sín á milli. Eftir hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001 var þessi kenning Huntington sérstaklega dregin fram vegna þess að spádómar hans virtust vera að rætast. Vesturlönd fóru af stað með alþjóðlegt stríð gegn hryðjuverkum. Fólk sem haldið er íslamófóbíu og/eða eru menningarlegir rasistar, á það flest sameiginlegt að réttlæta fordóma sína með því að benda á kenningu Huntington um átök menningarheima (Mudde, 2007, bls. 84-86). Umfjöllun alþjóðafjölmiðla hefur einnig ýtt undir fordómana og haldið kenningu Huntington á lofti, og þar með veitt hugmyndum um menningarlegan rasisma ákveðið brautargengi og styrkt stoðir þeirra. Vesturlönd eru sögð vera í átökum við Mið-Austurlönd, þar sem menning, hefðir og trúarbrögð þessara tveggja heima þykja ósamrýmanleg. Á sama

tíma á mikil víxlverkun sér stað á milli heimanna tveggja, m.a. með fólksflutningum og í gegnum innflytjendamál. Sumir þeirra sem aðhyllast íslamófóbíu ganga svo langt að segja að íslam séu í eðli sínu illgjörn trúarbrögð, og séu mesta hættan sem stafar að Vesturlöndum eftir fall Sovétríkjanna og hrun kommúnismans. Þetta er algengur málflutningur í öðrum Evrópuríkjum (Betz, 2008; Mudde, 2007).

Cas Mudde (2007, bls. 84) bendir á, að alveg eins og nasistar og fylgismenn andsemítisku hreyfingarinnar á millistríðsárunum litu á *Protocols of the Elders of Zion* og *Mein Kampf* sem sín helgirit – og uppsprettur fyrir þau viðhorf sem þeir höfðu til heimsins og fyrir þær kenningar sem þeir notuðu til að réttlæta slíka fordóma – þá líta fylgismenn íslamófóbíu nú á dögum á *Clash of Civilizations* eftir Huntington sem sitt helgirit.³²

Menningarlegur rasismi er þó ekki einskorðaður við múslima og íslam. Pólariserandi umræða um múslima og íslam er einfaldlega mest áberandi í Vestur-Evrópu. Huntington hefur t.d. sjálfur lýst skoðunum sem greina má sem menningarlegan rasisma í garð spænskættaðra innflytjenda í Bandaríkjunum (e. *hispanics*), en þeir eru stærsti minnihlutahópurinn þar í landi. Í grein sem birtist í *Foreign Policy* árið 2009, skilgreinir hann aðalatriðin sem felast í amerískri menningu, og segir þau vera mótmælendatrú og siði sem rekja má aftur til landnemanna; ensk tunga, trúrækni, einstaklingsfrelsi, einstaklingshyggja og ákveðið vinnusiðferði. Þá gefur hann það í skyn að spænskættaðir innflytjendur geti ekki og vilji ekki aðlagast þessum ríkjandi menningareinkennum Bandaríkjanna (Huntington, 2009).³³ Huntington, helsti kenningarsmiðurinn um meint átök menningarheima, virðist þess vegna verða uppvís, með þessum skrifum sínum, að menningarlegum rasisma. Hans-Georg Betz (2008, bls. 107) gefur það í skyn í greiningu sinni á hugmyndum Huntingon að hann sé menningarlegur rasisti og amerískur nativist.

13.4.1 Manngerðir menningarheimar

Kenning Huntington um átök menningarheima hefur verið sérstakleg gagnrýnd af þeim sem aðhyllast kenningar um póstkólóníalisma (e. *post-colonialism*) og félagsmótun. Sú gagnrýni

³² Mudde segir upphaflega: „In this world view [Islamophobia], where Samuel Huntington's *The Clash of Civilizations* (1993) functions as a modern *Protocols*, the West is at war with an imperialist Muslim World. [...] Almost all Islamophobes refer to *The Clash of Civilizations* to legitimize their views“ (2007, bls. 84).

³³ Fyrsta efnisgrein (inngangur) greinarinnar segir: „The persistent inflow of Hispanic immigrants threatens to divide the United States into two peoples, two cultures, and two languages. Unlike past immigrant groups, Mexicans and other Latinos have not assimilated into mainstream U.S. culture, forming instead their own political and linguistic enclaves - from Los Angeles to Miami - and rejecting the Anglo-Protestant values that built the American dream. The United States ignores this challenge at its peril.“ (Huntington, 2009).

felst m.a. í því að kenningin geri ekki ráð fyrir þeim margþættu aðstæðum innan menningarheimanna tveggja sem hann stillir upp sem andstæðum. Heimsmynd Huntington er að þessu leyti svarthvít, en þegar betur er að gáð eru báðir heimarnir margtóna og saga og menning Mið-Austurlanda fjölbreytt og margslungin. Mið-Austurlönd eru ekki einsleitur menningarheimur, þar eru líka innri átök, m.a. á milli súnníta og sjíta, sem og fjöldamargar svæðisbundnar deilur, oft blóðug átök. Jafnframt hlýtur það að vera mikilvægt að skilja breytingarnar sem eru að verða í heiminum vegna hnattvæðingar. Áhrif landamæra hafa víða farið minnkandi. Asma Afsaruddin telur að nútímahugmyndir um íslamskt ríki séu mjög á reiki og ekki í samræmi við eldri hugmyndir um samspil stjórnmála og samfélags. Þær séu því ekki í anda eldri kenninga og afmarkaðar við hagsmuni ráðandi hópa sem séu hvað mest áberandi í nútímanum (Afsaruddin, 2011, bls. 4). Afsaruddin telur að Múslimar samtímans upplifi sig oft svikna af eigin stjórnvöldum og jaðarsetta í síkvikum og sífellt hnattvæddari heimi, þátttakendur í breytingum sem þeir hafi enga stjórn á. Múslimar séu þess vegna sérstaklega móttækilegir fyrir málflutningi pólitísku íslamisma (Afsaruddin, 2011, bls. 150).

Árið 2003 ritaði Edward W. Said, einn af frumkvöðlum póstkólóníalisma, formála að bók sinni *Orientalism*, þar sem einskonar andstæða kenningar Huntington er lögð fram. Formálinn er ritaður stuttu eftir að Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra réðust inn í Írak sama ár. Í *Orientalism* fjallar Said um aðstæðurnar í Mið-Austurlöndum, sem hafi allt frá uppvaxtarárum hans, verið brotakenndar í grundvallaratriðum og þannig langt í frá einsleitar, hvorki hvað varðar trúmál, menningu, né félagslega og pólitíska uppbyggingu samfélaga. Staðan hafi þó vissulega orðið pólitískari eftir stríðið árið 1967 á milli araba og Ísraels, sem hafi síðan orðið ein helsta birtingarmynd ástandsins fyrir botni Miðjarðarhafs, en alls ekki lýsandi fyrir þau djúpu menningarlegu átök sem einkenna svæðið. Átök sem eru kunn þeim sem til þekkja og vilja skilja sögu heimshlutans. Said segir að Mið-Austurlönd annars vegar, og Vesturlönd hinsvegar, séu vissulega mannasetningar og félagsmótaðar (e. *socially constructed*),³⁴ en ekki fastmótuð fyrirbæri. Inntak hugtakanna geti því breyst með tíðaranda hverju sinni og eftir því hvaða öfl séu ráðandi – hvaða hagsmunir felist í því að aðgreina „hina“ (e. *the other*) frá „okkur“ eða einfaldlega staðfesta að í heiminum séu einhverjir „hinir“ – hverjum sem það kann að gagnast. Hugmyndin um „okkur“ og „hina“ er einnig ríkjandi í íslamófóbíu og menningarlegum rasisma. Þar er lögð höfuðáhersla á að aðgreina framandi og utanaðkomandi hópa frá þeim sem geta talist til heimamanna hverju sinni. Þetta er einnig

³⁴ Sjá kafla 2.

áberandi stef í þjóðernispopúlisma, líkt og fjallað var um í kafla 3.4. Þjóðernispopúlistar beita slíkri menningarlegri útilokun í sínum málflutningi (Mudde, 2007, bls. 63-64).

Said segir að í ljósi heimsatburða síðustu ára sé augljósara en áður, að auðvelt sé að efla þessa manngerðu menningarheima og kynda undir ástríðu þeirra sem „tilheyra“ hverjum heimi fyrir sig. Mótunin fari ekki síst fram með því að kynda undir ótta, hatur og ógeð á öðrum, en einnig með því að ýta undir sjálfshól og hroka. Niðurstaðan verði sú að íslam og arabar verði „hinumegin“ og Vesturlandabúar „hérna megin“ (Said, 2003, bls. xi-xiii). Said segir að bókabúðir í Bandaríkjunum séu fullar af vafasömum bókum um íslam og hryðjuverk, hættuna og ógnina sem stafi af aröbum og múslimum. Bregðast verði við með hernaðarmætti. Þessi „þungi hjartsláttur,“ sem ásamt fjölmiðlafárinu sem sannkristnir útvarpsmenn á hægri væng stjórnmálanna stýri, breytist í „alhæfingarkór“ um hinn „útlenska djöful“ í Mið-Austurlöndum sem Bandaríkin verði að ráðast gegn. Ekkert af þessu hefði gerst, engin leit hefði staðið yfir af gereyðingarvopnum og ekkert stríð væri nú háð í nafni frelsis, hefði Írak verið heimsins stærsti útflytjandi af bönunum og appelsínum (Said, 2003, bls. xv).

Said segir að hann hafi óskað þess að almennur skilningur Bandaríkjamanna á Mið-Austurlöndum, aröbum og íslam, hefði aukist á síðustu áratugum, en því miður hafi komið á daginn að skilningurinn hafi ekki batnað. Ein helsta birtingarmynd sigurþorstans og ranghugmyndanna um yfirburði Bandaríkjamanna sé meðferð þeirra og vanvirðing á menningarverðmætum í Írak, m.a. hvernig þeir töldu sig umkomna að horfa upp á eyðileggingu bókasafna og annarra sögulegra minja. Said segir að: „þetta fari saman við hugmyndir sumra stjórnmálaleiðtoga í Bandaríkjunum um að hægt sé að þurrka út söguna, breyta landamærum í Mið-Austurlöndum og skipta upp þjóðum og þjóðarbrotum, líkt og að hrista hnetur í krukku“ (Said, 2003, xiii). Staðan í Evrópu [árið 2003] sé töluvert betri. Þessi fullyrðing Said er athyglisverð í ljósi nýlegra væringa í Evrópu. Þess vegna er ekki úr vegi að spyrja hvort hið hatursfulla ástand í garð múslima og Mið-Austurlanda, pólariseringin sem hefur orðið í Bandaríkjunum frá aldamótum, hafi smitast yfir til Evrópu, 10 til 15 árum síðar? Ljóst er að Evrópu stafar ógn af uppgangi öfgaafra og glæpasamtaka, sem vilja sporna við meintri íslamavæðingu álfunnar, hryðjuverkasmökum og útsendurum þeirra, og einstaka glæpamönnum. Menningarheimarnir sem þar rekast á eru þó ekki eðlislægir í óumflýjanlegum átökum líkt og kenning Huntington gengur út á, heldur eru þeir manngerðir.

13.5 Söguskoðun, valdhafar og fræðasamfélag

Í þessum kafla er fjallað um viðhorf fræðasamfélagsins til söguskoðunar valdhafa á Íslandi. Sagnfræðingar hafa árum saman ítrekað reynt að leiðrétta þær hugmyndir sem valdhafar halda á lofti í hátíðarræðum, en án árangurs. Í málstofu á Hugvísindapingi Háskóla Íslands 2014, sem bar yfirskriftina *Söguskoðun, valdhafar og fræðasamfélag*, var fjallað um samskipti fræðasamfélagsins og valdhafanna hverju sinni – og hina meintu sjálfsmynd þjóðarinnar.

Í erindi Helga Þorlákssonar, sagnfræðiþrófessors, sem bar yfirskriftina *Sagan í frysti: Um samstöðu, mikilmenni og frelsi*, fjallaði Helgi um alþjóðahyggju, sem hafi verið áberandi fyrir árið 1800. Á 19. öld hafi þetta hinsvegar snúist við, erlend áhrif hafi talist óæskileg, alþjóðahyggja hvímeið og sundrung hættuleg. Fólkið skyldi sameinast um eina ákveðna skoðun. Meginskoðunin meðal margra ófrjálsra þjóða á seinni hluta 19. aldar hafi víða verið sú að gullöld hafi ríkt á tilteknum tíma í sögu þjóðarinnar, sem hafi verið sjálfstæð. Brýnt væri að endurheimta sjálfstæðið til þess að fá notið nýrrar gullaldar. Þeirrar viðleitni hafi gætt meðal sagnfræðinga um áratugaskeið að endurskoða þyrfti þessa söguskoðun, skýra hvernig hún varð til og af hverju hún sé hæpin. Að mati Helga var gullöldin fundin upp til þess að skapa sameiginleg viðmið fyrir sjálfstæðisbaráttuna. Ennþá sé vitnað í hana til þess að vísa til meintrar samstöðu þjóðarinnar. Kennslubækur í sögu hafi um áratugaskeið jafnframt tekið mið af slíkri grunnhugmynd, m.a. sögubækur Jónasar Jónassonar frá Hriflu og Jóns Jónssonar Aðils. Óljóst sé í þágu hverra þessi söguskoðun sé. Ljóst sé hinsvegar að valdhafar hafi nýtt sér hana við ýmis tækifæri. Úr hafi orðið svokallaðar þjóðminningar, sem geti verið svo greiptar í huga landsmanna að þeir trúu því sjálfir og efist ekki um að um sannleik sé að ræða. Þetta megu t.d. sjá þegar dagskrár og hátíðarræður á þjóðmenningarhátíðum og þjóðhátíðum langt aftur í tímann eru skoðaðar; herra sé minnst, hverjir ákveði dagskrárnar, velji dagskráratriðin og semji hátíðarræðurnar – en ekki síst hverju sé sleppt á slíkum hátíðarstundum. Valdhafar veiti fjármagni í viðburðina og eignu sér þá. Ávallt sé mikilvægt að sagnfræðingar reyni að vera demparar á sækni valdhafa í að eigna sér sögulega viðburði og markverðar hátíðir. Hingað til hafi gagnrýni sagnfræðinga litlu skilað og rannsaka þurfi hvers vegna (Helgi Þorláksson, 2014).

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, flutti erindi sem bar yfirskriftina *Þjóðrembur í valdastólum og trítílóðir spekingar: Hvers vegna er gjá milli söguskoðunar valdhafa og fræðasamfélagsins?* Guðni fjallaði um nýlega gagnrýni ýmissa innan háskólasamfélagsins á

söguskoðun forseta Íslands og forsætisráðherra, sem birst hafi undanfarið í ræðum og ávörpum þeirra til þjóðarinnar. Forseti hafi sjaldnast svarað aðfinnslum fræðimanna, en forsætisráðherra tekið þær óstinnt upp. Guðni sagðist velta því fyrir sér hvað framkallaði slíka gjá milli valdhafa og fræðimanna. Í erindinu bar hann saman orðræðu forseta og forsætisráðherra, en þar kemur skýrt fram hvaðan þeir sækja efnivið – í hugmyndina um gullöldina. Einnig mætti spyrja hvort þjóðarleiðtogarnir hafi ekki farið offari í slíkum málflutningi og úrelt söguskoðunin, sem þjóni eiginhagsmunum þeirra í samtímastjórnámálum, sé byggð á misskilningi og ýkjum um sameiginlega sögu Íslendinga í aldanna rás. Guðni tók dæmi um þá söguskoðun og samstöðumýtu sem leiðtogar þjóðarinnar viðhalda markvisst í ræðu og riti, sem og í ávörpum til þjóðarinnar (Guðni Th. Jóhannesson, 2014). Í hátíðarræðu sinni á Austurvelli 17. júní 2013, sagði forsætisráðherra meðal annars:

Það var sjálfstraust íslensku þjóðarinnar sem skóp velferð hennar. Jón Sigurðsson, Fjölnismenn og aðrir forvígismenn sjálfstæðisbaráttunnar vísuðu til sögunnar til að sýna Íslendingum að þeir ættu að vera stoltir, þeir hefðu ástæðu til að trúa á sjálfa sig. Þeir vissu að forsenda þess að ná árangri væri að trúa því að það væri hægt. Síðan þá hafa Íslendingar náð langt með því að trúa á sjálfa sig. Framfarasaga Íslands mun halda áfram ef við missum ekki trúna á okkur sjálf. ...Að undanfögnu hefur þó jafnvel orðið vart viðkvæmni fyrir því að talað sé um að hlúa að íslenskri þjóðmenningu. Þótt slík viðhorf séu ekki einkennandi fyrir Íslendinga hlýtur að vera áhyggjuefni að jafnvel svo verðmætur og mikilvægur hlutur sem sameiginleg saga og menning þjóðarinnar skuli hafður að skotspæni (Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 2013).

Í nýársávarpi 1. janúar 2014 var forseta Íslands tíðrætt um mátt samstöðunnar sem þjóðinni væri nauðsynlegt að tileinka sér og viðhalda. Samstaðan hafi skipt máli á ögurstundum. Þessi staðhæfing forseta var gagnrýnd af fræðimönnum, m.a. af Guðmundi Hálfðánarsyni, prófessor í sagnfræði, sem sagði „að samstaða þjóðarinnar væri goðsögn“ (Guðmundur Hálfðánarson, 2014). Í ávarpi á nýársdag sagði forseti Íslands meðal annars:

Í glímunni við afleiðingar bankahrunsins varð ágreiningurinn iðulega svo margþættur, illskettur og langvarandi, að lærdómar sögunnar um samstöðuna hurfu að mestu í skuggann. ...Þjóð sem gleymir sér í hringið gagnrýni og ágreinings, glatar sínu sögulega minni um mátt samstöðunnar, er komin á hættulegar villigötur; þarf að rifja upp hvernig helstu burðarásar sjálfstæðis hennar, efnahagslífs og velferðar voru hertir í smiðju samstöðunnar. Stjórnarskráin, heimastjórn, fullveldi og lýðveldisstofnun – allir byggðust þessir hornsteinar á samstöðu þjóðarinnar; sigrarnir unnust þegar hún réði för. Sundruð sveit náði aldrei neinum áföngum að sjálfstæði (Ólafur Ragnar Grímsson, 2014).

13.6 Yfirlýsing frá þingflokki Framsóknarflokksins (2011)



Yfirlýsing frá þingflokki framsóknarmanna: Villandi og meiðandi umfjöllun

Þingflokkur Framsóknarmanna fordæmir villandi og meiðandi umfjöllun um Framsóknarflokkinn sem birt var á bls. 46 í Fréttatímanum helgina 4.-6. nóvember undir yfyrskriftinni „heimurinn“, og er skrifuð af Eiríki Bergmann Einarssyni dósent við Háskólann á Bifröst og fyrrverandi varaþingmanni Samfylkingarinnar. Eiríkur fjallar þar í nokkrum greinum um ýmsar þjóðernisöfgahreyfingar í Evrópu og blandar Framsóknarflokki við þá umræðu með afar undarlegum hætti. Tilfni tengingarinnar við Framsóknarflokkinn er að á flokksþingi framsóknarmanna fyrr á þessu ári hafi íslenski fáninn og fánalitirnir verið áberandi og sýnd hafi verið íslensk glíma. Loks er því haldið fram að merki flokksþingsins (sem Eiríkur virðist telja að sé merki flokksins) hafi fasiska skirskotun. Framsóknarmenn geta ekki setið undir ósönnnum aðdróttunum um þjóðernisöfgar og útlendingahatur, aðdróttunum sem settar eru fram í pólitískum tilgangi og á fráleitum forsendum. Ekkert í stefnu flokksins réttlætir slíka umfjöllun, þvert á móti, enda vikur Eiríkur ekki einu orði að stefnu flokksins í skrifum sínum. Þingflokkurinn telur mjög alvarlegt að fulltrúi háskólastofnunar leyfi sér að koma fram á þennan hátt.

1. Í greininni „Þjóðleg gildi og andstaða við innflytjendur“ er gefið sterklega í skyn að Framsóknarflokkurinn tengist hatursfullri öfgaþjóðernishyggju og andúð á innflytjendum sem fjallað er um í sömu grein. Gengið er svo langt að tengja Framsóknarflokkinn við fasisma beinum orðum. Þessar ósönnu aðdróttanir eru greinarhöfundur, Fréttatímanum og Háskólanum á Bifröst til minnkunnar. Óásættanlegt er að dósent við Háskólann á Bifröst skrifði á þennan hátt í nafni skólans um pólitíska andstæðinga sína. Ljóst er af umfjölluninni að ekki er unnt að líta á Eirík Bergmann Einarsson sem óháðan álitsgjafa um stjórnmálaleg álitaeefni.
2. Framsetning umfjöllunarinnar og mynda sem henni fylgja er mjög villandi og í raun með hreinum ólíkindum. Framsetningin verður ekki skilin á annan hátt en að henni sé ætlað að skapa bein hugrenningatensl hjá lesendum milli formanns Framsóknarflokksins annars vegar og öfgasamtaka og hryðjuverkamanna hins vegar. Slíkt er þekkt og ófyrirleitið áróðursbragð.
3. Uppsetning greinarinnar „Þjóðleg gildi og andstaða við innflytjendur“ er mjög villandi. Við fyrstu sýn virðist vera um að ræða grein eftir formann Framsóknarflokksins. Engan veginn er augljóst fyrir lesendur að Eiríkur Bergmann sé höfundur greinarinnar. Kannanir sýna að stór hluti lesenda dagblaða lítur aðeins á fyrirsagnir og myndir. Því er þessi framsetning mjög skaðleg og til þess fallin að villa um fyrir lesendum hvað varðar stefnu og málflutning Framsóknarflokksins.
4. Skrif Eiríks Bergmann um Framsóknarflokkinn í umfjölluninni gefa því miður til kynna að hann hafi litla sem enga þekkingu á stefnu Framsóknarflokksins, hvorki grunnstefnu hans né ályktunum flokksþinga. Hvergi ber Eiríkur stefnu Framsóknarflokksins saman við stefnu þeirra erlendu öfgaflokka eða innlendu öfgasamtaka sem hann fjallar um. Slíkur samanburður hlýtur að teljast hluti af eðlilegum vinnubrögðum fræðimanns í umfjöllun um fræðasvið sitt og hefði strax leitt í ljós að ekkert í stefnu Framsóknarflokksins á nokkuð skylt við þjóðernisöfgar eða stefnu öfgaflokka. Í staðinn kys Eiríkur að leggja til grundvallar skrifum sínum ályktanir dregnar af skemmtiatriði á flokksþingi og notkun íslenska fánans, m.a. í flokksþingsmerki. Ætla mátti að fræðimaður á hans sviði þekkti áratuga löng tengsl Framsóknarflokksins við Ungmennafélag Íslands, en glíma og þjóðfáninn skipa mikilvægan sess í sögu og athöfnum UMFÍ. Stjórnmálafræðingur ætti einnig að vera kunnugur þeirri löngu hefð í starfi íslenskra stjórnmálaflokka og félagasamtaka að nota fánaliti í merkjum sínum og á fundum. Má þar t.d.



benda á Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðuflokkinn. Að telja það merki um öfgafulla þjóðernishyggju er nýstárleg stjórnmálafræðikenning. Sú staðhæfing Eiríks að merki flokksþingsins vísi í „klassísk fasísk minni“ er óskiljanleg því að rísandi sól (sem merkið sýnir) er einmitt þvert á móti klassískt andfasískt tákni um framsækni og bjartar vonir. Slík merki eiga sér áratuga langa hefð á Íslandi, m.a. hjá ungmennafélögum, verkafélögum og vinstriflokkum.

Þingflokkur framsóknarmanna fordæmir þessa villandi og meiðandi umfjöllun og framsetningu. Allar aðdróttanir um öfgafulla þjóðernishyggju og andúð á innflytjendum í Framsóknarflokki eru ósannar og eiga sér enga stoð í stefnu og málflutningi flokksins heldur þjóna pólitískum markmiðum viðkomandi. Þingflokkur framsóknarmanna leggur til að Fréttatíminn og Háskólinn á Bifröst geri upp við sig til framtíðar hvað þau telja samboðið virðingu sinni að birta opinberlega í sínu nafni. Ósannar ásakanir og villandi framsetning, að því er virðist í pólitískum tilgangi, rýra verulega trúverðuleika beggja aðila.

Þingflokkur framsóknarmanna vekur athygli á Grundvallarstefnuskrá Framsóknarflokksins sem byggir á frjálslyndi, samvinnu, jöfnuði og virðingu fyrir mannréttindum.

Gunnar Bragi Sveinsson formaður þingflokks Framsóknarmanna
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknarflokksins
Birkir Jón Jónsson varaformaður Framsóknarflokksins
Eygló Harðardóttir ritari Framsóknarflokksins
Ásmundur Einar Daðason alþingismaður
Höskuldur Þórhallsson alþingismaður
Sigurður Ingi Jóhannsson alþingismaður
Siv Friðleifsdóttir alþingismaður
Vigdís Hauksdóttir alþingismaður



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY